

HELGA KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR

Gerir það sem hún vill á sunnudögum

nám bílar ferðir

allt í MIÐJU BLAÐSINS



HUGRÚN DÖGG ÁRNADÓTTIR

Rjóminn af því besta

Kron Kron stækkar um tugi fermetra

FÓLK 38



NÝTT

Fitty

NY ORKULIND

SAMLOKU BRAUÐ

Smakkaðu Fitty í dag - heilsunnar vegna - komið í verslanir

FRÉTTABLAÐIÐ

8. febrúar 2006 — 38. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Uppáhaldsbókstafurinn

„Meðan listabókstafir hafa ekki fengið líf og lit, andlit og innihald er of snemma að ganga út frá því að einhver fylkingin sé með unnið tafl,“ segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 20



Grasrótin í fyrirrúmi

Tónlist.is hefur stofnað nýtt útgáfufélag, Cod music, sem mun einbeita sér að grasróttinni í íslenski tónlist.

FÓLK 38

Toppurinn á tilverunni

Guðbergur Guðbergsson komst í nýjar hæðir þegar hann flaug herpotu í Bandaríkjunum




TILVERAN 14

Geir í stað Viggós?

Viggó Sigurðsson er ekki í forgangi hjá HSÍ þegar kemur að viðræðum um starf landsliðspjálfa. Heimildir Fréttablaðsins herma að HSÍ vilji fá Geir Sveinsson í starf landsliðspjálfa í stað Viggós.

ÍPRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐAST BJARTVIÐRI í dag verður norðan strekkingur með austurströndinni, annars hæg breytileg átt. Viðast bjartviðri en þó stöku él við norðausturströndina. Frost 4-15 stig, mildast með suðurströndinni.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...

FYLGIÐ MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Bilanaust kaupir Esso

KB hekkahli

Þessingvæðing í miðjum

Þessingvæðing í miðjum

Þessingvæðing í miðjum

Þessingvæðing í miðjum

Landlæknir vill afnema þagnarskyldu í sakamálum

Sigurður Guðmundsson landlæknir vill að lagasetning frá Alþingi leysi heilbrigðisstarfsfólk undan þagnarskyldu ef til þess leitar fólk sem telst sekt um glæpi. Fórna eigi minni hagsmunum fyrir meiri.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknir, Sigurður Guðmundsson, segir það sína skoðun að starfsfólk heilbrigðisstofnana eigi að víkja frá ríkjandi þagnarskyldu ef til þess leitar fólk um aðstoð sem gleypst hefur fíkniefni. Með því væri mögulega hægt að fá upplýsingar um hver standi á bak við smyglið, ef svo ber undir, og hvort burðardýrið sé líklegt til að endurtaka leikinn.

Landlæknir segir þagnarskyldu lækna við skjólstæðinga mjög mikilvæga. Hins vegar séu uppi tilvik þar sem læknar hafi heimild og sé jafnvel skylt að víkja frá þagnarskyldunni þegar um sé að ræða barnaverndarmál, farsóttir

eða þegar um sé að ræða að fórna minni hagsmunum fyrir meiri vegna refsiverðs athæfis. Síðastnefnda tilvikið byggir á opinni grein í hegningarlögum.

„Þetta er ef til vill lagaheimildin fyrir því að læknir myndi láta það uppi ef einhver sem leitaði til hans ætlaði sér að fremja morð eða annan ógnvænlegan verknað. Annað dæmi er ef kæmi drukkinn einstaklingur inn á slysadeild, fengi aðstoð, tæki síðan upp bíllykla og hygðist aka á brott.

Ég býst við að flest okkar myndu stoppa manninn og segja honum að ef hann gerði þetta myndum við hringja á lögregluna. Hvað er

þá með önnur dæmi, til að mynda ef einstaklingur kemur með einhverv óþægindi til læknis. Hann er greindur sem fullur af pokum með fíkniefnum. Það er talið duga að gefa honum eitthvað losandi og veita honum ráðleggingar um framhaldið. Á þessi einstaklingur að ganga óáreittur út með fíkniefnin? Eða eigum við að láta vita að þarna sé maður að fremja glæp, sem snýr ekki bara að honum sjálfum heldur líka að mögulega mjög stórum hópi með mjög mikilli ógn fyrir samfélagið, bæði heilsufarslegri og félagslegri ógn. Mín skoðun er sú að þarna eigum við að láta vita.“

Landlæknir bendir enn fremur á að vissulega séu skiptar skoðanir meðal lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna um hvort víkja eigi frá þagnarskyldu í tilvikum sem ofangreindum. Þær beri að virða.

„En ég tel að mörgum heilbrigðisstarfsmönnum myndi líða betur ef tekinn yrði af allur vafi með lagasetningu Alþingis,“ segir landlæknir.

„Umræðan um þetta sem komin er í gang þarf að vera á breiðum grundvelli. Það þarf að skilgreina hversu alvarlegur mögulegur eða unninn glæpur þarf að vera til þess að víkja eigi frá þagnarskyldunni.“

- jss



ÍÐNADARMÁÐUR Í SKÝJUNUM Jón Árnason hjá ÞG verktökum var í skýjunum þegar ljósmyndari hitti á hann í vinnunni í gær. Ekki segir þó af hugarástandi Jóns heldur var hann að vinna á fjórtándu hæð nýbyggingar við Hörðukór 1 á Vatnsenda í Kópavogi. Sú bygging mun verða 16 hæða og gnæfa 160 metra yfir sjávarmáli þegar fullkláruð verður í júní í sumar. Þá geta íbúar á efstu hæðum við Hörðukór 1 unað sér við útsýnið og horft niður á hvern koll sem fyrirfinnst á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flutningskostnaður raforku vegna álvers á Norðurlandi lægstur á Húsavík:

Staða Húsvíkinga styrkist

STÓRIÐJA Flutningskostnaður raforku vegna álvers á Bakka við Húsavík yrði 540 milljónir króna á ári en 900 milljónir króna ef álverið rís á Dysnesi í Eyjafirði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Munurinn er 360 milljónir króna, Húsvíkingum í hag, og mun að líkindum hafa afgerandi áhrif varðandi staðarval ef Alcoa ákveður að reisa álver á Norðurlandi.

Flutningskostnaður vegna sambærilegs álvers á Brimnesi í Skagafirði yrði mun meiri eða 1.520 milljónir króna á ári.



ORKUFLUTNINGUR Hagkvæmara er að flytja rafmagn að álveri við Húsavík en til annarra staða á Norðurlandi.

Óformlegar viðræður um raforkuverð hafa farið fram á milli

Alcoa annars vegar og Landsvirkjunar og Þeistareykja hins vegar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa orkuseljendur kynnt Alcoa þröngt verðbil og samkvæmt sömu heimildum segjast stjórnendur Alcoa ekki geta greitt meira en 20 til 21 mills fyrir raforku og orkuflutnings.

Formlegar orkuviðræður verða hins vegar ekki teknar upp á milli samningsaðila fyrr en Alcoa hefur tekið ákvörðun um staðarval en sú ákvörðun verður kynnt í þessum mánuði.

- kk

Ný lánshæfiseinkunn KB:

Heildsölubanki er óþarfur

VIÐSKIPTI Engin þörf er fyrir Íbúðalánasjóð sem heildsölubanka, að mati Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra KB banka.

Bankinn tilkynnti í gær um útgáfu skuldabréfaflokks til að mæta íbúðalánum sínum. Flokkurinn er með sömu lánshæfiseinkunn og skuldabréf íslenska ríkisins.

Þetta er í fyrsta sinn sem slík einkunn fæst án ríkisábyrgðar hjá íslensku einkafyrirtæki.

Hreiðar Már segir það tímaskekkju að Íbúðalánasjóður starfi í samkeppni við bankana í starfsemi sem bankarnir hafi þegar sýnt að þeir geti sinnt með sambærilegum hætti.

-hh sjá nánar í Markaðnum



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

Veldu það besta

Pitt val skiptir máli

Íslenskir framleiðendur

SI Samtak ehf. ehf.



SPURNING DAGSINS

Oddur Helgi, er fylgi L-listans mælt í ellimörkum?

Nei, það er svo mikið að það er mælt í extra large.

Oddur Helgi Halldórsson mun leiða L-listann en tilkynnt var í fyrradag að sá listi myndi bjóða fram á ný á Akureyri í sveitarstjórnarkosningunum .

Ehud Olmert í viðtali:

Fleiri landtöku-byggðir rýmdar

ÍSRAEL, AP Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að Ísraelar myndu sleppa tökunum á landi á Vesturbakkanum sem er aðskilið annarri samhangandi byggð gyðinga en halda fast í rótgrónustu landtökubýggðirnar.

Í fyrsta sjónvarpsviðtalinu frá því hann tók við embætti sagði Olmert að ef Kadima-flokkur hans sigraði í kosningunum í mars myndi Ísrael halda yfirráðum yfir Jerúsalem og þremur helstu landtökubýggðunum á Vesturbakkanum, ásamt hinum hernaðarlega mikilvæga Jórdandal. ■

Fréttablaðið:

Bilun í prentsmiðju

Vegna bilunar í Ísafoldarprentsmiðju var Fréttablaðið í dag prentað í prentsmiðju Morgunblaðsins. Dreifingu blaðsins í einstaka hverfum kann að seinka vegna þessa. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jóninu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

–ritstj.

Bandaríski ævintýramaðurinn Steve Fossett gerir nýja hnattflugstilraun:

Flugtaki frestað á Flórída

HNATTFLUG Leki sem greindist í eldsneytiskerfi tilraunaflugvélar bandaríska ævintýramannsins Steve Fossett olli því að fresta þurfti flugtaki í nýrri metflugstilraun á Flórída í gær. Fossett, sem varð í fyrra fyrstur manna til að fljúga einsamall viðstöðulaust og án eldsneytisáfyllingar umhverfis jörðina, hyggt nú bæta um betur og fljúga umhverfis jörðina og yfir Atlantshafið að auki, alls rúmlega 43.300 kílómetra, til að slá heimsmet sem staðið hefur í tvo áratugi.

Fossett sagði að auðvelt hafi verið að gera við bilunina en hann myndi ekki reyna flugtak aftur fyrr en í lok vikunnar vegna óhag-



stæðrar veðurspár. Flugtakið er einn hættulegasti áfangi metflugs-tilraunarinnar þar sem þá er vélin með 8,1 tonn af eldsneyti um borð. Gangi allt að óskum mun Fossett fljúga í um 13.500 metra hæð í um 80 tíma og lenda í grennd við Lundúnir. Í metfluginu í fyrra láku nærri 1.400 kíló af eldsneyti úr vélinni í flugtaki og eldsneytis-leki var eitt helsta áhyggjuefnið á meðan á fluginu stóð.

- aa

FOSSETT OG BRANSON Steve Fossett, t.h., og Richard Branson, aðalfjármagnandi metflugstilraunarinnar, eftir að hætt var við flugtak á Kanaveralhöfða í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mörg banaslys má rekja til sjálfsmorða

Erlendar rannsóknir sýna að sjálfsmorð eða sjálfsmorðstilraunir eru orsök margra banaslysa í umferðinni á hverju ári. Ekki eru til rannsóknir á þessu hér á landi en ýmis dæmi eru um að hér megi einnig rekja banaslys til sjálfsvíga.

UMFERÐARSLYS Á milli þrjú til sjö prósent allra banaslysa í umferðinni má rekja til sjálfsmorða eða sjálfsmorðatilrauna. Þetta sýna rannsóknir sem hafa verið gerðar í Finnlandi, Svíþjóð og á Írlandi og danska blaðið Politiken segir frá.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarnefnd umferðarslysa má áætla að þetta hlutfall sé um eitt til tvö prósent hér á landi þó ávallt sé erfitt að sýna fram á tölfræði í þessum efnum. „Það eru tilfelli nánast á hverju ári þar sem leiða má líkur að því að um sjálfsmorð sé að ræða og jafnvel að það liggja alveg ljóst fyrir eftir rannsókn á bílslysinsu að sú hafi verið raunin,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi á Umferðarstofu.

„Ég veit dæmi þess að fórnarlömb hafi hlotið alvarleg líkamstjón af svo ekki sé talað um þann andlega miska sem menn verða fyrir í svona tilfellum. Það er mikil kvöl fyrir hvern sem er að hafa átt þátt í því að einhver beið bana þó menn beri enga sök,“ segir hann.

„Það er ekki hægt að segja neitt ákveðið um þessi slys. Þau geta verið afar ólík en stundum er margt í aðdraganda þeirra sem rannsakendur heyra frá aðstandendum sem vekur upp þennan grun. Einnig geta slysin verið með þeim hætti að það vekur upp þessar grunsemdir. Það er angí af stærri umræðu að brýna það fyrir fólki að fylgjast vel með hvort öðru svo hægt sé að minnka líkurnar á því að fólk grípi til þessara óyndisúrræða hvort sem það



BANASLYS Í UMFERÐINNI Kannski fæst það aldrei sannað hversu mörg banaslys í umferðinni megi rekja til sjálfsmorða eða sjálfsmorðstilrauna en slík slys eiga sér stað hér á landi líkt og í nágrannalöndum okkar.

er í umferðinni eða annars staðar. Þó er ekki hægt að kenna aðstandendum um þegar svona fer því oft fer þetta mjög leynt,“ segir Einar.

Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, segir að vissulega gerist þetta hér á landi. „Við höfum einu sinni skrifað það í skýrslu hjá okkur að grunur léki á því að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. En það er mjög erfitt að segja til um þetta. Við heyrum einnig af því að gerðar hafi verið tilraunir til sjálfsvíga í umferðinni en farið betur en til stóð,“ segir Ágúst.

Einar Guðmundsson, forvarnarfulltrúi hjá Sjóvá, segir að tryggingafélagin sjái einungis lögregluskýrslur þar sem skýrslur rannsóknarnefndar séu trúnaðarmál. „Samt segir tilfinningin mér það að þegar ég les lögregluskýrslurnar að þar hafi sjálfsmorð eða sjálfsmorðstilraun átt sér stað þó ekki sé hægt að sanna slíkt.“ Hann segir ennfremur mikla þörf á umræðunni en þó sé það afar vandasamt þar sem samfélagið sé lítið og slysin þar af leiðandi fá.

jse@frettabladid.is

Aðsúgur gerður að búðum friðargæsluliða í Meymana í Afganistan:

Íslendingur var hætt kominn

UTANRÍKISMÁL „Það var einn Íslendingur í Meymana þar sem aðsúgur var gerður að búðum friðargæsluliða,“ segir Geir H. Haarde utanríkisráðherra. Æstir múslimar gerður aðsúg að Endurreisnarbúðum NATO í Afganistan í gær. Íslenskur friðargæsluliði, Friðrik Jónsson, var staddur í búðunum.

„Hann var að búa tvo bíla sem Íslendingar eiga til flutnings til Kabúl en við vorum með friðargæsluliða í þessum búðum þar til í nóvember. Hann var í búðunum þegar þetta atvik gerðist en hann slasaðist ekki. Hann er óhultur í búðunum en liðsauki var fenginn til að gæta búðanna.“

Sex norskir friðargæsluliðar slösuðust í árásinni en æsingamennirnir voru á þriðja hundrad. Hvorki friðargæsluliðarnir norsku né heldur aðrir í þeirra hópi beittu vopnum sínum.



ÍSLENSKIR FRIÐARGÆSLULIÐAR Í AFGANISTAN Einn níu Íslendinga sem eru í Afganistan slapp með skrekkin þegar æstur múgurinn gerði áhlaup á Meymana búðirnar.

Afganskir lögreglumenn hófu aftur á móti skothríð og drápu fjóra áráðarmannanna.

Liðsaukinn sem ver búðirnar er breskt herfylki og beita þeir meðal annars herþotum við eftirlit sitt. Búðirnar eru á erfiðu

Sífbrotamaður fyrir dómi:

Fann veski og keypti lyf og föt

DÓMSMÁL Tuttugu og sex ára gömlum manni er gefið að sök að hafa notað greiðslukort og peninga sem hann fann á göngu á leið frá Hverfisgötu að Fjarðargötu í Hafnarfirði, en mál mannsins var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Maðurinn fór með seðlaveskið í verslanir Lyfju og Herra Hafnarfjarðar og verslaði fyrir rúm 50 þúsund, bæði lyf og fatnað. Þá var maðurinn tekninn með lítilræði af amfetamíni og LSD.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa í fórum sínum fíkniefni, þjófnað og fyrir að aka próflaus.

- mh



BREYTTAR ÁHERSLUR Flugmönnum fækkar hjá Atlanta enda Pílagrímsfluginu lokið.

RETTABLAÐIÐ/VILHELM

Flugfélagið Atlanta:

Flugmönnum fækkar um 70

FLUG Sjötíu flugmenn ljúka störfum hjá flugfélaginu Air Atlanta um þessar mundir.

Guðný Hansdóttir, framkvæmdastjóri starfmannassviðs, segir 56 þeirra flugmenn sem starfað hafi hjá fyrirtækinu samkvæmt verktakasamningum í Mið-Austurlöndum. „Pílagrímaflugið er árlegt tímabundið verkefni sem Atlanta hefur sinnt á undanförunum árum. Þessum verkefnum fylgir alltaf aukinn mannskapur sem aðeins vinnur fyrir félagið nokkra mánuði í senn.“

Guðný segir hina fjórtán einnig á verksamningum sem ekki verði framlengdir vegna nýrra flugvéla félagsins sem krefjast færri flugmanna í áhöfn.

- gag

DÓMSMÁL

Sakaður um fjölföldun Fertugum starfsmanni fyrirtækisins Tölvutækja er gefið að sök að hafa afritað hugbúnað frá Microsoft inn á tölvur sem seldar voru úr versluninni. Málið var tekið fyrir í gær í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Amfetamín í bíl Nítján ára gömul stúlka á Akureyri er ákærð fyrir að hafa verið með lítilræði af amfetamíni í duftformi og átta amfetamíntöflur í fórum sínum. Efnin fundust á stúlkunni þegar lögreglan stöðvaði bíl sem hún var í og leitaði á farþegum í bílnum.

-shá

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fyrirlestur í Vesturbæjarútibúi Landsbankans, Hagatorgi

á morgun kl. 20

– Efnahagsmál í upphafi árs

– Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á www.landsbanki.is og í þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á www.landsbanki.is. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litilli gjöf.





LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

1956-2006 vöxtur og velgengni í 50 ár

Starfsemi á árinu 2005

www.live.is

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

Í milljónum króna	2005	2004
Innlend skuldabréf	64.564	61.931
Sjóðfélagalán	24.376	20.629
Innlend hlutabréf	41.921	24.985
Erlend verðbréf	56.101	36.808
Verðbréf samtals	186.962	144.353
Bankainnistæður	3.504	4.384
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	298	293
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	65	70
Skammtímakröfur	1.151	1.811
Skammtímaskuldir	-1.008	-209
Hrein eign sameignardeild	186.848	147.738
Hrein eign séreignardeild	4.124	2.964
Samtals hrein eign	190.972	150.702

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Í milljónum króna	2005	2004
Iðgjöld	10.969	8.959
Lífeyrir	-2.967	-2.645
Fjárfestingartekjur	32.552	20.991
Fjárfestingargjöld	-177	-157
Rekstrarkostnaður	-164	-156
Aðrar tekjur	57	53
Hækkun á hreinni eign á árinu	40.270	27.045
Hrein eign frá fyrra ári	150.702	123.657
Hrein eign til greiðslu lífeyris	190.972	150.702

KENNITÖLUR


	2005	2004
Raunávöxtun	16,1%	12,1%
Hrein raunávöxtun	16,1%	12,0%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	7,0%	4,1%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	7,3%	6,4%
Rekstrarkostn. í % af iðgjöldum	1,02%	1,25%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,06%	0,08%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	28,1%	31,7%
Greiðandi sjóðfélagar	47.658	44.577
Lífeyrisþegar	7.250	6.712
Greiðandi fyrirtæki	6.781	6.601
Stöðugildi	27,5	26,6

ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn
3. apríl nk. kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.
Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

EIGNIR 191 MILLJARÐUR

Eignir sjóðsins námu 191 milljarði í árslok og hækkuðu um 40,3 milljarða á árinu eða um 27%. Á árinu 2005 greiddu 47.658 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 10.969 mkr. Þá greiddu 6.781 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.



ÁVÖXTUN 20,9%

Ávöxtun á árinu 2005 var 20,9% sem samsvarar 16,1% raunávöxtun sem er besta raunávöxtun í 50 ára sögu sjóðsins. Sem fyrr skiluðu innlend hlutabréf sjóðnum góðri ávöxtun en nafnávöxtun hlutabréfasöfnisins var 71,8% en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 64,7% á liðnu ári. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 26 árin er 20,3%.

HÆKKUN RÉTTINDA UM 4%

Með tilliti til góðrar ávöxtunar og tryggar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans ákveðið að leggja til við aðildarsamtök sjóðsins að lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega verði hækkaðar um 4% frá 1. janúar 2006.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA


Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2005 sýnir að eignir nema 6,1% umfram skuldbindingar. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 27,4%.

VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Ráðstöfunarfé á árinu 2005 var 45.426 mkr. og nemur aukningin 7% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup námu 12.667 mkr. og sala hlutabréfa 13.053 mkr. Kaup á skuldabréfum námu 20.351 mkr. og sala skuldabréfa 2.762 mkr. Erlend verðbréfakaup námu 13.257 mkr.

SÉREIGNARDEILD


Séreignardeildin hefur starfað í 7 ár. Inneignir sjóðfélaga séreignardeildar í árslok 2005 námu 4.124 mkr. sem er hækun um 39% frá fyrra ári. Ávöxtun nam 20,9% sem samsvarar 16,1% raunávöxtun. Alls áttu 38.761 einstaklingar inneignir í árslok.



LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2005 nutu 7.410 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 2.967 milljónir samanborið við 2.645 milljónir árið áður, en það er hækun um 12%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

Skipting verðbréfaeignar 2005



STJÓRN

Víglundur Þorsteinsson, formaður
Gunnar P. Pálsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir R. Jónsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson
Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
1956-2006 vöxtur og velgengni í 50 ár

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

GENGIÐ		
GENGI GJALDMÍÐLA 7.2.2006		
KAUP SALA		
	Bandaríkjadalur	62,66 62,96
	Sterlingspund	109,64 110,18
	Evra	75,13 75,55
	Dönsk króna	10,06 10,118
	Norsk króna	9,333 9,387
	Sænsk króna	8,074 8,122
	Japanskt jen	0,5314 0,5346
SDR		90,24 90,78
Gengisvísitala krónunnar		
105,4127		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Þýskur hjúkrunarfræðingur: Játar raðmorð á sjúklingum

ÞÝSKALAND, AP Þýskur hjúkrunarfræðingur, Stephan Letter, viðurkenndi fyrir dómi í gær að hann hafi drepið sjúklinga sína er hann var við störf á sjúkrahúsi í Suður-Bæjaralandi. Hins vegar mundi hann hvorki hversu marga sjúklinga hann hefði drepið, né hvað þeir hétu.

Letter, sem er 27 ára, er ákærður fyrir dráp á 29 sjúklingum frá febrúar 2003 til júlí 2004. Fólkið

var á aldrinum 40 til 95 ára, þótt flestir hafi verið eldri en 75 ára. Verði Letter fundinn sekur getur hann átt lífstíðarfangelsi yfir höfði sér. Búist er við að réttarhöldunum ljúki í maí.

Ökumaður í vímu:

Ófær um að stjórna bílnum

DÓMSMÁL Tuttugu og eins árs gömlum manni er gefið að sök að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna og áfengis 22. apríl á síðasta ári. Mál hans var tekið fyrir í héraðsdómi í gær.

Lögreglan í Kópavogi stöðvaði manninn eftir að hann hafði keyrt vestur Lautasmára en af ökulaginu að dæma var hann ófær um að stjórna bifreiðinni. Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og sviptur ökuréttindum. - mh

ÞÓLLAND

Neitað um fóstureyðingu Pólsk kona hefur kært ríkisstjórn Póllands fyrir Mannréttindadómstól Evrópu eftir að læknar neituðu henni um fóstureyðingu eftir að þeir vörðuðu hana við að meðgangan gæti skaðað sjón hennar. Fóstureyðing er leyfð í Póllandi ef meðgangan er talin hættuleg heilsunni.



oddny.is

ODDNÝJU Í 4. SÆTI

Allir geta kosið unga konu til áhrifa í Reykjavík

Útvarpsráð getur ekki gripið fram fyrir hendur Páls Magnússonar:

Silvía Nótt keppir í úrslitum

SÖNGVAKEPPNI Útvarpsráð styður ákvörðun útvarpsstjóra, Páls Magnússonar, um að lag Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar, sem skemmtikrafturinn Silvía Nótt flytur, haldi áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, segir ákvörðun útvarpsstjóra endanlega og ráðið hafi enga lagaheimild til að grípa fram fyrir hendurnar á honum í málinu.

„Útvarpsráð hefur skoðun á málinu. Þar er samhljóma tónn um að styðja útvarpstjóra,“ sagði Gunnlaugur eftir fund ráðsins í gær.



ÚTVARPSRÁÐ FUNDAR Lag Silvíu Nóttar verður áfram í undankeppninni fyrir Eurovision. Útvarpstjóri stendur hér gengt framkvæmdastjóra Sjónvarpsins. Útvarpsráð sést við upphaf fundar í gær í baksýn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristján Hreinsson, sem samdi tvo texta laga sem keppa til úrslita í keppninni, lagði fram kæru til ráðsins eftir að lagið Til hamingju

Ísland var sett á netið. Hefur hann sagt lögin í ójafnri stöðu þar sem aðstandendur lagsins fari ekki að reglum keppinnar.

- gag

Ríkið krefst bóta vegna olíusamráðs

Vegagerðin, Landhelgisgæslan og lögreglan voru stórir þolendur verðsamráðs olíufélaganna og ríkið ætlar nú að krefjast skaðabóta. Skilaboð til allra á markaðnum um að svona brot verði ekki liðin, segir Lúðvík Bergvinsson þingmaður.

OLÍUMÁLID Ríkislögmanni verður falið að undirbúa skaðabótamál fyrir hönd ríkissjóðs gegn olíufélagunum vegna ólöglegs verðsamráðs. Þetta var ákveðið á ríkisstjórnarfundi í gær.

„Það er verkefni lögfræðinga að meta upphæð bótakrafna. Ákveðin mál voru lögð til grundvallar í úrskurði samkeppnisyfirvalda, eins og það hvernig verðsamráðið snerti Vegagerðina. Við teljum að á þeim grundvelli geti ríkið reist skaðabótakröfur til að verja hagsmuni ríkissjóðs og almennings,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Tillaga um málshöfðun af hálfu ríkisins er gerð sameiginlega af fjármála-, dómsmála- og samgönguráðherra. „Menn eiga að hafa rétt við í viðskiptum og við eigum að gæta hagsmuna ríkissjóðs í þessu tilviki og gefum engan afslátt af því,“ segir Árni.

Reykjavíkurborg og Vestmannaeyjabær hafa þegar ákveðið að gera hliðstæðar skaðabótakröfur, en samanlagðar bótakröfur þeirra tveggja geta numið vel á annað hundrað milljónum króna. Ljóst er því að bótakröfur ríkissjóðs gætu orðið umtalsvert hærri en sú upphæð.

„Ég fagna þeirri ákvörðun



LÚÐVÍK BERGVINSSON ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR „Skilaboð til allra á markaðnum um að svona brot verða ekki liðin.“



OLÍUTANKAR Í ÖRFIRISEY Ávinningur olíufélaganna af verðsamráðinu nam nærri 6,5 milljörðum króna frá 1996 til 2001 samkvæmt skýrslu Samkeppnisráðs.

ríkisstjórnarinnar að slást í hópinn með Vestmannaeyjabæ, Reykjavíkurborg og Neytendasamtökunum og höfða mál gegn olíufélagunum og krefja þau um skaðabætur vegna þess tjóns sem þau ollu almenningi með lögbrotum sínum,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, en hann er jafnframt



ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA „Við eigum að gæta hagsmuna ríkissjóðs í þessu tilviki og gefum engan afslátt af því.“

forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Hann segir samráð olíufélaganna eina alvarlegustu atlögu að lífsskjörum fólks sem fyrirtæki hafi staðið fyrir og því mikilvægt að sótt sé að þeim með úrræðum sem lög heimila. „Ef stjórnendur olíufélaganna sæta refsíabyrgð og félögin greiða sektir og skaðabætur felast í því skýr skilaboð til allra á markaðnum um að svona brot verði ekki liðin. Hins vegar vekur það athygli mína að stór fyrirtæki eins og FL-group, ÍSAL, Norðurál, Bílanaust, Landssíminn og fleiri fyrirtæki skuli ekki hafa höfðað bótamál, en þau voru sannarlega þolendur samráðsins,“ segir Lúðvík.

johannh@frettabladid.is

Ruslpóstur til vandræða:

Tölvupóstur stöðvaðist

FIARSKIPTI Netpóstþjónusta Og Vodafone lá niðri í eina og hálfa klukkustund í gær og gátu viðskiptavinir því ekki sent tölvupóst frá sér þann tíma.

Samkvæmt upplýsingum Og Vodafoneþjónustu varð bilunin vegna fjöldasendinga á ruslpósti erlendis frá.

Segja þeir tölvuþrjóta nota svonefndar DoS-árásir til að útiloka fólk frá þjónustu á netinu. Og Vodafone hafi brugðist skjótt við þegar þeim varð þetta ljóst og útilokað póstin.

Baðst Ogvodafone afsökunar á truflunum sendinganna á vef sínum í gær. ■

Lögmaður Skeljungs:

Málshöfðunin kemur á óvart

Gestur Jónsson, lögmaður Skeljungs, vildi ekki tjá sig efnislega um skaðabótakröfur ríkisins þar sem hann hafði ekki séð hana. Hún byggist á niðurstöðu Samkeppnisráðs um ólögmeitt samráð olíufélagana.

„Við höfum engar kröfur séð af neinu tagi um þetta mál. Það kemur mér á óvart ef það er grundvöllur fyrir málshöfðun á hendur olíufélagunum,“ sagði Gestur í gær en forsvarsmenn Skeljungs vildu ekki tjá sig um málið.



GESTUR JÓNSSON, LÖGMAÐUR SKELJUNGS Forsvarsmenn Skeljungs neituðu að tjá sig um málshöfðun ríkisins.

Lögmaður Olíufélagsins:

Ríkið ekki með sterka stöðu

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Olíufélagsins hf., segir það ekki koma á óvart að ríkið höfði mál gegn olíufélagunum þar sem tíðarandinn í þjóðfélaginu hafi gefið tilefni til þess.

„Míðað við tíðarandann í þjóðfélaginu kemur þessi ákvörðun ekki óvart en ég er ekki viss um að ríkið muni hafa árangur sem erfiði. Aðstæður eru allt aðrar en til dæmis í tilviki Reykjavíkurborgar. Þar er um fullframið brot að ræða þar sem menn höfðu sannarlega samráð um hvernig var staðið að útboðum. Í tilviki ríkisins eru engu slíku til að dreifa.“



KRISTINN HALLGRÍMSSON, LÖGMAÐUR OLÍUFÉLAGSINS Kristinn segir það ekki hafa komið sér á óvart að ríkið höfði málsókn.

- mh



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝNAR SMÁM SAMAN Á MORGUN


Í dag nær kuldakastið hámarki þegar frostið verður þetta 4 -15 stíg, kaldast inn til landsins. Búast má við einhverjum eljum við norðasturströndina. Í kvöld snýst vindur til suðurs smám saman. Hægt hlýnadi veður á morgun en þó verður vart orðið frostlaust með ströndum fyrir norðan fyrr en á föstudag.

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Hæg norðlæg eða breytileg átt. Bjartviðri og talsvert frost, 5-8 stíg.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



á morgun



Vaxandi suðaustanátt með slýddu og síðan rigningu síðdegis.

föstudagur



Sunnan 5-10 m/s.

Kaupmannahöfn	3°C alskýjað	Paris	7°C alskýjað	Alicante	17°C hálfskýjað
Oslo	-2°C snjócoma	Berlín	5°C skúrir	Milano	9°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-2°C alskýjað	Frankfurt	6°C skúrir	New York	1°C léttskýjað
Helsinki	-11°C alskýjað	Madrid	15°C heiðskirt	San Francisco	20°C heiðskirt
London	9°C alskýjað	Barcelona	13°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	18°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Öruggastur í sínum flokki

Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur. Prófið er byggt á staðli EuroNCAP og er árangur Fox betri en hjá sambærilegum bílum frá Renault, Toyota, Citroen og Peugeot í samskonar prófum.

Byggt á nýlegu árekstrarprófi ADAC og Autobild.



Nýr Fox

HEKLA kynnir Volkswagen Fox, nýjasta meðliminn í Volkswagen fjölskyldunni. Kraftur og öryggi eru lykilatriðin í hönnun Fox. Hann er rúmgóður, ríkulega búinn og verðið er hreint frábært.

Volkswagen Fox fæst bæði með sparneytinni bensínvél og nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélinni sem gerir hann einstaklega hagkvæman í rekstri.

Komdu og reynsluaktu.

1.175.000 kr.

15.800 kr. á mánuði m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning.



Aus Liebe zum Automobil

Aukabúnaður á mynd: áfélgur

WOLFA HÖRSD / SIA - 1931



KJÖRKASSINN

Á að vísa Silvíu Nótt úr forkeppni Eurovision?

JÁ	25%
Nei	75%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga sveitarfélög að greiða að fullu fyrir skólamáltíðir?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Rannsókn lögreglu á innflutningi á fjórum kílóum af amfetamíni í fullum gangi:

Skoða fjármögnun smyglsins

LÖGREGLA Rannsókn stendur enn yfir í máli íslenska parsins sem handtekið var fyrir helgina með fjögur kíló af amfetamíni við leit tollvarða í Leifsstöð.

Þarið var úrskurðað í tveggja vikna gæsluvarðhald enda magnið mikið og ganga þarf úr skugga um hvort fólkið hafi átt sér samstarfsmenn eða hvort þau tvö voru einungis burðardýr. Lögregla tjáir sig ekki um gang rannsóknarinnar en leyfði þó myndatökur af efnunum sem um ræðir í gær.

Eins og fram hefur komið er amfetamín nokkuð aðgengilegt á meginlandi Evrópu en fólkið var

að koma frá París þegar það var handtekið. Slíkt magn sterkra fíkniefna kostar háar fjárhæðir og ekki á allra færi að verða sér úti um slíkt fé.

Lausleg athugun Fréttablaðsins leiddi í ljós að fjögur kíló af amfetamíni erlendis fáiast vart undir fimmtán milljónum króna og kostar líklega meira og mun lögregla reyna að fá botn í hvernig að greiðslum var staðið.

Þá kannar lögregla hvort fé var flutt úr landi eða hvort glæpasamtök, erlend eða innlend, hafi haft hönd í bagga.

- aðe



UMRÆTT AMFETAMÍN Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli segir efnin mjög hrein og því sterk en Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, vill ekki staðfesta það

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Glæfraakstur á Akureyri:

Keyrði á tvo ljósastaura

LÖGREGLA Betur fór en á horfðist þegar 22 ára gamall maður keyrði á miklum hraða á ljósastaur á gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu á Akureyri í fyrradag.

Bíl mannsins var ekið hratt suður Glerárgötu sem endaði með því að hann missti stjórn á bílnum. Bíllinn skal harkalega á ljósastaur og kastaðist síðan á næsta ljósastaur.

Tveir menn voru í bílnum og sluppu þeir alveg ómeiddir. Öku- maður bílsins játaði fyrir lögreglunni að hafa ekið bílnum á áttatíu kílómetra hraða þegar hann lenti á staurnum.

- mh

HUGSUM STÓRT!

Ég hef beitt mér fyrir því að íbúar hafi bein áhrif á sitt nánasta umhverfi meðal annars með stofnun þjónustumiðstöðva. Ég vil styrkja stoðir þjónustumiðstöðvanna þannig að fólkið hafi áhrif á forgangsstöðun verkefna í sínu hverfi og þar með sitt daglega líf.

Stefanía Reinhardsdóttir

Ræðum málin.
Ég verð á beinni línu á Útvarpi Sögu fm 99.4 í dag kl. 17. Sími: 588 1994

Veldu létt


... og mundu eftir ostinum!

HVÍTA HÚSD / SJA

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS



EKKERT LÁT Á MÓTMÆLUM Hér hrópa múslímarnir í Lahore í Pakistan vígorð gegn Dönum og öðrum Evrópumönnum á mótmælafundi vegna Múhamedsteikninganna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segja öfgaöfl kynda undir múgæsingunni

Danski forsætisráðherrann segir öfgaöfl kynda undir múgæsingunni í múslímalöndum. Hætta sé á að mótmælin vegna Múhamedsteikninganna fari algerlega úr böndunum. Ráðist var á norska friðargæsluliða í Afganistan.

MÚHAMEDSTEIKNINGAR, AP, REUTERS Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði á fjölsóttum blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í gær að öfgaöfl kyntu undir ofbeldisfullum mótmælum múslima víða um heim vegna Múhamedsteikninganna sem birtust fyrst í Jótlandspóstinum. Hætta væri á að þessi mótmæli færu algerlega úr böndunum.

„Við stöndum frammi fyrir vaxandi hnatttrænum vanda sem getur undið svo mikið upp á sig að ríkisstjórnir eða önnur yfirvöld fá ekki rönd við reist,“ sagði hann. Múgæsingarmótmæli gegn Dönum héldu áfram að breiðast út um Mið-Austurlönd, Asíu og Afríku.

Fogh sakaði „róttæklinga, öfgamenn og ofstopalið“ um að kynda undir reiði múslíma í því skyni að skara eld að eigin köku. Hann ítrekaði beidni um skyn-

samlega samræðu við múslíma um málið. „Reynum að vinna saman að lausnum í anda gagnkvæmrar virðingar og umburðarlyndis,“ sagði hann.

Þótt Fogh fengi upphringingu frá George W. Bush Bandaríkjaforseta þar sem hann lýsti samstöðu með Dönum og þrátt fyrir að bandamenn Danmerkur í Evrópusambandinu sýndu hana með ráðum og dáð, var fátt sem benti til að æsingurinn væri í rénun.

Æstur múgur réðst að búaðum norskra friðargæsluliða í Norðvestur-Afganistan í gærmorgun. Sex Norðmenn særðust og þrír árásarmannanna féllu fyrir skotum afganskra lögreglumanna. Ríkisborgarar fleiri Evrópulanda og sendiskrifstofur þeirra urðu einnig víða fyrir aðkasti. Það voru þó aðallega danskir fánar sem brunnu og dönsk sendiráð sem urðu fyrir árásum. Þótt dönsku hermönnum í Afganist-

an og Írak sé nú aukin hætta búin eru þó að svo stöddu engin áform uppi um að kalla þá heim.

Ráðist var á danska sendiráðið í Teheran annan daginn í röð. Íkveikjusprengrum var líka varpað að norska sendiráðinu í borginni. Danski utanríkisráðherran, Per Stig Møller, skoraði á írönsk stjórnvöld að sjá til þess að öryggi sendiráðsins og starfsmanna þess væri tryggt. Hann varaði við því að ef Íranar gera alvöru úr boðuðu banni á öll viðskipti við Danmörku kynni Írónum að verða meinuð aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO.

Eitt sérkennilegasta innlegg-ið í deiluna kom í gær frá einu útbreiddasta dagblaðinu í Íran, Hamshahri, er það boðaði alþjóðlega samkeppni um skopteikningar þar sem gys er gert að helförinni gegn gyðingum.

audunn@frettabladid.is

Tók niður íslenska fánann:

RÓLEGT Í AMMAN

Ræðismaður Íslands í Amman í Jórdaníu, Stefanía Reinhardsdóttir Khalifeh, hefur tekið niður íslenska fánann sem blaktir alla jafna við hún á ræðismannsbústaðnum. Stefanía segir þetta öryggisráðstöfun þar sem margir rugli saman íslenska fánanum og þeim norska. Hún kveðst vilja koma í veg fyrir allan misskilning og jafnframt sé hún að fylgja dæmi danska ræðismannsins og norska sendiherrans, sem hafa tekið niður sína fána, bæði við heimili sín og skrifstofur. Stefanía segist hafa trú á því að það sama hafi verið gert víðar í Mið-Austurlöndum þótt hún hafi ekki fengið það staðfest. Utanríkisráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem varað er við ferðalögum til þessara svæða.

Samtök gegn guðlasti:

SEGJA JP HAFNA BROTIÐ LÖG

Jótlandspósturinn braut dönsk lög gegn kynþáttamisrétti þegar blaðið birti teikningarnar af Múhamed spámanni síðastliðið haust. Þetta er mat samtakanna Danir gegn guðlasti sem hyggjast kæra málið. Talsmaður hinna nýstofnuðu samtaka, menningarfræðingurinn Jakob Erle, sagði í viðtali við Politiken í gær að lög frá tímum seinni heimstyrjaldarinnar banni ofsóknir og háð í garð minnihlutahópa í landinu. Telur hann að teikningarnar og sér í lagi textinn sem fylgdi þeim hafi gengið of langt. „Jótlandspósturinn hefur beinlínis storkað þeirri löggjöf sem við höfum um vernd minnihlutahópa, og það kemur fram í því sem blaðið skrifaði þann 30. september,“ segir Erle.

Hópur múslíma í Árósum:

SÝNA DÖNUM SAMSTÖÐU

Hópur múslíma í Árósum efndi í gærkvöld til útíundar til að sýna Dönum samstöðu vegna þess and-danska fárs sem nú geisar víða um heim í tilefni af Múhamedsteikningunum sem Jótlandspósturinn birti síðastliðið haust. Árósar eru önnur stærsta borg Danmerkur og þar eru aðalrúststjórnarskrifstofur Jótlandspóstsins til húsa. „Við vonum að erlendir fjölmiðlar veiti þessu eftirtekt svo að þrýstingnum létti eitthvað af Danmörku,“ hefur fréttavefur Politiken eftir einum skipuleggjendanna, Rabih Azed-Ahmad úr samtökunum Mutikulturel Forening. Hann segir teikningarnar vissulega vera særandi en viðurkennir að birting þeirra sé lögleg og kalli ekki á nýjar lagahömlur á tjáningarfrelsið.



Allt að 53.043 kr. endurgreiðsla

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2005. Endurgreiðslan nam allt að 53.043 krónum á fjölskyldu.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

Endurgreiðslan samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Má bjóða þér að slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Skráðu þig og þína í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Velferðarsvið Reykjavíkur leitar stuðnings fyrir ungmenni eftir skyldunám:

Vill meira atvinnutengt nám

FÉLAGSMÁL Velferðarsvið Reykjavíkur hefur sett á laggirnar hóp sem kannar úrræði fyrir ungt fólk frá 18 ára aldri sem leitað hefur eftir fjárhagsaðstoð, eru utan skóla, án atvinnu eða bóta á vinnumarkaðnum. Stefánía Sörheller hjá Velferðarsviðinu segir samfélagið enn ekki hafa tileinkað sér nauðsynlegar breytingar á viðhorfum og vinnubrögðum í kjölfar breytinga á sjálfræðisaldrinum. Eftir að grunnskólanámi lýkur standa unglingar frammi fyrir vali á milli framhaldsnáms og atvinnumarkaðar. „Margir unglingar finna sig ekki í námi, eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum eða hafa



UNGLINGAR ÞREYTA SAMRÆMD PRÓF
Að loknum grunnskóla standa unglingar frammi fyrir vali milli framhaldsnáms og vinnumarkaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

færri atvinnumöguleika vegna aldurs,“ segir Stefánía.

Viðræður hafa staðið á milli Velferðarsviðs og Vinnuskóla Reykjavíkur um að framlengja atvinnutengt nám til 18 ára aldurs, en atvinnutengt nám er ætlað þeim grunnskólanemum sem misst hafa áhuga á námi og eiga erfitt uppdráttar. „Brúa þarf betur betur bilið milli grunn- og framhaldsskóla til að þeir unglingar sem eiga erfitt uppdráttar fái aðstoð og stuðning. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að þau lendi utangarðs á þessum árum, enda eru þetta mikil mótunarár í uppvesti.“

- jss

Félagsmálaráðherra leitar úrræða í búsetu og þjónustu við geðfatlaða:

1.500 milljónir til geðfatlaðra

FÉLAGSMÁL Félagsmálaráðherra hefur skipað verkefnisstjórn sem falið er að hafa umsjón með uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Stórátak er í undirbúningi í þessum málefnum geðfatlaðra. Til þess verður ráðstafað einum milljarði af söluandvirði Símans. Að auki er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 milljónum króna til verkefnisins, þannig að alls verði 1.500 milljónum króna varið til uppbyggingar í þágu geðfatlaðra á tímabilinu, að því er fram kemur í frétt frá ráðuneytinu.

Markmið þessa átaks er að á árunum 2006-2010 verði í áföngum dregið svo úr biðtíma eftir þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana að hann verði viðunandi í lok tímabilsins. Það gildi jafnt um



GEÐDEILD LANDSPÍTALANS Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir fyrstu skref í stórátaki í málefnum geðfatlaðra stigin.

búsetuúrræði sem stoðþjónustu sem lýtur að atvinnu, hæfingu, atvinnuendurhæfingu eða annarri dagþjónustu. Leiðarljós verkefnisins verður að styðja við virka þátttöku geðfatlaðs fólks í samfélaginu og auka lífsgæði þess sem verða má. Jafnframt að stuðla að eflingu fag-

legrar þekkingar á málefnum geðfatlaðs fólks innan félagslega þjónustukerfisins og heilsugæslunnar.

Verkefnisstjórnin sem ráðherra hefur skipað mun hafa yfirumsjón með verkefninu. Þá hefur verið skipaður sérstakur ráðgjafahópur vegna verkefnisins.

-jss

Mannakorn

30 ára

Í gegnum tíðina með Mannakornum í 30 ár

Í tilefni þess að í ár eru liðin 30 ár síðan fyrsta plata Mannakorna, sem hét Mannakorn, kom út ætlar hljómsveitin að halda afmælistónleika í Salnum í Kópavogi 8. og 9. febrúar nk. Þar ætla þeir Magnús og Pálmi að taka brot af úrvalslögum Mannakorna ásamt því að flytja lög sem þeir hafa tekið í sitt hvoru lagi.

Þessir landsþekktu tónlistarmenn eiga 30 ára samstarfsafmæli um þessar mundir.

Hljómsveitina skipa:

Magnús Eiríksson, gítar og söngur
Pálmi Gunnarsson, bassi og söngur
Gunnlaugur Briem, trommur
Ásgeir Óskarsson, slagverk
Agnar Már Magnússon, pianó
Stefán Már Magnússon, gítar
Þórir Úlfarsson, hammond

...ásamt strengjakvartett



Forsala aðgöngumiða
Húsasmiðjunni Smáratorgi



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál

Opel lítur ekki lengur út eins og Opel.



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Beinskiptur - 1.6 lítra vél – Mánaðargreiðsla 18.583,-*

1.550.000,-

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Það geta fáir boðið eins ríkulegan aukabúnað á svona lágu verði. Opel Astra hefur verið endurhugsuð frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Kynntu þér nýja Opel Astra í dag.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is



NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd; þokuljós og álfelgur.

Sumarbæklingur Úrvals-Útsýnar

Sumarsól

er kominn!

Þúsundur Íslendinga hafa þegar bókað bestu utanlandsferðirnar - vinsælir gististaðir að seljast upp!

Sumarfríð er dýrmætt
- Bókaðu strax!

**BESTU
UTANLANDSFERÐIRNAR**

að dómi þátttakenda í skoðanakönnun Gallup í október 2005

Nýjung!

Tenerife

PARQUE SANTIAGO
15. júní í viku

39.900*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/1 svefnherbergi.

Nýjung!

Tyrkland

ANASTASIA
27. júní í viku

44.900*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/1 svefnherbergi.

Krít

HELIOS
26. júní í viku

53.900*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/1 svefnherbergi.

Portúgal

VILA ALBA
30. maí í viku

44.900*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 3 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/2 svefnherbergjum.

Mallorca

ALBIR
21. júní í viku

44.500*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/2 svefnherbergjum.

Mallorca

CALA MILLOR PARK
20. júní í viku

39.900*

á mann m.v. 2 fullorðna
og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/1 svefnherbergi.

*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

VISA

Ferð þú
MasterCard
ferðaávisun?

EFLING
STETTANFLUG

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt

lýsingum á hótélum er að finna á www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn, Lágmúla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450

ÚRVAL-ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

Námskeið fyrir stjórnendur

Straumlinustjórnun - Lean Management

Viltu hámarka virðisauka og lágmarka sóun í þínu fyrirtæki?

Eðlilega svarar þú játandi, því þetta tvennt er meðal helstu áhrifabáttar í velgengni fyrirtækja.

Á námskeiðinu verður hugmyndafræði og helstu aðferðir straumlinustjórnunar kynntar. Aðaláhersla er lögð á kynningu 5S aðferðafræðinnar og beitingu 5S sem verkfæris til að koma á skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er ætlað stjórnendum í fyrirtækjum og stofnunum sem vilja innleiða nýja hugsun og leggja grunn að markvissari og stöðugri vinnu með umbótaverkefni.



Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um efniþætti og skipulag námskeiðsins er að finna á www.iti.is

Skráning er á www.iti.is eða í síma 570 7100.

AD HORA, GETA OG VILJA!

 Dekkjarsætur
Íðunnastræti 1
101 Reykjavík
www.iti.is

NISSAN PATROL





SKIPT_ um væntingar

ENDIST ENDALAUST

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Tegund	Verð
Patrol Luxury	Beinskiptur 3.990.000 kr.
Patrol Luxury	Sjálfskiptur 4.090.000 kr.
Patrol Elegance	Beinskiptur 4.390.000 kr.
Patrol Elegance	Sjálfskiptur 4.490.000 kr.

250.000 kr. kaupauki

33" dekk, toppbogar og dráttarbeisli

Veiðikortið 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum

Bill á mynd er 35" breyttur

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VeftV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar mæla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VeftV frá morgni til kvælds. Þú færð fréttirnar beint í eð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.





Útboð vegna lóða í Úlfarsárdal:

Fáir skila inn tilboðum

LÓÐAÚTHLUTUN Fáir hafa skilað inn kautilboðum í þær 120 lóðir sem Reykjavíkurborg ætlar að selja í Úlfarsfelli. Útboðið var opnað á mánudag og þurfa kautilboðin að berast Skipulags- og byggingasviði fyrir klukkan fjögur þann 16. febrúar. Hver bjóðandi greiðir 250 þúsund í tilboðstryggingu.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri framkvæmdasviðs borgarinnar, segir venju að svona útboð fari rólega af stað en herðist á síðustu dögum þess.

Lágmarkstilboð fyrir einbýlishúsaloðir eru 10,5 milljónir, ellefu milljónir fyrir parhús en misjafnt verð eftir stærð fjölbýlishúsa.

- gæg



ÚLFARSÁRDALUR Byggð verður þéttari í Úlfarsfelli en fólk á að venjast í úthverfum á Íslandi.



NÝR FROSKUR Einn froskanna sem vísindamenn fundu í Papúa Nýju-Gíneu. Hann er talinn vera af áður óþekktri tegund.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fundu týnda dýraveröld

Vísindamenn hafa fundið „týnda veröld“ í indónesískum frumskógi, þar sem tugir áður óþekktar tegunda og annarra í útrýmingarhættu þrífast.

INDÓNESÍA, AP Yfir 20 tegundir froska, fjórar fiðrildategundir, mjónefir, paradísarfuglar, hunangsfuglar, fimm pálmur og poka-dýr sem lifir í trjám eru meðal þeirra tegunda sem alþjóðlegt teymi vísindamanna tilkynnti í gær að fundist hefðu í frumskógi á Papúa Nýju-Gíneu, sem tilheyrir Indónesíu. Margar þessara lífvera voru áður ókunnar, paradísarfuglinn var talinn útdauður, og ekki var vitað að poka-dýrið væri til í Indónesíu.

„Það var ekki einn einasti göngustígur þarna, engin merki um siðmenningu, engin merki um að frumbyggjarnir hefðu nokkurn tíma komið þangað,“ sagði Bruce Beehler, einn leiðtoga leiðangursins.

Ellefu vísindamenn frá Ástralíu, Indónesíu og Bandaríkjunum lögðu upp í leiðangurinn með aðstoð þyrilu í desember síðastliðnum, eftir tímafrekar leyfisumsóknir fyrir ferðinni í gamlan, illfæran frumskóg sem nær yfir meira en milljón hektara í Foja-fjöllum Papúa Nýju-Gíneu. Skógurinn er friðland sem tilheyrir tveimur ættbálkum frumbyggja.

Tveir heimamenn komu með vísindamönnum í leiðangurinn, og að sögn Beehlers vissu þeir ekki til þess að neinir ættmanna þeirra hefðu komið svona langt inn í skóginn, enda er næg veiðibráð nær þorpunum. Voru þeir jafn hissa á einangruðu lífríki skógarins og vísindamennirnir, að sögn Beehlers.

Mörg dýranna voru óvenju gæf, sem vísindamennirnir töldu



MJÓNEFUR Einn mjónefjanna sem leyfði vísindamönnum að taka sig upp og skoða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HUNANGSFUGL Vísindamenn telja að þessi hunangsfugl sé af áður óþekktri tegund.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

bera vitni um að menn hafa ekki komið á þennan stað svo árhundruðum skiptir, ef þá nokkurn tíma. Til dæmis leyfðu tveir mjónefir mönnunum að taka sig upp og skoða. Mjónefir eru spendýr sem verpa eggjum.

Vísindamennirnir sögðust ekki hafa haft nærri nogan tíma til að rannsaka svæðið, og vonast Beehler til þess að geta snúið aftur þangað með fleiri vísindamönnum á næstu mánuðum. Einangrun þess og friðlandsstaða tryggir framtíð þess um stund, að sögn Beehlers.

smk@frettabladid.is

Nýjar vörur

DONNA design
Bolur
TILBOÐ
1.599 kr
Verð áður 1.999,-

DONNA design
Peysa
TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999,-

true
Bolur
TILBOÐ
1.999 kr
Verð áður 2.499,-

DONNA design
Bolur
TILBOÐ
1.039 kr
Verð áður 1.299,-

DONNA design
Gallabuxur
TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999,-

true
Gallabuxur
TILBOÐ
3.199 kr
Verð áður 3.999,-

ICHI
Peysa
TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999,-

true
Bolur
TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999,-

true
Bolur
TILBOÐ
1.199 kr
Verð áður 1.499,-

true
Gallabuxur
TILBOÐ
3.199 kr
Verð áður 3.999,-

Buxur
TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999,-

DONNA design
Treyja
TILBOÐ
1.999 kr
Verð áður 2.499,-

Gildir 8. febrúar á meðan birgðir endast.

Nýjar vörur, ótrúlegt verð!

HAGKAUP
Sæmmtilega að versla



Virkjum velferðina

– í þágu allra

- til að auka jöfnuð í Reykjavík
- til að fólk geti búið við öryggi
- til að samfélagið njóti góðs af

veljum
BJÖRK
í 3.–4. sæti

www.bjorkv.is

Kosningaskrifstofa á Skólavörðuholtinu

Lokastig 28, sími 551 2859, bjork@reykjavik.is, opið kl. 15–19.
Opið prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra 11.–12. febrúar 2006.

Tveir forsetaframbjóðendur fengu jafnmörg atkvæði:

Mjótt á mununum

KOSTARÍKA, AP Tveir forsetaframbjóðendur í Kostaríka fengu svo jöfn atkvæði í kosningunum sem haldnar voru þar á sunnudag að yfirvöld þar í landi ætla sér að handtelja öll atkvæðin áður en sigurvegarinn verður kynntur.

Þegar 85 prósent atkvæðanna höfðu verið talin hafði Oscar Arias, fyrrverandi forseti landsins sem vann til friðarverðlauna Nóbels árið 1987, hlotið 40,6 prósent atkvæða á meðan Otton Solís, mikill andstæðingur fríverslunar-samnings landsins við Bandaríkinn, var kominn með 40,2 prósent atkvæða.

Fjórtán manns voru í fram-



STUÐNINGSMENN OTTON SOLÍ Stuðningsmenn tveggja forsetaframbjóðenda í Kostaríka bíða enn spenntir eftir niðurstöðum kosninganna sem fram fóru á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

boði. Niðurstöðunnar er að vænta innan tíu daga.

- smk

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLÖKKI



ÁN
VIÐBÆTTIS
SYKURS

Nýjung!

Skyr.is drykkurinn fæst nú með bláberjabragði – án viðbættis sykurs



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA Þorgerður setti ráðstefnuna í gær og mikil umræða fór þar fram um siðferði og samskipti fólks á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ráðstefna um siðferðisleg gildi á netmiðlum:

Mikil þörf á góðu siðferði á netinu

FJÖLSKYLDUMÁL Ráðstefna um siðferðileg gildi á netinu er hluti af vakningarátaki um jákvæða og örugga notkun barna og unglunga á netinu, en að sögn Önnu Margrétar Sigurðardóttur, stjórnanda verkefnisins SAFT Samfélag, fjölskyldu og tækni, er mikil þörf á umræðu um slík mál. „SAFT er tveggja ára verkefni sem Heimili og skóli, landssamtök foreldra, annast en við höfum sett okkur það markmið að vekja athygli foreldra, barna og unglunga á því hversu mikilvægt það er að huga að því hvernig við notum þessa nýju tækni.“

Margir fyrirlesarar komu við sögu á ráðstefnunni sem fram fór í gær og má þar nefna Isabellu Santa, sérfræðing um vitundarvakningu hjá ENISA, Evrópustofnuninni um net- og upplýsingaöryggi.

Töluverð umræða hefur verið um það í skólum landsins hvernig einelti og stríðni hefur í auknum mæli fæst inn á vefsíður barna og unglunga. Fyrirlesarar á ráðstefnunni ræddu mikið um upplýsingasiðferði og hefðbundin gildi hennar. Sérstaklega var rætt um hvaða hvatir geta vaknað hjá börnum og unglungum

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

ENNPÁ BETRI Í FEBRÚAR!

Subaru Forester sameinar veghæð jepplings, afl sportbils (158 hestöfl) og frábæra aksturseginnleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu. Og í febrúar færðu 230.000 króna kaupauka sem gerir hann ennþá meira freistandi!

230.000 kr. KAUPAUKI

- Vindskeið
- 16" álfelgur
- Heilsársdekk
- Upphækkun í 23 cm veghæð

Tegund	Verð
FORESTER beinskiptur	2.390.000,-
FORESTER sjálfskiptur	2.550.000,-



www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD



SUBARU
MEÐ HUGANN VÍÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a

800 Selfossi

482-3100

Sæmundargötu 3

550 Sauðárkrúki

453-8141

Holtsgötu 52

250 Njarðvík

421-8808

Deilbraut 2b

300 Akureyri

431-1376

Víkurbraut 4

780 Hóla í Hornafirði

478-1990

Leinuvgi 6

730 Reykjavíkur

474-1453

Óseyri 5

605 Akureyri


461-2960

Aukabúnaður á mynd: Pokuljós.

GÓÐ ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2005



Líkt og undanfarin ár skiluðu fjárfestingarleiðir Vista mjög góðri ávöxtun árið 2005 og hækkuðu þær töluvert meira en viðmiðunarvísitölur þeirra. Fjárfestingarleiðin *Innlend hlutabréf* skilaði 67,4% nafnvöxtun sem er 2,7% prósentustigum umfram hækkun Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Er þetta jafnframt hæsta ársávöxtun frá því að sjóðurinn var stofnaður.



Árið 2005 fjölgaði sjóðfélögum Vista um 8500 og er heildarfjöldi þeirra nú 27.220. Eignir sjóðsins jukust um 100% og voru í lok árs 3.795 milljónir króna. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn Vista hefur þá sérstöðu að KB banki leggur árlega til lokabónus sem er eign sjóðfélaga.

Nánari upplýsingar um Vista hjá lífeyrissráðgjöfum
í síma 444 7000 eða á kblifeyrir.is.



„ORÐRÉTT“

Öryggið á oddinn

„Það er af þeirri einföldu ástæðu að við viljum ekki að þetta fólk verði fyrir áreiti.“

JÓNATAN GARDARSSON
SÖNGVAKEPPNISSTJÓRI RÚV UM
NAFNLEYND ÞEIRRA ER VÖLDU
LÖGIN TIL ÞÁTTÖKU Í KEPPNINI.
FRÉTTABLAÐIÐ.

Bönnum VG

„Afturhaldssamur og
öfgafullur stjórnmálaflokkur
sem er á móti skattalækku-
num, atvinnuuppbyggingu
og framförum í íslensku
efnahagslífi á ekki erindi í
íslensk stjórnmál.“

BIRKIR JÓN JÓNSSON ÞINGMAÐUR
FRAMSÓKNARFLOKKS Í GREIN UM
VG Í MORGUNBLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGGI HALL MATREIÐSLUMEISTARI

Við erum bestu saltfiskkokkar heims

„Ég er á fullu við að skipuleggja fimmtu matar-
hátiðina Food & Fun á Íslandi,“ sagði Soggi Hall
þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Hún
verður haldin 22. til 26. febrúar næstkomandi.
Allt er þar komið á lokasprettinn en þá eru það
litlu smáatriðin sem eftir eru og oft fer mestur
tími í þau.“ Og hver eru þessi smáatriði? „Stærðir
á kokkajökkum á þá sem koma eru ofarlega á
blaði. Kokkarnir eru frá tíu löndum og þeir eru
litlir og stórir og feitir og lágir og háir og allt þar
á milli.“

Soggi segist hafa það gott. „Ég er einmitt núna
að gera matseðil með yfirkokkinum mínum á
Óðinsvéum. Það er alltaf eitthvað spennandi á
matseðlinum hjá okkur. Við erum að fara að setja
í gang fjögurra rétta smökkunarmatseðil og við
erum líka mjög hrifnir af íslensku öndinni þessa
dagana. Já, og ekki má gleyma fiskréttunum
okkar,“ hrópar hann eins og blaðamaður ætli að



skella á hann. „Ég er núna að taka upp yndislegan
saltfisk sem við erum að útvatna og ganga frá.
Við erum alltaf með saltfisk hérna hjá okkur og
teljum okkur vera með fremstu bacalaomönn-
um í heimi. Íslendingar hafa alltaf vitað að þeir
framleiða besta saltfisk í heimi en alltaf selt hann
allan úr landi til Spánar og Portúgal. En núna
eru uppskriftirnar og ferskar og skemmtilegar
hugmyndir að koma hingað heim til baka og ekki
þessi einstefna sem var. Svo er líka gaman að
vinna við þetta hráefni á hefðbundinn hátt með
smjöri og góðum kartöflum og öðru grænmeti
sem við höfum hérna heima. Við reynum alltaf að
vera með einn rétt á matseðlinum sem er suð-
rænn en líka annan sem er með meira norrænu
yfirbragði, eða svolítið íslenskan. Auðvitað er
þetta allt voðalega spennandi og gert á nýstárleg-
an máta,“ segir Soggi eldhress að vanda og býður
alla hjartanlega velkomna í mat.

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
ANNA EKKI Á LISTA
FRAMSÓKNARFLOKKSINS

ARNPRÚÐUR KARLSDÓTTIR
ÚTVARPSSTJÓRI

Eðlileg
viðbrögð

„Ég held að þetta séu eðlileg viðbrögð
af hennar hálfu því hún hafði gefið
það út að hún sæktist eftir fyrsta
sætinu,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir,
útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu, um
þá ákvörðun Önnu Kristinsdóttur
borgarfulltrúa að taka ekki sæti á lista
Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórn-
arkosningarnar vor. Anna hafnaði í
öðru sæti prófkjörs framsóknarmanna,
á eftir Birni Inga Hrafnssyni.

Ákvörðun Önnu kemur Arnþrúði
ekki á óvart. „Eftir því sem mér skilst
ætlaði hún aldrei að taka annað
sætið.“

Arnþrúður efast ekki um að listi
framsóknarmanna sé veikari án Önnu.
„Hún er náttúrulega borgarfulltrúi og ég
held að þetta hljóti að veikja listann.“

Toppurinn á tilverunni

Langþráður draumur
Guðbergs Guðbergsson-
ar rættist þegar hann fór
nýlega til Bandaríkjanna og
flaug herþotu. Guðbergur
hefur gert margt ævintýra-
legt um ævina en ekkert
af því kemst í líkingu við
þotuflugíð.

Guðbergur er enn í skýjunum
eftir að hafa flogið þotunni, sem
er af gerðinni AERO L-39 C, og
er notuð af herjum víða um heim.
„Þetta var æðislegt. Toppurinn á
tilverunni,“ segir Guðbergur og
andlitið ljómar við tilhugsunina.
Hann hefur prófað margt um
ævina, meðal annars akstursí-
þróttir af ýmsu tagi, og hefur
haft áhuga á flugi um margra ára
skeið.

Guðberg hafði lengi langað til
að fljúga herþotu en það er hæg-
ara sagt en gert að komast í flug-
stjórásætið í slíkri vél. „Þetta
var langt ferli, ég þurfti meðal
annars að skila læknisvottorði,
framvísa amerísku flugskírteini,
hafa ákveðið marga flugtíma að
baki og svo þurfti ég að senda
afrit af vegabréfinu mínu til
bandarísku alríkislögreglunnar,“
segir Guðbergur. Þar á bæ
var gengið úr skugga um hann
væri ekki hryðjuverkamaður
en enginn fær að fljúga herþotu



GUÐBERGUR „TOP GUN BEGGI“ GUÐBERGSSON Í FLUGSTJÓRASÆTINU „Þetta var æðislegt. Toppurinn á tilverunni,“ segir Guðbergur um reynsluna af því að fljúga AERO L-39 C herþotu. Honum býðst nú að fara til Moskvu og fljúga MiG 23.

í Bandaríkjunum nema fara í
gegnum slíkt.“

Fyrir nokkrum árum lærði
Guðbergur listflug í Bandarík-
junum og í gegnum tengsl sem
hann kom sér upp þá komst hann
í samband við mann sem á her-
þotur og annast þjálfun flug-
manna.

Potan sem Guðbergur flaug
á sér sögu. „Hún var notuð við
upphafsatriði James Bond mynd-
arinnar Die another day. James
lendir í átökum við fjölmarga
vopnaða karla, sprengir allt upp
og flýgur svo burt á vélinni.“ Og
ekki er að spyrja að flugeigin-
leikum AERO L-39C. „Hún klifrar
fimmtán þúsund fet á mínútu
og það tók mig 40 sekúndur að
fljúga úr 500 fetum í tíu þúsund
fet.“ Á mannamáli þýðir þetta að
vélin fer hratt. Hún nær þó ekki
hljóðhraða en það er aldrei að
vita nema Guðbergur eigi eftir
að fljúga slíkri þotu áður en langt
um líður. „Maðurinn sem ég
flaug með hefur aðgang að MiG
23 en hún nær fimmföldum hljóð-
hraða. Ég þarf að fara til Moskvu
til að fljúga svona þotu því þær
eru í eigu rússneska hersins.“

Guðbergur fékk góða dóma
frá flugþjálfaranum sem meðal



SÉÐ YFIR FORT LAUDERDALE Útsýnið yfir borgina var glæsilegt og þótt Guðbergur hafi þurft að hafa augun á mælunum gat hann notið þess.

annars sæmdi hann nafnbótinni
„Top Gun Beggi“. Hann skrif-
aði líka í viðurkenningarskjal
að Guðbergur hefði flogið sem
atvinnumaður væri. Ekki amaleg
einkunn það.

Guðbergur vill ekki segja hvað
ævintýrið kostaði en viðurkennir

fúslega að það hafi verið dýrt og
nefnir að þotan hafi eytt um 600
lítrum af eldsneyti á tímann. „En
það var sko vel þess virði að prufa
þetta fyrir svona dellukarl eins
og mig,“ segir Top Gun Beggi og
lætur sig dreyma um MiG 23 og
Moskvu.

bjorn@frettabladid.is



TOPPURINN Á TILVERUNNI Guðbergur rekur þumalinn upp til merk-
is um að flugið hafi verið stórkostlegt.



ADSTÆÐUR KANNADAR Guðbergur athugar hvort ekki sé allt á
sínun stað áður en lagt er af stað í himinloftin.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

STÓRSMYGLARINN MIKAEL MÁR

BENDLAÐUR VIÐ
HEIMABANKA-
RANIÐ FYRIR
SMYGLIÐFékk tvær milljónir
inn á bankareikning

FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL FÖSTUDAGS

20% AFSLÁTTUR




Dagana 8.- 10. febrúar bjóðum við öll bætiefni með 20% afslætti

Látum ekki fylgifiska vetrarkuldans leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflid og höldum heilsu með varnarefnum náttúrunnar.

Sérhæft starfsfólk Heilsuhússins aðstoðar þig fúslega við að velja réttu bætiefnin.

Svona erum við

> Auglýsingatekjur eftir flokkum fjölmiðla 2004



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: UPPNÁM YFIR TEIKNINGUM

Ótti við hjáguðadýrkun

Gríðarleg mógæsing hefur gripið um sig víðs vegar um heim vegna birtingar Jótlandsþóstsins danska á teikningum af Múhameð spámanni. Blaðið birti myndirnar í september á síðasta ári, og síðan hafa tugir annarra fjölmiðla endurbirt myndirnar í heild sinni eða að hluta til. Síðustu vikunar hafa fjölmörg mótmæli verið haldin bæði gegn birtingu myndanna, sem og til stuðnings prentfrelsi.

Hví má ekki birta myndir af spámanninum?

Enginn veit í raun hvernig spámaðurinn leit út. Í Kóraninum, helgri bók múslima, eru bæði myndir af fólki og dýrum bannaðar til að koma í veg fyrir hjáguðadýrkun. Það segir sig sjálft að bannið nær einnig yfir spámanninn. Hugsanlegt er að vestrænar þjóðir líti barnaklám eða ljós-myndir af látnum hermönnum svipuðum augum og trúaðir múslimar sjá myndbirtingar af spámanninum.

Hvers vegna voru myndirnar birtar?

Myndirnar voru upphaflega birtar eftir að ritstjórar Jótlandsþóstsins höfðu



samband við dagblaðateknara og báðu þá um myndir sem sýna hvernig Múhameð gæti hafa lítið út. Ritstjórnir fengu hugmyndina í kjölfar vandræða barnabók-arhöfundar sem skrifaði bók um spámanninn en tókst ekki að finna neinn til að myndskreyta hana.

Hver er ástæða illindanna?

Á meðan sumir sjá myndirnar eingöngu sem skaðlausar teiknimyndir, líta aðrir á þær sem alvarlegt guðlast og telja vegið að íslam og helgisiðum múslima. Kald-En málið hefði sennilega ekki farið langt út fyrir landsteina Danmerkur, hefði þetta þrennt ekki komið til: pólitískur uppgangur ofbeldissinnaðra múslima, fréttaflutningur á netinu og herferð Bandaríkjanna gegn hryðju-verkum. Margir múslimar telja herferð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum beinast gegn íslamstrú, því hingað til hefur hún eingöngu beinst að íslömskum löndum.

SPURT & SVARÐ

SKOPEIKNINGAMÁLID

Bandaríkja-menn ábyrgir

Mikil ólga er hjá múslimum út um allan heim eftir að skopeikningar danska dagblaðsins Jyllandsposten voru gerðar opinberar í Mið-Austurlöndum.

Hvers vegna telur þú að viðbrögð múslima séu með þessum hætti? Kristnir menn eiga að þekkja af sögu sinni að það vantaði ekkert upp á öfgar og ofbeldi í boðun kirkjunnar. Sem betur fer var þessari áþján velt af Vesturlandabúum við aðskilnað ríkis og kirkju. Því miður sitja áhangendur Múhameðs enn uppi með ríki og trú í sama farteskinu og gjalda þess grimmilega.

Hvað er til ráða við þeirri stöðu sem upp er komin? Það er svo að múslimar upplifa afstöðu Vesturlandabúa til bæði arabaheimsins og trúarbragða í gegnum atferli Bandaríkjanna í þessum heimshluta. Bandaríkjamenn fjármagna og vopna Ísrael sem beitir grimmilegum hernaði gegn vopnlausu fólki í Palestínu. Innrásin í Írak er löglaus og siðlaus. Bandaríkin hafa haldið uppi gjörspilltum ríkisstjórnunum sem standa að baki þessum harkalegu viðbrögðum núna. Til þess að bæta ástandið þarf að breyta þeirri upplifun.



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON
Fyrirverandi sendiherra í Bandaríkja-

Samanburður á kostnaði við raforkuflutning til álvers á Norðurlandi er Húsvíkingum mjög í hag. Eyfirðingar eygja enn von en Skagafjörður er væntanlega út úr myndinni.

Með tilliti til kostnaðar við raforkuflutning til hugsanlegs álvers Alcoa á Norðurlandi er Bakki við Húsavík afgerandi besti kosturinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yrði árlegur flutningskostnaður raforku vegna álvers við Húsavík 540 milljónir króna en 900 milljónir króna ef álverið rís á Dysnesi í Eyjafirði. Kostnaður við raforkuflutning vegna álvers á Brimnesi í Skagafirði yrði enn hærri eða 1.520 milljónir króna á ári. Alcoa ber kostnaðinn af flutningi raforkunnar og þar sem aðrir ráðandi þættir vega ekki upp á móti háum flutningskostnaði raforku er Skagafjörður að líkindum ekki fýsilegur kostur í hugum stjórnenda Alcoa.

Kostnaður við orkuflutninginn miðast við sjö prósentu reiknivexti og að árleg framleiðslugeta álversins verði 250 þúsund tonn. Jafnframt er gert ráð fyrir að álver við Húsavík og í Eyjafirði styðjist við háhitasvæðin í Þingeyjarsýslum, varðandi orkuöflun, en álver í Skagafirði fengi raforku frá vatnsaflsvirkjunum á Norð-



HÚSAVÍK Þorri Húsvíkinga hungur í álver og myndu taka Alcoa fagnandi líkt og Austfirðingar gerðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

vesturlandi, auk háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum.

Vilja ekki greiða meira en 21 mills

Óformlegar viðræður um raforkuverð hafa farið fram á milli Alcoa annars vegar og Landsvirkjunar og Þeistareykja hins vegar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Alcoa verið kynnt ákveðið þröngt verðbil og samkvæmt sömu heimildum segjast stjórnendur Alcoa ekki geta greitt meira en 20 til 21 mills vegna raforkuverðs og orkuflutnings. Formlegar orkuviðræður verða hins vegar ekki teknar upp á milli samningsaðila fyrr en Alcoa hefur tekið ákvörðun um staðarval en sú ákvörðun verður kynnt í þessum mánuði.

Mismunur á kostnaði vegna raforkuflutnings til álvers við Húsavík og álvers í Eyjafirði er um 1,6 mills eða nærri átta prósentum af heildarraforkukostnaði, Húsavík í hag. Því er líklegra að samningar takist um raforkuverð ef álverið rís við Húsavík en ef það rís í Eyjafirði.

Í samanburðarskýrslu sem unnin var í tengslum við staðarvalsrannsóknir á stöðunum þremur er ekki mælt með einum stað frekar en öðrum. Öllum valkostunum var gefin einkunn, A, B eða C, með tilliti til margvíslegra rannsókna sem framkvæmdar voru og niðurstaðan er að allir staðirnir hafa eitthvað til síns ágætis. Í skýrslunni er hins vegar ekki tekið tillit til mismunandi vægis rannsóknarþáttanna og því útilokað að bera valkostina saman í heild á grundvelli einkunnargjafarinnar.

Hafnaraðstaða gæti skipt máli

Kostnaður við fullnægjandi hafnaraðstöðu skiptir töluverðu máli fyrir Alcoa því hann mun væntanlega endurspeglast í þeim haf-



HÚSAVÍKURHÖFN Til að 60 þúsund tonna flutningaskip geti lagst að bryggju á Húsavík þarf að ráðast í hafnarframkvæmdir sem kosta munu allt að 2,6 milljörðum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

argjöldum sem félagið þarf að greiða.

Í samanburðarskýrslunni kemur fram að Dysnes í Eyjafirði er ákjósanlegasta staðsetningin með tilliti til hafnarframkvæmda og kostnað þeim samfara. Kostnaður við nýja álvershöfn í Eyjafirði, sem tekið getur á móti 60 þúsund tonna flutningaskipum, er áætlaður 1,3 milljarðar króna en kostnaður vegna stækkunar Húsavíkurhafnar og nýrrar hafnar í Skagafirði er áætlaður 2,6 milljarðar króna á hvorum stað. Lægri flutningskostnaður raforku til álvers við Húsavík en álvers í Eyjafirði, 360 milljónir króna á ári, jafnar fljótt þann mun, 1,3 milljarða króna, sem ber í millum vegna kostnaðar við hafnarframkvæmdir.

Líklegast að Húsavík verði fyrir valinu

Samkvæmt samanburðarskýrslunni hefur Eyjafjörður nokkra fleiri kosti en hafnaraðstöðu fram yfir Húsavík eins og til dæmis minni jarðskjálftahættu, stærri

vinnumarkað og betri samgöngur. Þeir kostir skipta hins vegar ekki sköpum varðandi ákvörðun Alcoa. Raforkuverð, flutningskostnaður raforkunnar, hafnaraðstaða og samstaða á meðal heimamanna mun hafa afgerandi áhrif á afstöðu Alcoa.

Samkvæmt viðhorfsskönnunum er drjúgur meirihluti Akureyringa hlynntur álveri en samstaðan er minni í Eyjafirði í heild þótt meirihluti sé fylgjandi álveri. Samstaða Húsvíkinga er nær algjör og afstaða þeirra mjög einörð. Húsvíkinga hungur í álver og þeir myndu taka Alcoa ákaft fagnandi, líkt og Austfirðingar gerðu. Ákveði Alcoa yfir höfuð að reisa álver á Norðurlandi hniga flest veigamikil rök til þess að Húsavík verði fyrir valinu.



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN KRISTJÁNSSON
kk@frettabladid.is

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Viltu skipuleggja þig betur?

Tímastjórnun

13., 15. og 20. febrúar 16:30-19:30

Til að auka árangur og stuðla að jafnvægi er mikilvægt að beita markvissum aðferðum til þess að ná heildarmarkmiðum í lífi og starfi. Á námskeiðinu þróa þátttakendur aðgerðalista, fá þekkingu til að forgangsraða verkefnum á skilvirkan hátt, setja sér raunhæf markmið og fá ráð til að skipuleggja sig betur.

Verð kr. 18.000,-

Frábært námskeið fyrir þá sem þurfa að skipuleggja starf sitt og tíma betur.

Leiðbeinandi: Jóna Rut Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi, M.A. sálfræði.

Upplýsingar og skráning:
Lóa Ingvarsdóttir
Sími: 599 63 50
li@ru.is
www.ru.is/simennt



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Vissir þú að:

Á árinu 2005 var 1.501 hestur fluttur úr landi. Þar af flestir til Svíþjóðar, alls 335.
Heimild: www.worldfengur.com

fákar

og fólk

Félagsfundur Gusts í Kópavogi: Rætt um ný félagssvæði

Félagsfundur veður haldinn í veislusal hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi á morgun, 9. febrúar klukkan 20.15. Á fundinum mun Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri og víðræðunefnd félagsins kynna hugmyndir um nýtt félagssvæði á Kjóavöllum og nágrenni.



Júlíus Brjánsson: Keypti hestavefinn 847.is

„Þetta á að vera virkur fréttamiðill frá degi til dags,“ segir Júlíus Brjánsson um hestavefinn www.847.is sem hann hefur nýverið fest kaup á. Það er Pókus ehf. sem stendur á bak við kaupin, en það eiga Júlíus og fjölskylda hans ásamt fleirum. Júlíus verður umsjónarmaður, en fleiri munu koma að fréttaðflun og skrifum.

„Við munum leggja áherslu á kynbótapáttinn og ræktunina og kappkosta að sinna þeim lesendahóp vel,“ segir hann. „En við munum að sjálfsögðu gera eins vel við alla þætti hestamenskunnar og kostur er.“

Landssamband hestamannafélaga og Landsmót ehf: Nýr framkvæmdastjóri

Guðrún H. Valdimarsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga og Landsmóts hestamanna ehf. Þetta er nýtt starf en hingað til hafa framkvæmdastjórar landsmóta verið ráðnir tímabundið og ekki hefur verið starfandi framkvæmdastjóri hjá LH um nokkurra ára skeið.

Guðrún hefur starfað sem hagfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur og sem fjármála- og starfsmannastjóri hjá Fortis, auk þess að hafa áralanga reynslu af störfum í blaðamennsku. Hún hefur verið í hestamennsku frá barnsaldri og var um árabil farastjóri hjá Íshestum. Guðrún hefur störf mánudaginn 13. febrúar.

HESTAMAÐURINN: HULDA G. GEIRSDÓTTIR

Ætlar að keppa á Gullskjónu

„Það er hugur í okkur Gustsmönnum. Menn eru léttir og kátir og byrjaðir að ríða út á fullu. Við ætlum að hafa það gott í Glaðheimum meðan við verðum þar og ef við förum eitthvað annað þá verður bara ennþá betra þar.“ segir Hulda G. Geirsdóttir.

Hún og Bjarni Bragason keyptu sér nýverið stærra hesthús í því umrædda hverfi Glaðheimum. Um næstu helgi verður árs hátíð hjá Gusturum. Þá verður fyrsta mót vetrarins haldið, vetrarleikar í reiðhöllinni.

„Ég ætla að vera með,“ segir Hulda. „Ég stefni að því að fara með uppá-haldshryssuna mína, hana Gullskjónu, og sjá hvað við getum gert saman, stöllumar. Hún er undan Huga frá Hafsteinsstöðum og Sýn frá Laugarvatni, sem ég á fjögur hross undan. Þetta er blóð sem mér líkar mjög vel.“

Þau Bjarni eru með níu hross og þrjú folöld á húsi. Tveir ungir aðstoðarmenn eru hjá þeim, sem ríða út með þeim.

„Ég er voða spennt fyrir þessum vetri. Ég er með mikið af spennandi og skemmtilegum hrossum, þar á meðal ungar hryssur sem er búið að frumtemja og eru í vinnslu eins og sagt er. Einnig eldri hross sem búið er að vinna í en eru alltaf að bæta sig.“

Hulda og Bjarni hafa fengist við ræktun og nú segist hún vera í fyrsta skipti með hross á húsi úr eigin ræktun, sem verið er að ríða á.

„Þetta er voða gaman og viss tímamót hjá manni,“ segir hún. „Það er ofsalega spennandi að rækta, sjá hvað maður fær og hvernig það þróast. Fátt er skemmtilegra heldur en að fylgjast með folöldunum. Þess vegna erum við nú einmitt með folöldin inni, til að kynnst þeim betur fyrsta veturinn, sjá hvernig skapgerðin er og „týpurnar.“ Maður lærir mikið á því. Við fortemjum þau aðeins, kennum þeim að teymast, taka upp á þeim fót, kemma þau og venja við snertinguna. Það er ekki spurning að það er mjög gott að undirbúa ungu hrossin með þessari meðhöndlun, án þess þó að dekra þau.“

Hulda með Felix frá Stóra-Sandfelli, hálfbróður Gullskjónu.



Sundið styrkir og stælir

Tvær hestasundlaugar eru í byggingu á Íslandi. Áhuginn á sundi sem þjálfunaraðferð íslenskra hesta vaknaði fyrir alvöru eftir frábæran árangur Jóhanns Skúlasonar sem varð heimsmeistari í tölta á síðasta ári á stóðhestinum Hvin frá Holtsmúla sem Jóhann þjálfaði meðal annars í sundi.

„Það sést stór munur á hestum sem hafa verið í þessu lengi,“ segir Jóhann Skúlason heimsmeistari í tölta sem búsettur er í Danmörku og fer vikulega með fimm hesta á kerru, 25 kílómetra leið, til að láta þá synda í innisundlaug. „Sundið styrkir marga vöðva og eykur þol. Hins vegar er ekkert álag á sínar því hestarnir berja ekki löppunum í grjótharðar götur,“ útskýrir Jóhann sem byrjaði á sundþjálfun hesta sinna fyrir rúmu ári síðan. Hann segir hestana ánægða með þjálfunina og lygni þeir beinlínis aftur augunum þegar þeir standi í hitaljósnum eftir góðan sundsprett, en það þarf að gera til að þurrka þá.

Jóhann segir sundþjálfunina, líkt og aðra þjálfun, fara stigvaxandi. Til að byrja með syndi hestarnir ekki langt, tvær ferðir fram og til baka í 35 metra laug. Þá bættist við ferð í hvert skipti og einnig farið að synda á hring.



HEIMSMEISTARAR Jóhann Skúlason varð heimsmeistari í tölta árið 2005 á stóðhestinum Hvin frá Holtsmúla. Jóhann stefnir á að verja titilinn á Hvin á HM 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIDFAXI

Þegar hestur er kominn í toppþjálfun segir Jóhann sundið vara í um 25 mínútur.

Sú gagnrýni hefur komið fram að sundið henti ekki öllum hestum þar sem sumir kunni ekki að synda og beiti vöðvum vitlaust. Jóhann gefur ekki mikið fyrir þær gagnrýnisráddir. „Hestar byrja stundum að synda fattir þannig að rétt sér í nefið á þeim

og maður hefur á tilfinningunni að þeir séu að drukkna, en það breytist eftir því sem þeir styrkjast og lendin kemur upp úr vatninu,“ útskýrir Jóhann og bætir við að hann myndi ekki vera að þessu ef hann sæi ekki árangur erfiðisins enda kostar þetta bæði tíma og peninga.

Tvær hestasundlaugar eru í byggingu á Íslandi, ein í Víðidal, sem ef að líkum lætur verður opnuð fyrir vorið, og önnur í Áskoti í Rangárvallasýslu en vonast er til að hún verði tekin í notkun mánaðarmótin mars, apríl.

Jóhann tekur undir nauðsyn þess að koma upp góðri sundaðstöðu á Íslandi. Hann óttast þó að þetta geti orðið nokkurs konar loftbólur sem springi. „Við erum þannig Íslendingar flestir hverjir að við viljum sjá árangur strax á fyrstu viku sem þú gerir auðvitað ekki. Þetta er ekki lausn á einu eða neinu eitt og sér og það verður að ríða hrossum eins og alltaf hefur verið,“ segir heimsmeistarinn ákveðinn.

solveig@frettabladid.is

pörupiltar

á Kringluhránni miðvikudagkvöld kl. 22:00

Uppistand, dans, söngur, glens og mikið grín!



Leikkonur: Alexia, Arnþjórg Hlíf, Halldóra Geirharðs, Ólafía Hrönn, Halla Margrét, Hildigunnur, Ingrid, Sólveig og María.

Aðgangseyrir 1200 kr.



Á SUNDI Jóhann keyrir hesta sína 25 kílómetra leið að Hammerthor Pool Center í Danmörku þar sem þeir eyða deginum í sundi og slökun undir hitaljósnum.

HAMMERTHOR POOL CENTER

SÉRFRÆÐINGURINN SIGURÐUR TORFI SIGURÐSSON JÁRNINGAMEISTARI

Best að nota ekki botna undir heilbrigða fætur

Einungis á að nota botna þegar hestur er sárfættur, notaður undir álagi á hörðum keppnisvöllum eða á ferðalögum, segir Sigurður Torfi Sigurðsson járnningameistari. Lausnarorðin „bara að skella honum á botna“ hefur oft heyrst í gegnum tíðina ef vandamál gera vart við sig hjá reiðhestinum. En þetta er ekki svona einfalt, að sögn járnningameistarans.

„Botna á að nota ef hesturinn er með eymsli í hóf. Þá eru þeir nauðsynlegir. Maður setur ekkert á botna bara til að setja á botna. Það er betra fyrir hestinn að vera án þeirra,“ segir hann. „Sumir hestar þurfa alltaf að vera á botnum, til að mynda hafi hesturinn fengið hófsperru og hófbotninn orðinn siginn.“

Sigurður Torfi segir ekki rétt að



SIGURÐUR TORFI Járnningameistari að störfum.

hófbotn sigi á hestum sem járnaðir eru á botna. Hins vegar eyðist hann ekki, þannig að tálga þurfi hann upp, fjarlægja dautt horn og hreinsa hann vandlega við járnungu. Sé rétt frá botna-

unum gengið örvi þeir frekar blóðflæði í hóftungu heldur en hitt. Sé pakkað með hófbotninum liggja massi í hóftungunni og hófbotninum. Því sé frekar um örvun að ræða einkum sé hófurinn vaxinn. Sjálfur kveðst Sigurður Torfi nota sérstakt silikonefni sem loki algjörlega þannig að skitur og mól komist ekki undir botninn. Þá standi tjóruhampurinn alltaf fyrir sínu með mjúkum botnum.

„Þegar stefnt er með hross í keppni er gott að hafa einhverja kransa eða botna til að hlífa þeim. Oft er verið að keppa eða sýna hross á hörðum velli þannig að slíkur búnaður hlífir sinum og liðum mjög mikið. En í reiðtúrum í hesthúsahverfunum eru mjúkar götur, þannig að þar er ekki þörf fyrir botna á heilbrigðan hóf.“

Hvernig týpa ert þú?

Sækist þú eftir
endalausum
„afsláttum“
eða einfaldlega
góðu verði?

Viðskiptavinir Múrbúðarinnar tilheyra þeim ört
stækkandi hópi neytenda sem sjá í gegnum tilboð og
afsláttarbrellur á byggingavörumarkaði og vilja geta
keypt byggingavörur á hagstæðu verði, alltaf.



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Hópur fyrrverandi bankamanna óánægður með lífeyrisréttindi sín

Lífeyrissjóðir standi undir nafni

Lífeyrissjóðir landsmanna hafa yfirleitt eflst á síðustu árum, þótt áraskipti hafa verið af ávöxtun sjóðanna vegna ýmissa lytri aðstæðna bæði hér á landi og erlendis. Þeir eru orðnir verulegt afl á fjármálamarkaði hér og hafa í mörgum tilfellum hagnast vel á því, þótt undantekningar séu þar á. Sagt hefur verið að mörg lönd hafi litið öfundaraugum til lífeyrissjóðakerfisins hér á landi og gjarnan viljað búa til sama kerfi fyrir landsmenn sína. Það skýtur þess vegna svolítið skökku við að þeir sem greitt hafa samviskusamlega í lífeyrissjóði sína svo árum skipti fái svo ekki út úr sjóðum sínum það sem þeir höfðu búist við þegar kom að greiðslu lífeyris.

Allt ber þetta að sama brunni, og það er að lífeyrissjóðirnir séu stórir og sterkir og geti tekist á við hlutverk sitt, sem er að greiða út réttlátan lífeyri og örorkubætur. Þá þarf fjárfestingarstefnan að vera þannig að þeir geti mætt óvæntum áföllum

Staðreyndir um að hópur bankamanna hafi nú um margra missera skeið staðið í baráttu til að rétta hlut sinn varðandi lífeyrisgreiðslur hafa verið raktar hér á síðum Fréttablaðsins og víðar að undanförmu. Einstaklingar hafa rekið nokkur slík mál fyrir dómstólum, en ekki haft erindi sem erfiði fram til þessa. Dómendur í Hæstarétti skiptust í tvo hópa í afstöðu sinni, en það nægði samt ekki til þess að lífeyrisþegar ynnu málið.

Innan tíðar verður væntanlega tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur mál á hendur Landsbanka Íslands og tveimur ráðherrum, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, vegna lífeyrisskuldbindinga. Það er Lífeyrissjóður bankamanna sem höfðar málið. Stefna í þessu máli var gefin út um mitt síðsta ár, og af einhverjum ástæðum hefur dregist að taka það fyrir. Gera má ráð fyrir að hér sé um prófmál að ræða sem getur tekið til fjölda manna, og það verður ekki síst fylgst með því vegna þess að um er að ræða mál sem tengist sölu ríkiseigna.

Þetta er reyndar ekki eina dæmið um að lífeyrissjóðir hafi skert lífeyrisréttindi sjóðsfélaga sinna, því fjöldi manna hefur orðið að una því að réttindagreiðslur úr lífeyrissjóðum sem fólk hefur greitt í svo áratugum skiptir hafa verið skertar. Sumir þessara sjóða hafa verið litlir og vanmáttugir og ekki staðist óvænt áföll, eða þá fjárfestingarstefnan hefur ekki heppnast sem skyldi. Hjá öðrum hefur aukning örorkugreiðslna haft það í för með sér að sjóðirnir hafa orðið að skerða almennar lífeyrisgreiðslur.

Allt ber þetta að sama brunni, og það er að lífeyrissjóðirnir séu stórir og sterkir og geti tekist á við hlutverk sitt, sem er að greiða út réttlátan lífeyri og örorkubætur. Þá þarf fjárfestingarstefnan að vera þannig að þeir geti mætt óvæntum áföllum, og því mega þeir ekki hafa öll eggin í sömu körfunni, eins og stjórnendum þeirra núorðið er orðið ljóst.

Horfur eru á því að flest allir lífeyrissjóðir landsins hafi verið með góða ávöxtun á síðasta ári, en það þarf ekki að leita langt aftur í tímann til að finna hið gagnstæða. Góðærið hér og uppgangur á mörgum sviðum skilar sér í góðri afkomu lífeyrissjóðanna og er vonandi að svo verði áfram, svo samviskusamir launþegar þurfi ekki að búa við skert lífeyrisréttindi þegar þar að kemur. ■

NÝJA REYKJAVÍK · KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ

DAGUR ÁVANN SÉR TRAUST HJÁ SAMSTARFSFÓLKI OG SJÚKLINGUM



Það hefur verið ákaflega ánægjulegt að starfa með Degi B. Eggertssyni á Landspítalanum. Hann hefur aldrei dregið af sér og verið yndislegur við samstarfsfólkið, sama hvort það voru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar eða aðrir. Mér fannst hann nærgætinn við sjúklinga og vinna sér traust hjá þeim eins og öðrum.

Unnur Sigtryggisdóttir, deildarstjóri hjartadeilda
Landspítala-Háskólasjúkrahúss

DAGUR1 SÆTI

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óreiðustjórnsmál

Glerharður prófkjörsslagur frambjóðendanna þriggja, sem berjast um efsta sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík, nær sínum mestu hæðum í dag og næstu tvo daga, enda er prófkjórið sjálft um helgina. Stuðningsmenn kempa fjölmiðlana, veifa skeiðklukkum framan í þáttastjórnendur ljósvakamiðlanna og leggja tommostokkinn við dálka dagblaðanna. Þeir skoða vel auglýsingar keppinautanna og virkja félagasamtök sem þeir kunna að vera tengdir eða njóta hugsanlega velvildar hjá.



Sýndarlýðræði

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík um næstu helgi er galopið.

Hér rifjast upp kenning Ólafs Hannibalssonar, sem segir lýðræðið skrumskælt og takmarkað hér á landi. Engar reglur um prófkjör. Engin leið til að áfrýja niðurstöðum ef grunur leikur á því að rangt sé haft við.

Í prófkjöri Framsóknarflokksins á dögnum máttu þeir greiða atkvæði sem sýndu flokksskirteini, en einnig hinir sem skrifuðu undir það að þeir styddu stefnu Framsóknarflokksins. Þátttakan benti til þess að allt að 1.500 manns hefðu kvittað undir stefnunni án þess að ganga í flokkinn. Halldór Blöndal ávarpaði Ágúst Ólaf Ágústsson á þingfund í vetur og sagði hann hafa fengið 900 atkvæði í varaformannsslag á 500 manna landsfund í Samfylkingarinnar.

Uppáhaldsbókstafurinn

Ég hef aldrei gefið mig út fyrir að vera sá spámaður, sem sér fyrir óöröna pólitíska atburði. Þessi högværð mín hefur þó ekki komið í veg fyrir að ég hef nokkrum sinnum á undanförmum mánuðum - eða allt frá því að prófkjöri sjálfstæðimanna um framboðslista lauk - verið spurður um hvort ég sé ekki sammála því áliti langflestra leiðarahöfunda, pólitískra álitsgjafa, pistlahöfunda og þáttastjórnenda að Sjálfstæðisflokkurinn sé með sigurvænlegum lista sínum búinn að vinna kosningarnar, nú sé ekki annað eftir en að hespa kosningunum af og telja upp úr kjörkössunum. Sjálfar kosningar séu nú bara nánast formsatriði eins og allar skoðanakannanir staðfesti.

Með áðurgreindum fyrirvara um spádómsgáfu mína hef ég reyndar alltaf svarað þessari spurningu neitandi og reynt að færa nokkur rök fyrir því áliti mínu. Fyrir það fyrsta hefur mér ekki fundist að kjósendur hafi haft nokkrar forsendur til að gera upp hug sinn á þessu stigi málsins. Framboðslistar annarra flokka hafa hvorki fengið ásjónu né innihald. Álíka gáfulegt væri að spyrja: ef þú mátt velja um stafina B, D, F, S eða V, hver er þá uppáhaldsstafurinn þinn? Þótt ég viti að íslenskir kjósendur eru nokkuð fastheldnir á stuðning við flokka sína, er ég samt svo bjartsýnn að álíta, að það skipti þá máli hverjir skipi framboðslista og leiði þá, svo og hver stefnumál listanna eru. Með öðrum orðum: ég held að kosningabarátta skipti máli og geti leitt til þess að hluti kjósenda skipti um skoðun og telji að kosningar snúist um annað og fleira en fastheldni við bókstafinn.

Lítum aðeins á fortíðina. Sjálfstæðisflokkurinn hefur jafnan um áratugi átt fylgi í borginni sem nægir fyrir a.m.k. sjö borgarfulltrúum. Stundum hefur hann unnið áttunda manninn á óhagstæðri skiptingu atkvæða milli sundraðra andstæðinga. Einstaka sinnum hefur hann gert betur og fengið meirihluta atkvæða og borgarfulltrúa, en

Í DAG PRÓFKJÖR OG KOSNINGAR

ÓLAFUR
HANNIBALSSON

Meðan listabókstafir hafa ekki fengið líf og lit, andlit og innihald er of snemmt að ganga út frá því að einhver fylkingin sé með unnið tafl.

Það heyrir til undantekninga. Síðustu tólf ár hefur hann farið halloka fyrir sameinuðum andstæðingum undir merki R-listans. En það er ekki aðeins samheldni andstæðinganna, sem hefur staðið honum fyrir þrifum. Öll þessi ár hefur hann klúðrað sínum eigin forystumálum og keyrði klúðrið þó um þverbak fyrir síðustu kosningar enda fór hann þá niður í sex borgarfulltrúa. Þetta tókst að laga með prófkjöri í haust, sem hefur gefið flokknum forskot hingað til í skoðanakönnunum, meðan aðrir flokkar hafa ekki komið saman sínum listum, hvað þá opinberað stefnumál sín. Þetta tel ég að gefi honum sjö borgarfulltrúa í upphafi kosningabaráttu og baráttan muni standa um áttunda fulltrúann.

Aðildarflokkar R-listans eiga skiljanlega undir högg að sækja eftir upplausn regnhlífarsamtaka sinna. Ég tel miklar líkur á því að Framsókn nái engum fulltrúa í vor. Bæði held ég að kjósendur telji litla ástæðu til að verðlauna ræðsmennsku Alfreðs í Orkuveitunni og hafi takmarkaðan áhuga á að koma á sama stjórnarmynstri í borginni og á landsvísu: hætta á að Framsókn komist í oddaðstöðu og að aðstoðarmaður forsætisráðherra hljóti borgarstjóraembættið. Nóg er nú veldi þessa smáflokks samt. Auk þess fæ ég ekki með nokkru móti séð að Framsókn hafi nokkru hlutverki að gegna

Menn geta þess vegna átt von á að sjá Sjálfstæðismenn gera áhlaup gegn einhverjum frambjóðanda. Eða Framsóknarmenn styðja með atkvæði sínu einhvern sem þeir telja Samfylkingunni síður til framtíðar. Þetta er einskonar laissez faire lýðræði, hliðstætt hagkerfinu sem stjórnast einvörðungu af frjálsum markaði og viðskiptaákvörðunum.

Ólafur Hannibalsson gengur lengra í kenningum sínum um slakt lýðræði hér á landi og í rauninni fái kjósendur aðeins að velja sjö til tíu þingmenn í þingkosningum á fjögurra ára fresti í stað sextíu og þriggja. Atvinnustjórnmalamennirnir ræði sér í „öruggu“ sætin með góðu eða illu.

Þegar Baldvin H. Sigurðsson velti Valgerði Bjarnadóttur úr sessi hjá Vinstri grænum á Akureyri tóku menn líka sérstaklega eftir undantekningunni sem sannaði regluna. johannah@frettabladid.is

í íslenskri pólitík eftir að henni hefur heppnast með einarðri liðveislu samstarfsflokksins að færa eignir SÍS sáluga yfir í traustar hendur afkomenda flokkseigenda og kaupfélagsstjóra. Ef yfirstandandi prófkjör Samfylkingarinnar heppnast vel gæti hún hugsanlega verið með 5 fulltrúa inni í upphafi kosningabaráttu með möguleika til að vinna þann sjötta í baráttunni. Þá eru eftir tveir til þrír fulltrúar fyrir VG og Frjálslynda að bítast um.

Morgunblaðið, sem nú hefur snúið við blaðinu og gerst hreint flokksmálgað. Sjálfstæðisflokksins eftir nokkurra áratuga útivist, hefur lýst því yfir að flokkurinn hafi nú staðsett sig á miðjunni svo traustum fótum að þaðan verði honum ekki hagg að héðan af svo stutt sem er til kosninga. Samfylkingin hafi flæmt sig út í ystu vinstri myrkur. Hvaða öfgafólk skyldi nú vera þar í framboði? Steinunn Valdís, sem sagt er að hafi hlotið borgarstjóraembættið með blessun Halldórs Ásgrímssonar; Stefán Jón Hafstein, sem talið hefur sér það til gildis að vera uppallinn í Sjálfstæðisflokknum eins og Ingibjörg Sólrún og Dagur B. Eggertsson, sem skráði sögu öfgamannsins Steingríms Hermannssonar í þremur bindum. Hafi Sjálfstæðisflokkurinn færst yfir að miðjunni með sigri Vilhjálmss á Gísla Marteini fæ ég ekki annað séð en einu gildi hvert þessara þriggja verður hlutskarpast í prófkjörinu nú um helgina: forystusveit Samfylkingarinnar verður eftir sem áður á miðjum hinum pólitíska orrustuvelli, hvað sem Morgunblaðið segir, og kosningabaráttan mun verða háð á hennar forsendum. Þetta eru mín rök fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi engan veginn unnið þessar kosningar fyrirfram.

Meðan listabókstafir hafa ekki fengið líf og lit, andlit og innihald er of snemmt að ganga út frá því að einhver fylkingin sé með unnið tafl. Þvert á móti tel ég að allt stefni í spennandi kosningaslag með tvísýnum úrslitum. ■

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



FRÉTTABLAÐIÐ

Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

Sparisíóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digraanesvegur 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 - Fax: 515 1909 - www.spk.is - spk@spk.is





Árg. '94. Ekinn 148 þús., sjálfskiptur, rafmagn í rúðum, hiti í sætum, cruise control, sóllúga, 33" dekk, álfelgur, dráttarkrókur.

Nýskoðaður.

Einn eigandi frá upphafi.

Upplýsingar í s. 893 7773

NISSAN TERRANO V6 3L

TOPDRIVE.IS

PÖNTUNAR- OG UPPLÝSINGASÍMAR
896-9319 & 869-2688



Tilboð! FJÓRHJÓL OG KERRA
Kr. 199.000,-

Vorum að fá í hús ódýrar vespur 150cc, fjórhjól 200cc mótorhjól 250cc og kerrur. Velkomin í sýningaraðstöðu okkar.

Rafmagnsgolfkerrur og golfbílar.

Frábærar fólksbílakerrur komnar á lager á afar hagstæðum verðum.

Skoðið úrvalið á www.topdrive.is

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn

allt heimili

Alla fimmtudaga



Smærri fólksbílar henta vel í þröngar götur borga og bæja.

Vinsældir smábíla aukast um heim allan

Sala á smærri fólksbílum hefur aukist gífurlega um allan heim á undanförunum misserum.

Smærri bílar á borð við Aygo, Getz, Fabia, Swift og fleiri eru alltaf að verða algengari og algengari sjón hér á landi. Þessi þróun á hins vegar ekki bara við um okkar litla land heldur á hún sér stað á flestum öðrum svæðum heimsins.

Í Bandaríkjunum jókst sala smærri fólksbíla um 7% á meðan hún jókst eingöngu um 2% á öðrum fólksbílum. Þar í landi er Chevrolet Aveo vinsælasti smábíllinn en þar keppast framleiðendur við að koma með nýja smábíla á bandarískan markað sem áður hafa einungis fengist í Evrópu. Helsta ástæða þessara auknu vinsælda smábíla í Bandaríkjunum telja sérfræðingar vera



Toyota Yaris var söluhæsti smábíllinn á Íslandi í fyrra.

Hér á Íslandi má segja að fólk sé bæði að spara og eyða meira á sama tíma. Með auknu góðari tíðkast meira og meira að tveir til þrír bílar séu á hverju heimili.

Fólk hefur því verið að bæta við sig smábíl, þá oft fyrir unglinga sem eru nýkomnir með bílpróf eða í snögga innanbæjarakstra. Undir þetta sjónarmið taka bæði Gísli Jón Bjarnason, sölustjóri nýrra Ford bíla hjá Brimborg, og Kristinn Bjarnason, markaðsstjóri Toyota. Gísli segir að hann marki enn ekki aukna sölu smærri fólksbíla vegna hækkandi bensínverðs heldur frekar vegna þess að fólk sé að bæta við sig þriðja bílnum á heimilið.

Auknar vinsældir smærri bíla má einnig útskýra út frá bættem gæðum bílanna. Öryggisbúnaður bílanna hefur til dæmis alltaf verið að aukast og gæði véla þeirra einnig. „Smærri bílar henta betur í innanbæjarakstur. Þetta eru meðfærilegir bílar sem maður kann vel við,“ segir Kristinn.

steinthor@frettabladid.is



Ford á ráðandi, þriðjungs, hlut í Mözdu í Japan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ford treystir á Mözdu

Ford bílaframleiðandinn í Bandaríkjunum vonar að nýr smábíll frá Mözdu geti bjargað þeim á þeirra heimavelli.

Ford hefur ásamt General Motors átt gífurlega erfitt uppdráttar á bandarískum bílamarkaði að undanförunu. Sala hefur dregist verulega saman og hefur fyrirtækið þurft að segja upp tugi þúsunda starfsfólks. Nú ætlar Ford hins vegar að snúa vörn í sókn og herja á hinn stórvaxandi markað smærri fólksbíla.

Til þess að aðstoða Ford við framleiðslu á nýja smábílnum ætlar bílaframleiðandinn að leita til Mözdu, dótturfyrirtækis síns í Japan. Að sögn forseta Mözdu í Japan, Hisakazu Imaki, er þróunarvinna nýbyrjuð og hann gerir ráð fyrir að bíllinn komi bæði á bandarískan og evrópskan markað innan fárra ára. Margir telja að aðeins sé of seint í rassinn gripið hjá Ford en helstu ráðamenn þar telja að markaður smærri fólksbíla sé enn í miklum vexti og eigi vafalaust eftir að vera það áfram.

málþing }



Landflutningar og umferðaröryggi

MÁLÞING UM LANDFLUTNINGA OG UMFERÐARÖRYGGI Á NÆSTUNNI.

Málþing um landflutninga og umferðaröryggi verður haldið 9. febrúar á vegum umferðarstofu í samstarfi við samgönguráðuneytið og Vegagerðina. Málþingið verður haldið á Grand hóteli frá klukkan 13 til 17. Það er öllum opið og ókeypis aðgangur en þátttakendum ber að tilkynna þátttöku sína á netfangið us@us.is.

Meðal þess sem rætt verður er slysaþróun þar sem stórir bílar og bílar með tengivagna koma við sögu. Rætt verður um vegakerfið og hvernig það annar öllum þungaflutningum.

væntanlegir bílar }



Eitthvað í þessa áttina mun nýr Jagúar XKR líta úr.

Jagúar XKR
SÚ FRÉTT HEFUR SPURST ÚT AÐ NÝR JAGÚAR XKR MUNI KOMA Á MARK- AÐ ÁRIÐ 2007 EÐA 2008.

Jagúar frumsýndi í fyrra XK sport- bílinn á bílasýningu í Frankfurt. Svo virðist sem breski bílaframleiðandinn ætli að bæta um betur og nýlega náðust ljósmyndir af reynsluakstri bílsins. Var hann meðal annars próf- aður við vetraraðstæður.

Helsti munur XK og XKR er breytt framhlið XKR. Á húddinni eru einnig stór loftinntök og að aftan eru fjögur stór púströr. Auk þess verður nýi CKR með stærri bretti og herra vindskeið að aftan. Vélin í bílnum verður held- ur ekkert slor, 4,2 lítra, V8-vél sem á að skila um 400 hestöflum.

Líklegt er talið að XKR eigi helst að keppa við BMW M6 og Mercedes SL55. Að öllum líkindum verður bíll- inn frumsýndur á bílahátíðinni í París í haust og að hann komi á markað seinni part árs 2007.



Cadillac Escalade er einn afflottasti lúx- usjeppinn sem hægt er að finna.

Cadillac Escalade
GENERAL MOTORS, GM, MUN FRUMSÝNA 2007 ÁRGERÐINA AF CADILLAC ESCALADE Á EVRÓPSKU BÍLASÝNINGUNNI Í GENF Í MARS.

Á komandi bílasýningu í Genf ætla GM að spila út stóru trompi enda hefur þessi risi í alþjóðlegu viðskiptalífi verið í mikilli lægð að undanfögnu.

Cadillac Escalade er einn flottasti og best útbúni jeppi sinnar tegundar enda er hann ákveðið stöðutákn í Bandaríkjunum. Að undanfögnu hefur Escalade lúxus-jeppinn verið að bæta við sig markaðshlutdeild, bæði í Evrópu og Asíu. Það eru því margir sem biða spennití eftir frumsýningu 2007 Escalade-ins og vonandi fyrir GM að þeir fari eitthvað að rétta úr kútnum.



Nýr Volvo S80 hefur innbygðan hjartslátt- arskynjara sem nemur hvort einhver er inni í bílnum.

Volvo S80
NÝR VOLVO S80 MEÐ 315 HESTAFLA VÉL VERÐUR FLAGGSKIP SVÍA Á KOMANDI BÍLASÝNINGU Í GENF.

S80 telst vera aðallúxusbíll sænska bílaframleiðandans Volvo en önnur kynslóð þeirrar tegundar verður frumsýnd í Genf í mars. Það sem helst ber til tíðinda í nýja S80 er geysiöflug vél. Bílinn verður hægt að fá með tveimur mismunandi vélum. Annars vegar er það sex strokka, 3,2 lítra og 235 hestafla vél. Hins vegar er það V8-vél sem býr yfir heilum 315 hestöflum. Fjórir mengunarkútar og þróuð rafeindastýring gera V8-vél- ina að einni háþrúðustu vél sinnar tegundar í heiminum og þá sem mengar minnst á markaðnum.

S80 mun auk þess skarta ýmsum öðrum þægindabúnaði. Má þar meðal annars nefna einstaklega fullkomið öryggiskerfi og nýjan árekstrarvara. Útlitið hefur einnig verið skert og bætt.

S80 á að keppa við aðra lúxus- bíla á heimsvísu og vonast stjórn- endur Volvo eftir því að þeir nái að stækka markaðshóp sinn verulega. Hinn nýi S80 kemur á markað hér á Íslandi í sumar.



Max Mosley ber nú heiðurstítilinn Chevalier dans l'Ordre de la Légion d'Honneur. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Max Mosley sleginn til riddara í Frakklandi

Max Mosley, forseti FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeig- endafélaga, var í síðustu viku sleginn til riddara frönsku heiðursfylkingarinnar fyrir framlag sitt til akstursmála.

Þeirra sem voru viðstaddir var meðal annars fjölskylda Mosleys en hún hefur verið ansi umdeild í gegnum tíðina. Faðir Max var for- maður fasistaflokksins í Bretlandi og hefur Max sjálfur þótt svolítið umdeildur þess vegna.

Max sjálfur er án nokkurs vafa einn áhrifamesti baráttumaður fyrir auknu umferðaröryggi sem uppi hefur verið. EuroRAP stofn- unin var á sínum tíma stofnuð að hans frumkvæði en hún hefur séð um árekstrarprófun bíla. Starf- semi þeirrar stofnunar hefur breytt viðhorfi í heiminum til

Gæði á góðu verði *Daewoo lyftarar*

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Nýr MAZDA MPV

MAZDA

MPV LX V6

Eigum til afgreiðslu strax
Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla

Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16" álfelgur
Raf.i rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin
með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

X4

ehf.

Umboðsaðilar: **SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444**

Opið virka daga 10-18:30 - Laugardaga kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

NOTUÐ TÆKI

JCB 3CX
árg. 2000 - Vst. 7.320

JCB 3CX
árg.1999 - Vst.5.100

JCB 456
árg.1998 - Vst.8.900

JCB 4CX Super
árg.2003 - Vst.3.500

Hitachi 150W
árg. 2005 - Vst.1.500

VÉLAVER

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

allt

nám o.fl.

Eyrnatappar geta komið sér vel þegar lært er fyrir próf. Margir láta öll hljóð trufla sig og eiga auðveldara með að einbeita sér með eyrnatappa.



Keramik fyrir alla

Valentínusar dagurinn nálgast!



Komdu elskunni þinni á óvart og málaðu flotta gjöf.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

ENSKA
Enskunámskeið að hefjast

ER


Enskuskólinn

OKKAR MÁL

Almenn og sérsniðin talnámskeið fyrir fullorðna og börn

- 5 vikna talnámskeið hefjast 22. febrúar
- 5 vikna ævintýranámskeið fyrir börn hefjast 25. febrúar.
- 5 vikna námskeið fyrir 10. bekk
- Málaskólar erlendis

www.enskuskolinn.is
588 0303



Baldur Bjarnason með verðlaunatæki sitt úr Hönnunarkeppni véla- og verkfræðinema. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

námskeið }



Tungumálafræðsla BSRB fer fram hjá Framvegis, símenntunarstöð.

Tungumálafræðsla á vegum BSRB

TUNGUMÁLAFRÆÐSLA BSRB Á HÖF-UÐBORGARSVÆÐINU HEFST BRÁTT AFTUR OG VERÐUR MEÐ SVIPUÐU SNIÐI OG UNÐANFARIÐ.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, hefur um nokkurt skeið boðið upp á tungumálanámskeið. Símenntunarstöðin Framvegis sér um kennsluna og meðal annars er boðið upp á nám í dönsku, ensku og spænsku. Um er að ræða nokkur mismunandi námskeið, eftir getu nemenda. Hægt er að fá námskeiðin metin til eininga á framhaldsskólastigi. Hvert námsskeið er 30 kennslustundir. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar í síma 5814914 og á heimasíðu Framvegis, framvegis.is.



Helga Braga Jónsdóttir verður með námskeiðið Daður og deit í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Námskeið í daðri

Í KVÖLD VERÐUR HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR MEÐ NÁMSKEIÐIÐ DAÐUR OG DEIT Í MÍMI-SÍMENNTUN

Námskeiðið Daður og deit verður haldið í kvöld frá klukkan 20.00 til 22.15 í Mími-símenntun. Helga Braga Jónsdóttir verður með námskeiðið sem er fyrir bæði kynin. Hún fjallar á gamansaman hátt um samskipti kynjanna og ætti enginn sem hefur áhuga á slíku að láta námskeiðið fram hjá sér fara. Námskeiðsgjald er 3.200 krónur og skráning fer fram í Mími-símenntun.

Eru sveigjanleg starfslok valkostur?

RÁÐSTEFNA Í KÓPAVOGI 9. FEBRÚAR

Bandalag háskólamanna mun ásamt öðrum heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins, Landssambandi eldri borgara, sveitarfélögum og Öldrunarráði Íslands standa að ráðstefnu um sveigjanleg starfslok þann 9. febrúar næstkomandi. Ráðstefnan verður haldin í Salnum í Kópavogi og hefst klukkan 13.15.

Að ráðstefnunni standa Öldrunarráð Íslands, Landssamband eldri borgara, BHM, BSRB, ASÍ, Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni verða Örn Clausen lögfræðingur, Berglind Magnúsdóttir öldrunarsálfræðingur og Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður Alcan.

Yfirskrift ráðstefnunnar er „Eru sveigjanleg starfslok valkostur?“ Fjölbreytt erindi verða flutt á ráðstefnunni. Hún er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

(Af vefjum BHM og SA)

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið **28. febrúar**

Námsflokkar Hafnafjarðar - hraðlestrarnámskeið - 16. febrúar

“...á námskeiðinu fékk ég svörin og ábendingarnar sem mig vantaði.”

Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur

... næsta **námstækninámskeið** hefst **18. febrúar**
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



allt tilboð

Alla föstudaga

Ný námskeið að hefjast á næstunni

Háborgin Spánar...- Madrid í máli og myndum 5 st.
Umsjón hefur Kristinn R. Ólafsson
Þri. 28. feb. og fi. 2. mars kl. 20-22.

Leiklistarnámskeið 24 st.
Námskeið haldið í samvinnu við Borgarleikhúsið
Umsjón hefur Pétur Einarsson
Þri. kl. 20-22:15 og lau. kl. 13-15:15. Frá 11. feb. til 6. mars.



Innritun fer fram á Grensásvegi 16a, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is



Jón Örn kveðst hafa fengið áhuga á fuglunum frekar seint en nú sé hann forfallinn.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Fuglaskoðun við Svartahaf

Fugla- og náttúruskoðunarferð með menningarlegu ívafi er fyrirhuguð til Búlgaríu og Rúmeníu í vor.

„Ég get lofað að þessi ferð verður gríðarlegt veganesti þeim sem vilja kynnast veröld fuglanna, bæði útliti þeirra og hátterni,“ segir Jón Örn Kristleifsson sem skipuleggur ferðina fyrir Fugla-verndarfélag Íslands.

Hann segir hana henta öllum náttúruunnendum enda sé fararstjórinn Jóhann Óli Hilmarsson sérfróður um fugla auk þess sem staðkunnugir menn verði með í för.

Ferðin stendur frá 22. apríl til 6. maí. Þetta segir Jón Örn vera besta tíma fyrir fuglaskoðun. „Við gerum okkur vonir um að sjá um 200 tegundir fugla því þarna eru ekki einungis varpsvæði ótal tegunda heldur fer óhemju mikið af farfuglum þarna um á leið sinni frá Asíu og Afríku til varpstöðva



Býsvelgir eru litfagrir fuglar.

MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

í Evrópu. Kaliakra-höfðinn verður heimsóttur en hann er frægur farfuglastaður þar sem storkar og margt annað fiðurfé fer um vor og haust. Svo eru fjöllin full af spennandi fuglum, til dæmis mismunandi gammategundum sem eru með stærri fuglum í

Evrópu. Óshólmavæði Dónár í Rúmeníu er eitt mesta fuglasvæði álfunnar. Þar eru stærstu vetrarstöðvar fagurgæsar í heiminum, varpstöðvar flatnefs og margra fleiri hegrategunda og þarna verðum við í þrjá daga á stórum pramma að sigla á milli með kíkja á lofti. Gaupa, ráðýr og villisvín eru meðal spendýra deltunnar og yfir 1.600 skordýrategundir hafa fundist þar auk þess sem gróðurfarið er einstakt.“

Jón Örn segir ekki aðeins náttúrunni gefinn gaumur í ferðinni heldur einnig ýmsum sögulegum minjum og nefnir meðal annars bæinn Nessebar í Búlgaríu sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar verður dvalið í tvær nætur.

Hvað skyldi svo ferðin kosta? „Verðið er 138.480 frá Kaupmannahöfn og allt er innifalið annað en drykkir sem eru ódýrir á þessum slóðum,“ segir Jón Örn að lokum. Nánari upplýsingar eru á vefnum www.ferdaklubbur.is

gund@frettabladid.is

Telemarkhátíð

Þann 17.-19. mars verður hin árlega Telemarkhátíð haldin á Akureyri. Dagskráin er með hefðbundnu sniði og keppt verður í samhliðasvigi, stökki og svo verður verðlauna-

afhending á laugardagskvöldið og margt fleira. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin á Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á www.isalp.is þegar nær dregur. ■



FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Tallinn og Pétursborg

Beint flug vorið 2006 frá Keflavík og Akureyri

Miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi eða hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi

Flogið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar



Frá Keflavík: 8. - 15. apríl
15. - 20. apríl

Pétursborg
uppselt
59.050 kr.

Tallinn
uppselt
57.500 kr.

Aðeins örfá
sæti eftir frá
Akureyri
12. - 16. apríl.

Frá Akureyri:
12. - 16. apríl
13. - 17. apríl

Pétursborg
uppselt
57.700 kr.

Tallinn
uppselt
55.500 kr.

Innifalið: Flug, skattar, hótél, rútuferðir og íslenskur fararstjóri.



Trans - Atlantic

Trans - Atlantic ehf • Sími 588 8900 • Símbréf 588 8950 • www.transatlantic.is



Manchester er skemmtileg borg heim að sækja.

Lifandi og stór-skemmtileg borg

Manchester er nýr áfangastaður hjá Icelandair. Borgin þykir frá-bær verslunarborg og er spennandi fyrir knattspyrnuáhugamenn.

Fjölmargir ferðamenn heimsækja borgina Manchester ár hvert. Í borginni er að finna fjölskrúðugt mannlíf sem er ýmist rautt eða ljósblátt þegar knattspyrnulið borgarinnar, Manchester City og Manchester United, leika sína leiki í ensku úrvalsdeildinni. Að ganga á leikdegi niður eftir Sir Matt Busby Way við heimavöll Man. Utd, Old Trafford, á leikdegi er mikil upplifun. 70.000 manns koma þá saman við völinn og myndast eins konar karnivalstemming knattspyrnuáhugamanna á götunni.

Þó svo að Manchester sé í augum margra þekktust fyrir knattspyrnuna, þá býður borgin einnig

upp á frábærar verslanir og mjög gott skemmtanalíf.

Trafford Center er risastór verslunarmiðstöð þar sem margt er hægt að kaupa. Í Harvey Nichols við Corporation Street er einnig mikið vöruúrval. Góðar verslanir er sömuleiðis að finna við King Street, Market Street og High Street.

Wheel of Manchester við Exchange Square er 60 metra hátt ljósum prýtt Parísarhjól sem býður upp á óskert útsýni yfir Manchester. Tilvalið er að skella sér einn hring með hjólinu í miðborginni eftir að hafa heimsótt hin fjölmörgu söfn og verslanir sem Manchester býður upp á. ■

Fyrst á ströndina

Avis í Sanford



Þú ert í forgangi hjá Avis

Avis býður farþega velkomna í þjónustu okkar á nýjum áfangastað Icelandair í **Sanford**, Orlando Flórída.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

Flórída - verð frá kr. 13.900 á viku
m.v. A flokk - Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, tryggingar, flugvallargjald, 1 tankur af bensíni, 1 aukabílstjóri og skattar.



Við leggjum okkur fram



AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](#)]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA
KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / [visir.is](#)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
8–18
11–16

notaðir bílar
Ingvar Helgason

RU293. Isuzu Trooper 3.0 32" nýskr. 05/00, ssk. Ek. 101 þús. km. Verð 1.880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

NH803 Opel Corsa Comfort 1.2 nýskr. 05/02, bsk. Ek. 83 þús. km. Verð 840.000. Tilboð 650.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

ZG762 Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr. 05/00, bsk. Ek. 94 þús. km. Verð 840.000. Tilboð 570.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

LY078 Volkswagen Golf Comfortline GTI nýskr. 11/00, bsk. Ek. 103 þús. km. Verð 1.570.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

MP062 Toyota Corolla Wagon 4X4 nýskr. 02/99, bsk. Ek. 102 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 580.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

notaðir bílar
Ingvar Helgason

UN007 Volkswagen Passat nýskr. 06/99, ssk. Ek. 91 þús. km. Verð 980.000. Tilboð 620.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Opið virka daga
frá 9-18
Laugardaga
12-16

RI387 Subaru Outback 2,5, ssk. Nýskr. 06/99. Ek. 144 þús. km. Verð 670.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

ZM236 KIA Clarus nýskr. 12/00, ssk. Ek. 61 þús. km. Verð 740.000. Tilboð 490.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VS660 Nissan Terrano Luxury 31" nýskr. 05/03, ssk. Ek. 78 þús. km. Verð 2.790.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Þú byrjar ekki að
borga af bílalánum
fyrr en í maí.

PY466 Isuzu Trooper 3.5 32" nýskr. 10/98, ssk. Ek. 178 þús. km. Verð 1.350.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

OV030 KIA Sorento EX Luxury nýskr. 07/05, ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 3.480.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

PM786 Isuzu Trooper 3.0 32" nýskr. 08/00, bsk. Ek. 100 þús. km. Verð 1.990.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

LV867 Skoda Octavia 1.8 Turbo nýskr. 07/04, bsk. Ek. 41 þús. km. Verð 1.820.000. Tilboð 1.380.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

KL587 Fiat Mare elx nýskr. 12/98, ssk. Ek. 100 þús. km. Verð 570.000. Tilboð 380.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NU962 Mitsubishi Lancer Wagon nýskr. 06/98, bsk. Ek. 123 þús. km. Verð 540.000. Tilboð 330.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

OZ777 Opel Astra 1.2 nýskr. 06/02, bsk. Ek. 68 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 670.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Heilsársdekk
fylgja öllum
tilboðsbílum.

PO799 Renault Laguna nýskr. 05/05, ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 2.280.000. Tilboð 1.890.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

QO392 Nissan Double Cab E 4WD nýskr. 09/03, bsk. Ek. 50 þús. km. Verð 2.030.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VN865 Nissan Double Cab 4WD nýskr. 04/04, bsk. Ek. 25 þús. km. Verð 2.150.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

ZS662 Opel Omega 2.5 Diesel nýskr. 01/01, ssk. Ek. 182 þús. km. Verð 1.590.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

AX914 Opel Vectra Elegance nýskr. 07/05, ssk. Ek. 19 þús. km. Verð 2.540.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

KF464 BMW 3 línan nýskr. 08/04, ssk. Ek. 18 þús. km. Verð 2.780.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

YO663 Nissan Primera Elegance nýskr. 04/00, ssk. Ek. 88 þús. km. Verð 1.050.000. Tilboð 880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

EF646 Volkswagen Golf nýskr. 02/05, ssk. Ek. 12 þús. km. Verð 2.080.000. Tilboð 1.680.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

ZT063 Nissan Double Cab 31" nýskr. 06/05, bsk. Ek. 8 þús. km. Verð 2.480.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Opið virka daga
frá 9-18
Laugardaga
12-16

NM577 Subaru Legacy Wagon nýskr. 03/98 ssk. Ek. 122 þús. km. Verð 750.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

ZM200 Opel Astra 1.6GL nýskr. 05/00, bsk. Ek. 103 þús. km. Verð 750.000. Tilboð 590.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

YA502 Isuzu Trooper 3.0 31" nýskr. 03/00, ssk. Ek. 123 þús. km. Verð 1.860.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

RT896 Nissan Patrol Luxury 32" nýskr. 09/01, bsk. Ek. 95 þús. km. Verð 2.350.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Fjöldi tilboðsbíla
á skrá.

VO962 Toyota Land Cruiser 30", bsk. nýskr. 08/01. Ek. 87 þús. km. Verð 2.430.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

SD378 Nissan Terrano Luxury 31" nýskr. 01/00, bsk. Ek. 139 þús. km. Verð 1.390.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
[www.ih.is](#)



Ingólfur
Gissurarson
lögg. fast.sali
896 5222



Bárður
Tryggvason
sölustjóri
896 5221



Þórarinn
Friðgeirsson
lögg. fast.sali
899 1882



Elert
Robertsson
sölumaður
893 4477



Magnús
Gunnarsson
sölustj. atvinnuh.
822 8242



Viggó
Jörgensson
lögg. fast-
eignasali.



Pétur
Jóhannsson
sölum.
Snæfellsbæ,
S 893 4718



Margrét
Sigurgeirsdóttir
ritari



Þóra
Þorgeirsdóttir
ritari



Guðrún
Pétursdóttir
skjalagerð

YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!

Bjarkarás 1-29

Garðabæ



Vorum að fá í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega

teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m. Íbúðirnar eru frá 96,7 fm uppí 186,6 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum

íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Tré-mót ehf. Lítið á www.nybyggingar.is og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum. 4271

Rauðavað 1,3,5,7,9 og 11

eignir á betra verði!



Nýjar glæsil. 2ja -4ra herb. séríb. í nýju 3ja h. fjölb. með séringng. af svölum í hluta íb. Íb. á jarðh, fylgir stór sérafnotar af lóð. Öllum íb, fylgir stæði í bílageymslu. Afh, á húsi nr. 1 og 3 er í mars-apríl 2006, 9-11 er fljótl. Fullb. íbúðir (án gólfefna) með flísal. glæsil. baðherb. vönduðum innrétt. frá HTH m. möguleika á vali á spónartegund í hluta íbúðanna. Hús, lóð, bílageymsla og stæði afh. fullfrág. **V. 2ja 93 fm á jarðh. er 19,5 m. V. 3ja herb. 108,5 fm er frá 22,8 m. V. 4ra herb. 119,1 fm 25,9 m. Allar nánari upplýsingar á Valhöll eða á www.nybyggingar.is . 3742**

Nýtt glæsilegt lyftuhús í Selvaði, með bílskýli – Mjög gott verð!

15 íbúðir seldar



Nýtt glæsilegt lyftuhús m. 28 íbúðum frá 2ja - 5 herbergja að stærð. Húsið afhendast fullbúin að utan og lóð og bílastæði afhendast fullfrágengið. Íbúðirnar sem eru frábærlega vel skipulagðar afhendendast fullbúnar með vönduðum innréttingum frá Brúnas, en án gólfefna og án flísa á baðherbergi. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. **V. 3ja herb. frá 21,1 m. V. 4ra herb. frá 22. m. V. 5 herb. frá 25,9 m. 4100**



Kjarrhólmi - 1. hæð - fráb. staðs.



Vorum að fá í einkasölu mjög góða velskipulagða ca 75 fm íb. á 1.hæð í góðu húsi neðst við Fossvogsdalinn. Gott útsýni. Suðursvalir. Parket. V. 16,5 m. 3246

Huldubraut - einb. á 1044 fm lóð



Í einkasölu fallegt 117 fm einb. á frábærum útsýnisstað í vesturbæ Kópav. Húsið stendur á stórrí lóð (gefur mikla möguleika). 3 svefnherb. Arinn. Húsið er nýl. mál-að að utan. Einstakt tækifæri. V. 29,5 millj. 4509

Álfhólsvegur - m. góðum bílskúr



Í einkasölu falleg talsv. endurn. herb. íb. á jarðhæð í góðu húsi ásamt bílskúr samt. 110 fm íb. 79,6 fm og bílsk. 30,4 fm Endurn. eldhús. Fráb. staðsetn. í austurb. Kópavogs. V. 21,0 millj. 4489

Ólafsgæisli - eign á frábærum stað



Í einkasölu stórglæsileg 158 fm neðri sérhæð ásamt 24 fm innbyggðum bílskúr. Þetta er fullbúinn eign á einstökum stað. Innbyggð lýsing. Glæsileg gólfefni, flísar og hlyns-parket á gólfum. V. 42 m. 4501

Holtsbúð - bílskúr



Í einkasölu falleg 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. Frábær staðsetning. V. 32 m. 4500

Mosarimi - Sérinnngangur



Í einkasölu mjög góð ca 110 fm 4ra herbergja íbúð á 2 hæð sem er efsta hæð í góðu vel staðsettu húsi. Nýlegt parket á flestum gólfum, þvottshús í íbúð. Góð mjög vel skipulögð íbúð. Stutt í t.d. skóla, leikskóla og verslunar-miðstöð. V. 24 m. 3341

Fálkagata - glæsil. útsýni.



Í einkasölu falleg 111,6 fm endaíbúð á 3ju hæð m. glæsil. útsýni í fjörbýli. Stórar stofur. 2 svefnherb. Nýl. eldhús. V. 25,2 m. 4463

Hörðaland - endaíbúð -laus strax



Í einkasölu 4ra herb. endaíb. á 2. h. í góðri vel staðs. blokk. Stórar flísalagðar suðursvalir. Íbúð er laus við kaupsamning. V. 19,9 m. 4278

Stærri eignir



Lindasmári - endaraðhús Velstaðsett 206 fm endaraðh. á 2. h. m. innb. bílskúr. Húsið er vel skipul. Stórar suðursv. sem gefa mögul. á að byggja yfir. Rúmg. stofur. Frábær staðsetn. Stutt í skóla og alla þjónustu. V. 38,6 m. 4357



Austurgerði - Kópavogi Glæsil. einbýli á fallegum útsýnisstað í vesturbæ Kópavogs. Húsið er samt. 194,1 fm, þar af 168,3 fm íbúð og 25,8 fm innb. bílskúr. Húsið er í mjög góðu ástandi og garðurinn sérl. fallegur með góðri timburverönd og skjólveggjum. Búið að endurnýja húsið nær algjörl. að utan sem innan á síðustu árum.V.45,9 m 4248



Gnípuheiði - glæsilegt einbýli. Í einkasölu glæsil. 250 fm einbýlish. á einst. útsýnisstað. Húsið er á 2. hæðum með mögul. á 2ja herb. séríbúð á jarðhæð. Glæsilegar stofur massívt parket. Stórar suðursvalir. Eign á einstökum stað. Verð 69,0 millj. 4045

Fagribær - Árbæ - miklir möguleikar. Vorum að fá í einkasölu einbýlishús á einni hæð sem er á ca 800 fm lóð með mikla möguleika á að byggja nýtt hús á lóðinni. Frábær staðsetning í grónu hverfi. Teikning af ca 220 fm nýju einb. á einni hæð getur fylgt. Verð 24,8 m. / tilboð. 4037

Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði. Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð.Kópav. Fallegt útsýni, upprunal. innrétt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

Sérhæðir og 5-6 herb.



Laugarásvegur - glæsil. útsýni. Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráb. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil.eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451



Nökkvavogur - laus fljótlega. Falleg talsv. endurn. miðh. í fallegu húsi á fráb. stað í lok. botnl. Tvö svefnherb. á hæðinni og aukaherb. í kj. Endurn. baðherb., parket. Velskipul. íb. V. 21,5 m. Óskað er eftir tilboði í eignina. 4354

4ra-6 herb. íb.



Fífusel - hús klætt utan - laus strax. Í einkasölu mjög falleg og velskipul. 107 fm íb. á 2 .h. í vönduðu fjölbýli. Nýstands. flísalagt baðherb. Búið er að stands. eldhúsinnrétt. og tæki eru ný. Parket. Góðar suðvestursv.. Staði í nýstands. bílskylí. V. 19,2 m 4087



Lundarbrekka - 5 herb. Falleg og vel skipulögð íbúð á 3 hæð. 4 svefnherb., góðar stofur, suðursvalir. Hús nýlega viðgert að utan og málað. Sérinnngangur af svölum. V. 20,3 m. 4485



Gvendargeisli - Grafarholt. Góð nýl. íb. m. bílskylí. Í einkasölu 105 fm íb. á jarðh. í litlu 3ja h. fjölb., ásamt staði í bílskylí. Sérinnng. Sérpvottah., Vandaðar innr. og gólfefni. Suðurverönd og sérgarður. V. 24,9 m. 4470



Lautasmári - með bílskylí Falleg 4ra herb. endaíb. á 1. h. ásamt staði í bílskylí. 3 svefnherb. Parket. Góð timburverönd. Frábær staðsetning. V. 24,2 4439



Háaleitisbraut-m.bílskúr - glæsil. útsýni. Í einkasölu falleg íb. á 4. h. (efstu) í viðg. fjölb. á fráb. útsýnisst. samt. 130,4 fm m.nýl. bílsk. sem er 23,5 fm Glæsil. útsýni. Endurn.eldhús, parket, góðar svalir. Húsið er nýl. viðgert og verður málað í vor. Mjög góð staðs. í botnl. og glæsil. útsýni er á Esjuna og víðar. V. 21,9 m. 4280



Grýtubakki - laus - fráb. verð Í einkasölu góð 102 fm 4ra herb. íbúð á 3.hæð (efstu) í góðu nýlega viðgerðu fjölbýli á mjög góðum stað. Góðar sólarsvalir. Parket, Nýl. eldhús, endurn. baðherb. Laus v.kaupsamning. V. 16,9 m. 4379



Álfheimar - glæsilegt útsýni. Á fráb. útsýnisst 4ra herb. endaíb. á efstu hæð. Parket. Nýl. eldhús. Yfirbyggðar svalir. Glæsil. útsýni og göngufæri í útivistarparadísina í Laugardal. V. 17,9 m. 4140

Hjallabraut - 165 fm Glæsil. 6 herb. íb. á 3 h.(efstu) 165 fm að stærð. 4 svefnherb. Glæsil.stofur. Glæsil. nýtt eldhús. Parket. 2 svalir. Stigagangur nýstands. V. 29,5 m. 4444

Engihjalli. Efsta hæð. Í einkasölu góð vel skipul. ca 100 fm íb. á 8 hæð sem er efsta h. í góðri vel staðs. lyftublokk, glæsilegt útsýni,suður svalir. Parket á flestum gólfum. V. 18,3 m. 4453



Enski boltinn

Meteyðsla í janúar



Kína og Indland

Risarnir í austri rísa



Gagnrýni á bankana

Byggð á mis-skilningi



KB BANKI Hlutabréf í KB banka hækkuðu snarlega í morgun í kjölfar fréttar af nýju verðmati greiningardeildar Íslandsbanka á KB.

KB hækkaði snarlega

Hlutabréf í KB banka hækkuðu um tæp fjögur prósent í gærmorgun og fóru í rúmar 970 krónur á hlut. Hækkunin varð í kjölfar verðmats sem greiningardeild Íslandsbanka gaf út á KB banka og sendi til viðskiptavina sinna. Samkvæmt verðmatinu er meðalgildi bréfa í KB banka 1.014 krónur á hlut og markaðsvirði bankans því tæpir 674 milljarðar króna.

KB banki er langstærsta félag Kauphallarinnar sé miðað við markaðsvirði. Rúmlega helmingi stærri en Landsbankinn sem metinn er á 308 milljarða króna.

- jsk

Peningaþvættis-lög í smíðum

Von er á nýrri löggjöf og breyttum vinnureglum fjármálastofnana til að hamla gegn peningaþvætti.

Að sögn Kristins Arnars Stefánssonar, lögfræðings hjá Fjármálaeftirlitinu, er endurskoðun á lagaumhverfi og viðbúnaði hér ekki síst í tilefni af úttekt FATF, alþjóðlegs starfshóps um aðgerðir gegn peningaþvætti. FATF er samstarfs-vettvangur ríkja innan OECD og von er á sendinefnd frá honum hingað í vor.

Komist hópurinn að þeirri niðurstöðu að hér sé ekki nógu vel að málum staðið, getur sú einkunn meðal annars haft áhrif á lánshæfismat fjármálafyrirtækja.

Sjá síðu 22 / - óká

FRÉTTIR VIKUNNAR

Styrk starfsemi | Tekjur Dagsbrúnar í fyrra námu rúmlega 15 milljörðum en það er aukning upp á 119 prósent milli ára. Hagnaður eftir tekjuskatt nam 718 milljónum.

Gagnrýna bankana | Tvö erlend greiningarfyrirtæki gagnrýna lánshæfismat íslensku bankanna og segja gengishagnað gera það að verkum að staðan sé veikari en uppgjör benda til.

Sömu kjör | Íslandsbanki fékk sambærileg kjör og hann hefur notið áður í útboði verðbréfa í Sviss í vikunni. Skrif greiningarfyrirtækjanna virðast því ekki hafa haft áhrif á fjárfesta.

Allir reknir | Öllu starfsfólki Icelandic Germany, sem var hluti af Icelandic Group, hefur verið sagt upp störfum og skrifstofu félagsins í Hamborg lokað.



Actavis best | Actavis hlaut þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, var valinn viðskiptafræðingur ársins.

Carnegie stærstur | Carnegie, stærsti banki Svíþjóðar sem er að fimmtungshluta í eigu Landsbankans, var umsvifamesti viðskiptaaðilinn í norsku kauphöllinni í janúar.

Tíu milljarðar | Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var vöruskiptahallinn í janúar um 10 milljarðar miðað við 5 milljarða á sama tíma í fyrra.

Kaup minnka | Mjög dró úr kaupum erlendra aðila á íslenskum verðbréfum á fjórða ársfjórðungi. Námu þau 7,3 milljörðum króna miðað við 43 milljarða árið á undan.

Bílanaust kaupir Esso

Olíufélagið Esso hefur verið selt á 17 til 18 milljarða króna. Ker, áður eignarhaldsfélag Esso, hyggur á auknar fjárfestingar í útlöndum.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Hluthafar og stjórnendur Bílanausts, ásamt nokkrum öðrum fjárfestum, hafa keypt allt hlutafé í Olíufélaginu ehf. sem rekur bensinstöðvar Esso. Samkvæmt heimildum Markaðarins hleypur kaupverðið á bilinu 17 til 18 milljarðar króna, en með í kaupunum er einnig eignarhluti Olíufélagsins í Olíudreifingu. Olíufélagið og Bílanaust verða í eigu nýs eignarhaldsfélags sem ætlað er að velti um 26 milljörðum króna í ár.

Kaupverðið hefur hvorki fengist staðfest hjá kaupendum né seljendum, en báðir segja nokkuð flókið að reikna út endanlegt verð og vísa til fyrri áætlana um verð á bilinu 15 til 20 milljarðar.

„Stærsta málið sem við stöndum frammi fyrir núna er að finna nafn á eignarhaldsfélagið,“ gantast Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Bílanausts, en hann verður einnig framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins. Hann segir ekki gert ráð fyrir miklum áherslubreytingum í rekstrinum. „Enda teljum við að Olíufélagið sé vel rekið og hlökkum til að vinna með starfsmönnum og viðskiptavinum félagsins.“ Þá segir hann töluverða möguleika í samstarfi Bílanausts og Olíufélagsins. „Einkum í þróun á þjónustu við bifreiðaeigendur og stórnotendur. Olíufélagið hefur sterkt dreifikerfi



um allt land og Bílanaust hefur mesta bílavöruúrval landsins þannig að við væntum að þess verði ekki langt að bíða að bifreiðaeigendur muni njóta aukinnar þjónustu félaganna.“

Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Olíufélagsins, er ánægður með sölu og hversu hratt hún hafi gengið fyrir sig, en söluferlið hófst í janúarbyrjun. „Okkur list vel á kaupendurna og teljum að félagið sé í góðum höndum.“ Hann segir nú verða fylgt eftir ákveðnum breytingum á fjárfestingarstefnu Kers hf. sem var eignarhaldsfélag Olíufélagsins, með auknu

vægi fjárfestinga í útlöndum, en sú stefna hafi verið mörkuð fyrir nokkru.

Örn Gunnarsson, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sem umsjón hafði með söluferlinu segir það hafa gengið vel og áhugi á félaginu hafi verið mikill eins og búast hefði mátt við. „Félagið er fjárhagslega sterkt og með góða markaðshlutdeild og áhuginn endurspeglar það,“ segir hann.

Olíufélagið ehf. var stofnað í desember 2001 og tók 1. janúar 2002 yfir kjarnastarfsemi Olíufélagsins hf., sem nú heitir Ker hf., innflutning og sölu á eldsneyti og tengdan verslunarrekstur. Bílanaust var stofnað 21. apríl 1962 og hefur frá stofnun sinnt innflutningi og sölu bílavarahluta. Fyrirtækið rekur nú átta verslanir og fjögur þjónustuverkstæði auk þess að reka og eiga hjólbardaínnflutningsfyrirtækið Ísdekk.

Kaupþing fær sömu einkunn á skuldabréf og ríkið

Kaupþing banki gefur út bréf til að fjármagna húsnæðislán sín. Bréfin hafa fengið sömu lánshæfiseinkunn og íslenska ríkið.

Lánshæfiseinkunn bréfa Kaupþingsbanka hjá Moody's er Aaa sem er sama einkunn og íslenska ríkið fær. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt fyrirtæki án ríkisábyrgðar fær slíka einkunn.

Sú tegund skuldabréfa sem sem Kaupþing banki mun gefa út kallast á ensku „Structured Covered Bonds“, eða „sérværin skuldabréf“. Auk ábyrgðar

Kaupþings banka á greiðslu skuldabréfanna eru þau tryggð með ábyrgð sem er sérstaklega afmörkuð við íbúðalán sem bankinn hefur veitt. Beitt er nýjustu aðferðum fjármálaverkfræði til þess að tengja saman greiðsluflæði eigna og skulda og lágmarka um leið áhættu fjárfesta. Stefnt er að skráningu hins nýja skuldabréfaflokks í Kauphöll Íslands.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþingsbanka, segir það tímamót að einkafyrirtæki fái slíka einkunn. „Þetta er ánægjulegur afkrastur frumkvæðis og hugmyndaauðgi starfsmanna bankans. KB íbúðalán bera um þessar mundir lægstu vexti sem völ er á hérlandis og lánshæfiseinkunnin mun auðvelda okkur að halda leiðandi stöðu bankans á íbúðalánamarkaðnum.“



Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingaheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum í útboðsýsingu og útdrætti úr útboðsýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbanki.is](#). Athygli er vakin á því að verðbréfavíðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](#)

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-3%	9%
Atorka Group	-2%	-3%
Bakkavör Group	-1%	8%
Dagsbrún	0%	-5%
Flaga Group	-5%	-16%
FL Group	1%	20%
Íslandsbanki	0%	16%
KB banki	3%	26%
Kögun	-2%	3%
Landsbankinn	-2%	10%
Marel	0%	8%
Mosaic Fashions	-2%	-6%
SÍF	1%	0%
Straumur	9%	30%
Össur	-3%	-8%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Össur undir væntingum

Uppgjör Össurar sem birt var í gær var talsvert undir væntingum greiningaraðila. Hagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 3,1 milljón bandaríkjadala eða ríflega 195 milljónum króna. Meðaltalsspá greiningardeildanna sagði til um 266 milljóna króna.

Greining Íslandsbanka hafði spáð fyrir um 349 milljóna dala hagnað. Miðað við spá hennar voru tekjur félagsins ríflega 5 milljónum bandaríkjadala undir væntingum. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að í afkomuspá fyrirtækisins hafi verið gert ráð fyrir að framlegð af vörusölu



JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSUR-AR Afkoma Össurar var talsvert undir væntingum markaðsaðila.

yrði um 60,6 prósent en raunin hafi verið um 59 prósent. Vegna lægri framlegðar af vörusölu og

lægri tekna hafi EBITDA verið 7,9 milljónir dala en í afkomuspá hafi verið gert ráð fyrir 12 milljónum dala.

Hagnaður alls ársins 2005 nam 11,7 milljónum bandaríkjadala eða 734,7 milljónum íslenskra króna. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 15,2 milljónum bandaríkjadala. Sala ársins nam 160,7 milljónum bandaríkjadala sem jafngildir 10,1 milljarði íslenskra króna, samanborið við 124,4 milljónir í fyrra.

Hlutabréf í félaginu höfðu lækkað um 2,38 prósent um tvöleitið í gær.

- hhs

50 milljónir til baka

Íslandsbanki endurgreiddi í gær viðskiptavininum sínum sem eru í Vild, Gullvild eða Platinum hluta af greiddum vöxtum skuldabréfa. Um það bil 10 þúsund viðskiptavinir bankans fengu endurgreiddar samtals 50 milljónir króna vegna vaxtagreiðslna árið 2005.

Endurgreiðsla vaxta tekur til skuldabréfalána sem veitt eru í útibúum bankans, svo sem almennra skuldabréfalána og óverðtryggðra og erlendra húsnæðislána. Viðskiptavinir þurfa að hafa staðið í skilum á árinu 2005 til að hljóta endurgreiðslu. - hhs



MIKIL VIÐSKIPTI Í SPV Fjórðungur stofnfjár hefur skipt um hendur og gengið hækkað hratt. Hlutturinn er um 1,8 milljóna króna virði. MARKAÐURINN/STEFÁN

Þriðjungur í SPV skiptir um hendur

Tvöföldun gengis á tveimur mánuðum. Eitt bréf nærri tveggja milljóna króna virði.

Lífleg viðskipti hafa verið með stofnfjárhluti í Sparisjóði vélstjóra að undanförunu. Yfir 30 prósent stofnfjár í SPV hafa skipt um hendur en þetta eru yfir þúsund bréf.

Samfara hefur gengi bréfa tvefaldað frá því snemma í desember og hækkað um 60 prósent frá áramótum. Kannski má því segja að SPV hafi hækkað mest allra bankastofnana það sem af er ári.

Eftir því sem næst verður komist eru kaupendur úr öllum áttum auk MP fjárfestingarbanka sem á tæp tíu prósent stofnfjárbréfa. Félag í eigu Þorsteins M. Jónssonar, sem kenndur er við Kók, keypti stóran hlut af Vélstjórafélaginu á dögunum.

Enginn miðlægur markaður er með stofnfjárbréfin og hefur gengið því verið mismunandi á milli þeirra verðbréfafyrirtækja sem miðla bréfunum.

Mikil viðskipti voru fyrir stuttu á genginu 46 en hæst hafa bréfin farið í 50. Fyrstu opinberu viðskiptin með bréf í SPV fóru fram á genginu 24 þannig að hækkunin nemur 90-100 prósentum.

Verðmæti eins stofnfjárlut- ar er nú um 1.882.320 kr. miðað við gengið 48. Áður en viðskipti fóru af stað fyrir frumkvæði MP Fjárfestingarbanka áttu stofnfjáreigendur sex hluti að hámarki, sem eru að nafnverði 235 þúsund, og því er markaðsverðmæti fyrir fullan hlut komið í ellefu milljónir króna.

MP fjárfestingarbanki keypti á genginu 24-27 og hefur hlutur hans því tæplega tvöfaldað. Bankinn hefur þó einungis atkvæðisrétt á sex bréfum.

Heildarvirði stofnfjár er sex milljarðar miðað við hæsta gengi sem er líklega svipað og allt eigið fé sparisjóðsins um síðustu áramót.

- hh / eþa

Vanskil í bankakerfinu minnka en útlán aukast

Lægri fjármagnskostnaður af húsnæðislánum og hagstætt árferði skýra minni vanskil.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Vanskil lántakenda í bankakerfinu hafa minnkað jafnt og þétt undanfarin misseri þrátt fyrir mikla útlánaaukningu til einstaklinga og fyrirtækja.

Friðrik Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankaþjónustu KB banka, segir að margþættar ástæður séu fyrir þessari þróun en tvennt skipti sköpum. Annars vegar hafi efnahagsástand á Íslandi verið gott og eins hjálpi til að einstaklingar hafi endurskipulagt peningamálin sín með endurfjármögnun húsnæðislána á lægri vöxtum sem óneitanlega minnki fjármagnskostnað heimilanna. „Fólk ákvað að hætta að eyða peningum í óþarfa kostnað eins og dráttarvesti.“

Friðrik nefnir að aukin umsvif í þjóðfélaginu komi fyrirtækjum til góða og þau eigi þar með auðveldara að standa í skilum með sín lán.

Í uppgjöri Íslandsbanka á fjórða ársfjórðungi fyrir viðskiptabankasvið á Íslandi kemur fram að greitt hafi verið út af afskriftarreikningi 59 milljónir króna samanborið við 640 milljóna króna framlag á sama tímabili fyrir ári síðan. Þá var lítið útlánatap á starfsemi dótturfélaga í Noregi á síðasta ári. Framlag á afskriftarreikning er nú skilgreint í rekstrarreikningi sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Um síðustu áramót nam virðisrýrnun útlána og krafna hjá Íslandsbankasamstæðunni sem hlutfall af lánum, kröfum og ábyrgðum um 0,2 prósentum samanborið við hálft prósent í loks árs 2004.

Sömu sögu er að segja af uppgjöri KB banka.

ÚTLÁNATÖP OG AFSKRIFTAREIKNINGAR BANKANNA Í ÁRSLOK 2005 *			
	Íslandsbanki	KB banki	Landsbankinn
Virðisrýrnun útlána og krafna	1,9	2,5	6,2
Virðisrýrnun útlána og krafna/lánum, kröfum og ábyrgðum	0,20%	0,15%	0,58%
Staða afskriftareiknings	8,9	13	13,1
Hlutfall útlána í afskriftarreikningi	0,76%	0,70%	1,31%

Heimild: LÍ * Allar upphæðir í milljónum



VANSKIL LÆKKA Þrátt fyrir að meira sé lánað til einstaklinga og fyrirtækja hefur útlánatap bankanna minnkað. Markaðurinn/Valli

Þar er greinilegt að vanskil fara minnkandi og nam virðisrýrnun útlána á árinu 2005 alls 2.450 milljónum króna en 3.825 árið 2004 þrátt fyrir mikinn vöxt útlána á síðasta ári. Virðisrýrnun sem hlutfall af heildarútlánum nam aðeins 0,15 prósentum á síðasta ári.

Hjá Landsbankanum var samsvarandi hlutfall 0,58 prósent og hafði lækkað úr 0,73 prósentum árið áður. Landsbankinn lagði um 6,2 milljarða á afskriftarreikning á síðasta ári.



„auga dregst
að yndi“

„Grillið á Hótel Sögu er samnefni fyrir lúxus í veitingum. Þar fellur allt í einn og sama farveg glæsibrag, allt frá virðulegum húsakynnum og viðáttumiklu útsýni yfir í frábæra þjónustu og matreiðslu á heimsmaðlikvarða. Það er gott að vita af svona klassa hér á landi. Í rauninni sprengir Grillið fimm stjörnu skalann, sem notaður hefur verið í þessum flokki greina um veitingahús ★★★★★...“

- Jónas Kristjánsson matargagnrýnandi

Grillið - 8. hæð / Radisson SAS Hótel Saga
Sími: 525 9900 / www.grillid.is

Grillið

Alltaf í dagsbirtu



Krían ver lengri tíma í dagsbirtu en nokkur önnur dýrategund. Á sumrin heldur hún sig á norðurslóðum þar sem langur vinnudagur veitir henni tækifæri til veiða og til að rækta unga sína. Þegar dimmir hjá okkur flýgur krían lengst allra farfugla, oft 35.000 kílómetra á ári, til að nýta dagsbirtuna á suðurhveli jarðar. Hún er ekki stór, en einstaklega vinnusöm.

Svona viljum við líka vera. VBS er nýtt heiti Verðbréfastofunnar sem nú hefur fengið starfsleyfi fjárfestingarbanka frá Fjármálaeftirliti ríkisins. Við erum ekki stærsti fjárfestingarbanki landsins og við viljum ekki vera það. Við viljum bregðast hratt við þegar tækifærin gefast, vanda til verka og vaka yfir fjármunum viðskiptavina okkar. Við viljum veita vandaða og óháða ráðgjöf og eiga náið samstarf við trausta viðskiptavini, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og fagfjárfesta. Á þeim grunni hefur starfsemi okkar vaxið fiskur um hrygg og með fjárfestingarbankaleyfi VBS aukast möguleikar okkar til þess að þjóna þessum góða hópi og nýjum viðskiptavinum á fleiri sviðum.

Við viljum vera í birtunni.

Rökke græðir á tá og fingri

Norski útgerðarmaðurinn og Íslandsvinurinn, Kjell Inge Rökke, brosir breitt þessa dagana, enda vex auður hans hratt vegna þeirra hækkana sem orðið hafa á norska markaðnum frá áramótum.

Finansvavisen telur að hann hafi grætt um 750 milljónir króna á hverjum einasta viðskiptadegi ársins eða alls um sautján milljarða. Munar þar mestu að Aker ASA hefur hækkað um fimmting á árinu en rúm 68 prósent hlutafjár þess er í eigu hans.

Dótturfélag Aker, Aker Kværner, sem stendur fram-



KJELL INGE RÖKKE ÁSAMT GERHARD SCHRÖDER Auður hans vex frá áramótum.

lega í alls kyns tæknibúnaði fyrir olíu- og orkuiðnaðinn, hefur byrjað nýja árið á sömu nótum og hækkað um þrettán prósent.

Það er ótrúlegt til þess að vita að fyrir þremur árum stóð veldi Rökkes á brauðfótum en hann bjargaði sér frá gjaldþroti á elleftu stundu. - eþa

Citigroup lækkar easyJet og Ryanair

Bandaríska fjármálafyrirtækið Citigroup hefur breytt verðmati sínu á lággjaldaflugfélögunum easyJet og Ryanair úr „kaupa“ í „halda“. Hins vegar er mælt með kaupum á hlutabréfum í Lufthansa og Air France.

J.P. Morgan mælir enn með kaupum í easyJet og gefur upp verðið 400 pens á hlut sem er nokkuð yfir síðasta markaðsgengi.

Í skýrslu Citigroup um horfur á flugfélaga-markaði í ár segir að búist sé við að hlutabréf evrópskra flugfélaga, sem hækkuðu umfram markaðinn í heild á síðasta ári, þróist í takt við önnur hlutabréf. Sú endurskipulagninging, sem hefur verið gerð á rekstri þeirra á undanförunum árum, mun skila sér í bættri afkomu í ár. Óvissa ríki þó með þróun eldsneytisverðs og stöðu á vinnumarkaði.

- eþa



LÆKKA VERÐMAT Citigroup hefur lækkað mat sitt á easyJet og Ryanair úr „kaupa“ í „halda“.

Hagnaður SPM meira en þrefaldast

Hagnaður Sparisjóðs Mýrasýslu (SPMI) jókst um 220 prósent á milli árunna 2004 og 2005. Alls nam hagnaður sparisjóðsins um 616 milljónum króna á síðasta ári, sem er langbesta afkoma hans frá upphafi, og var arðsemi eigin fjár um 42 prósent.

Hreinar vaxtatekjur voru 650 milljónir króna og hækkuðu um þriðjung en hreinar rekstrartekjur voru 1,7 milljarðar sem var 85 prósent hækking frá árinu 2004. Gengishagnaður nam um hálfum milljarði króna og vegur þar þungt hlutabréfaeign í Exista.

Önnur rekstrargjöld voru um 667 milljónir króna sem er 41 prósent hækking.

SPM á sparisjóðina í Ólafsfirði og Siglufirði sem báðir skiluðu hagnaði á síðasta ári, þar af nam hagnaður Siglufjarðarsjóðsins um 86 milljónum króna.

Heildareignir samstæðunnar voru 25 milljarðar króna í árslok og uxu um 62 prósent á síðasta



GÍSLI KJARTANSSON, SPARISJÓÐS-STJÓRI SPM Sjóðurinn þrefaldaði hagnað á milli árunna 2004 og 2005. Arðsemi eigin fjár var yfir 40 prósent.

ári. Eigið fé var um tveir milljarðar sem er helmingsaukning milli ára.

- eþa

Kjartan Gunnarsson í stjórn Carnegie

Kjartan Gunnarsson hefur verið tilnefndur í stjórn Carnegie sem fulltrúi Landsbankans en Björgólfur Thor Björgólfsson mun ganga út úr stjórninni en hann átti þar sæti sem fulltrúi Burðaráss.

Sænski fjárfestingarbankinn skilaði mjög góðri afkomu á fjórða ársfjórðungi síðasta árs sem var langt yfir væntingum. Einkum þykir frammistaða bankans á sviði eignastýringar

lofsverð.

Hagnaður bankans var 2,2 milljarðar króna og er afkoman 69 prósentum betri en á sama tíma árið 2004.

Allt árið hagnaðist bankinn um 5,4 milljarða króna sem er 67 prósent aukning frá 2004. Leggur stjórn bankans til að nær allur hagnaðurinn verði greiddur út í arð og fær Landsbankinn, stærsti hluthafinn, um 1,1 milljarð í sinn hlut.

- eþa



HÖFUÐ DAGSBRÚNAR Árni Pétur Jónsson forstjóri Og Vodafone, Björn Sigurðsson framkvæmdastjóri Senu, Stefán Hjörleifsson framkvæmdastjóri D3, Guðmundur Arason framkvæmdastjóri Securitas, Gunnar Smári Egilsson forstjóri Dagsbrúnar, Ari Edwald framkvæmdastjóri 365 miðla og Viðar Þorkelsson fjármálastjóri Dagsbrúnar stilltu sér upp fyrir myndatöku eftir að tilkynnt var um kaupin á Senu.

Verslunar- og heildsöluhluti Skífunnar loksins aðskilinn

Dagsbrún hefur keypt Senu, hluta þess sem áður hét Skífan og Norðurljós seldu. Sena er heldur dýrari en Skífan var öll áður.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Dagsbrún greiðir heldur meira fyrir affreyngarfyrirtækið Senu en Norðurljós fengu fyrir Skífuna sumarið 2004. Skífan varð að Degi Group sem stofnaði Senu utan um affreyngarreksturinn. Norðurljós urðu að 365 sem runnu inn í Og Fjarskipti, sem breytti síðan nafni sínu í Dagsbrún.

Samkvæmt heimildum blaðsins var Skífan seld á um 3 milljarða króna á sínum tíma, en meta megí söluverðið nú á 3,2 til 3,5 milljarða króna. Dagur Group heldur eftir verslunarhlutanum sem samanstendur af BT-verslunum, Skífunni, Sony Center og Hljóðfærahusi Reykjavíkur. Alls eru þetta 15 verslanir með um 4 milljarða veltu á þessu ári.

Róbert Melax, forstjóri og eigandi Dags Group, kveðst ánægður með viðskiptin og er þess fullviss að þau séu góð jafnt fyrir kaupanda og seljanda. „Dagur Group er nú orðið tiltölulega hreint verslunarfyrirtæki og það langöflugasta á sínu sviði,“ segir hann og telur um leið að mikil tækifæri hljóti að felast í því fyrir Dagsbrún að fá Senu yfir til sín.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar,

segir vissulega rétt að Norðurljós hafi átt Skífuna, en margt hafi breyst frá þeim tíma. Hann segir Skífuna á sínum tíma fyrst og fremst hafa verið seld vegna athugasemda samkeppnisyfirlvalda um að í rekstrinum færi saman heildsala og smásala á tónlist og tölvuleikjum. „Gerð var krafa um aðgreiningu þarna á milli, auk þess sem athugasemd var gerð við að hluthafar í Norðurljósum áttu ítök í öðrum verslunarfyrirtækjum sem seldu tónlist,“ segir hann og kveðst fullviss um að ekki verði gerðar athugasemdir við kaupin nú. „Engar athugasemdir voru gerðar við að affreyngarsviðið, sem nú heitir Sena og fjölmiðlahlutinn væru undir sama félagi, heldur snerust athugasemdirnar fyrst og fremst um verslunarhlutann. Og með því að við kaupum affreyngarsviðið út og þar með heildsölu, er loksins uppfyllt að fullu það sem lesa mátti úr úrskurði samkeppnisyfirlvalda. Heildsala tónlistar og tölvuleikja hefur verið aðgreind frá smásölu.“

Gunnar Smári segir að innan samstæðunnar sé að finna víðtæka reynslu í samskiptum við jafnt stóra erlenda birgja og innlenda framleiðendur. „Og í því er viss styrkur að geta sótt í reynslu hvers annars,“ segir hann.

Skilaði Auði auði

Auður Sigurðardóttir sparar fasta upphæð mánaðarlega. Hún fjárfestir í Stuttum skuldabréfasjóði og á því í ólíkum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og trausta fyrirtækja sem gefa góða og örugga ávöxtun.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölupóknun allt árið 2006.

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

e kort

spron
VERÐBRÉF



Himna og huf / SÍA - Jóhann Guðmundur Björnsson



Sterk samsteypa

Merkúr og Steypustöðin verða MEST

Með sameiningu Merkúr og Steypustöðvarinnar hefur orðið til eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafn hins nýja fyrirtækis, MEST, endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir.



– allt til bygginga

Ryanair hagnast

Hagnaður breska lággjaldaflugfélagsins Ryanair nam tæpum 2,8 milljörðum íslenskra króna á síðasta fjórðungi ársins 2005. Er það rúmlega hundrað og fimmtíu milljónum krónum meira en á sama tímabili í fyrra.



tilkynningu frá Ryanair kom fram að fjöldi farþega hefði aukist um tuttugu og sex prósent frá fyrra ári og að ef ekki hefði verið fyrir verðhækkunar á eldsneyti hefði hagnaður fyrirtækisins verið mun meiri.

Ryanair flýgur til þrjú hundrað og þriggja áfangastaða og hyggst bæta við átján í apríl á þessu ári.

- jsk

ELDSNEYTIÐ DÝRT

Ryanair skilaði methagnaði á síðasta fjórðungi ársins 2005. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja hátt eldsneytisverð valda því að hagnaðurinn varð ekki

Meteyðsla í janúar

Ensku úrvalsdeildarliðin keyptu fjölda leikmanna í janúar. Sérfræðingar segja liðin þó halda fastar um pyngjuna en áður.

Félögin í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu keyptu nýja leikmenn fyrir sjötiú og sjö milljarða íslenskra króna í janúar. Er það rúmlega fjörutíu prósentu aukning frá fyrra ári.

Knattspyrnulið eyða að jafnaði háum fjárhæðum í janúar en þá opnast svokallaður félagaskiptagluggi að nýju eftir að lokað hefur verið fyrir félagaskipti frá því að tímabilið hófst.

Stórliðin Manchester United og Arsenal eyddu mest, United tæpum 1,4 milljarði og Arsenal litlu minna. Athygli vakti að meistaralið Chelsea eyddi ekki krónu en Jose Mourinho framkvæmdastjóri hefur að því er virðist ótakmarkaðan aðgang að botnlausum vösum rússneska auðjöf-



ursins Romans Abrahamovich. Þrátt fyrir mikil fjárútlát í janúar telja sérfræðingar að liðin haldi fastar um pyngjuna en áður „Ég held að þessi miklu fjárútlát hafi verið undantekningin sem sannar regluna. Flest liðin, að Chelsea frátöldu, fara varlegar en áður. Við teljum að sú þróun muni halda áfram og minna fé verði varið í leikmannakaup,“ sagði Dan Jones hjá Deloitte & Touche. - jsk

Osló dýrasta borgin

Tókýó velt úr sessi eftir fjórtán ára setu.

Reykjavík í þriðja sæti.

Osló er dýrasta borg heims samkvæmt árlegri könnun Economist Intelligence Unit (EIU). Velti hún þar með Tókýó, sem verið hafði dýrust undanfarin þrjátíu ár, úr sessi. Tókýó vermdi þó annað sætið á undan Reykjavík sem varð í því þriðja. Tískuháborgin París deildi fjórða sætinu með japönsku borginni Osaka.

„Það kemur ekki á óvart að Osló tekur toppsætið af Tókýó. Gríðarlegur vöxtur hefur verið í Noregi á meðan japanska jenið hefur veikst og verðhjöðnun ríkt í landinu,“ sagði í skýrslu EIU.

Könnunin náði til hundrað og þrjátíu borga. Athygli vakti að Teheran, höfuðborg Írans, var borga ódýrust en hún vermdi

TÍU DÝRUSTU BORGIR HEIMS	
1.	Osló
2.	Tókýó
3.	Reykjavík
4-5.	Osaka
4-5.	París
6.	Kaupmannahöfn
7.	Lundúnir
8.	Zürich
9.	Genf
10.	Helsinki

toppsætið í könnun EIU fyrir fjórtán árum. - jsk

Tapa einni milljón punda á dag

Mjólkurfyrirtækið Arla hefur tapað sex milljörðum króna eftir birtingu skopmynda af Múhameð spámanni. Múslimar hunsa norrænar neysluvörur.

Forsvarsmenn mjólkurrisans Arla segja birtingu skopmynda af Múhameð spámanni í Jótlands-póstinum hafa kostað fyrirtækið allt að sex milljarða íslenskra króna. Arla er í eigu danskra og sænskra aðila.

Arla hefur víðtæka starfsemi í Mið-Austurlöndum en hefur nú sagt upp hundrað og sjötiú starfsmönnum þar sem nánast ekkert er keypt af varningi frá fyrirtækinu.

Skopmyndirnar voru fyrst birtar í Jótlands-póstinum í september á síðasta ári og síðar endurprentaðar í fjölda evrópskra dagblaða. Birtingin fór heldur illa í múslíma; mótmælagöngur hafa verið haldnar víðs vegar um Evrópu og ráðist hefur verið á norræn sendiráð í múslimalöndum.

„Það tók okkur fjörutíu ár að byggja upp fyrirtæki í Mið-Austurlöndum og tuttugu ár í Sádi-Arabíu. Öll þessi vinna er farin í vaskinn,“ sagði Louis Honore, talsmaður Arla, og bætti við: „Við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur. Birtum meira að



EVROPA ER MEINIÐ, ÍSLAM ER SVARIÐ Birtingu skopmynda af Múhameð spámanni hefur verið mótmælt víða um heim. Norrænn varningur á undir högg að sækja í múslimalöndum og hafa mörg fyrirtæki orðið illa úti.

segja heilsíðuauglýsingar í helstu dagblöðum þar sem við skýrðum frá okkar hlið á málinu. En allt kemur fyrir ekki, við töpum einni milljón punda á dag.“

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, segir stjórn-

völd í landinu ekki geta beðist afsökunar fyrir hönd frjáls og óháðs fjölmiðils. Hann hefur þó reynt að miðla málum og meðal annars hitt sjötiú og sex erlenda sendifulltrúa undanfarna viku.

- jsk

Góð ávöxtun í Indlandi

Indverska BSE-vísitalan er í hæstu hæðum. Útlendingar keyptu indversk verðbréf fyrir 700 milljarða á síðasta ári.

Virði bréfa í indversku kauphöllinni hefur aukist gríðarlega undanfarið og fór BSE-vísitalan í fyrsta skipti yfir tíu þúsund stig á mánudag. Vísitalan komst hæst í tæp tíu þúsund og þrjú stig en endaði daginn í níu þúsund níu hundruð og áttatíu stigum.

Rúmlega fjörutíu prósentu ávöxtun varð að meðaltali í Kauphöllinni árið 2005. Sérfræðingar sjá ekkert í spilunum sem bendir til þess að að hægjast fari á og hafa spáð því að BSE-vísitalan fari yfir tólf þúsund stig á árinu.

Átta prósentu hagvöxtur hefur verið að meðaltali í landinu undanfarin ár og hefur erlendum fjárfesta fjölgað eftir því. Útlendingar keyptu indversk verðbréf fyrir um 700 milljarða íslenskra króna á síðasta ári. „Þetta undirstrikar enn og aftur hversu vel okkur hefur gengið. Það er engin tilviljun að erlendir fjárfestar telja Indland vænlegan kost,“ sagði Jayesh Sheth, forstjóri ráðgjafarfyrirtækisins Kantilal Chaganlal. - jsk



FRÁ NÝJU-DELÍ Virði bréfa í indversku kauphöllinni jókst um fjörutíu prósent á síðasta ári. Ekkert lát virðist ætla að verða á hækkunum.

Mark
skrifstofustólar

30%
afsláttur

Mark 30 Fullt verð 58.900 kr.
Tilboðsverð **41.230 kr.**

Á. GUÐMUNDSSON
Bæjarlind 8–10 • Kópavogi • Sími 510 7300 • www.ag.is
STOFNAÐ 1956

Vildarþjónusta fyrir tækja

Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærrí innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph
550 2000 | www.sph.is

Betri vinnuaðstaða skilar árangri

Skrifborð T-LÍNA

Vandað skrifborð úr T-línunni frá Kinnarps með bogadreginni borðplötu og hæðarstillingu frá 62 sm til 82 sm. Hentar nútímafólki sem gerir kröfur um heilsusamlegt vinnuumhverfi.

44.900 kr.

Verð áður 61.392 kr. • Þú sparar 16.492 kr.



Skrifborðsstóll KN 5222

Hæðarstillanleg seta og bak. Dýptarstillanleg seta. Hallastilling læsanleg í 5 stöðum. Mótstöðustilling í baki. Hæðar- og hliðarstillanlegir armar. Hörð eða mjúk hjól. 5 ára ábyrgð.

39.900 kr.

Verð áður 59.547 kr. • Þú sparar 19.647 kr.

Kinnarps®

PENNINN

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, Reykjavík • Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, Akureyri

Löggur nota Firefox

Franskar ríkisstofnanir skipta Microsoft-afurðum út fyrir ókeypis forrit.

Franska lögreglan hyggst hætta að nota Internet Explorer vafra-ann og byrja að nota Firefox. Firefox-vafra má nálgast ókeypis á internetinu og segja talsmenn lögreglunnar hann síst verri kost en Internet Explorer „Firefox er öruggur vafri og auðveldur í notkun. Einfaldlega besti kosturinn,“ sagði Christian Brachet, yfirmaður tölvumála hjá frönsku lögreglunni.



Lögreglan skipti í fyrra um ritvinnsluforrit. Hún lagði Microsoft Office-pakkanum og hóf að nota Open Office, sem einnig má hala niður ókeypis gegnum netið. Talið er að skiptin komi til með að spara lögreglunni hundrað og fimmtíu milljónir króna á ári. Líklegt þykir að aðrar opinberar stofnanir í Frakklandi fylgi í kjölfarið og nýti sér ókeypis forrit í framtíðinni. - jsk

Gervihnattarforrit í bíla Volkswagen

Þýski bílaframleiðandinn Volkswagen hefur tilkynnt að fyrirtækið hyggi á samstarf með bandaríska netrisanum Google. Volkswagen mun nýta nýjasta útspil Google, Google Earth gervihnattamyndarforritið, í bifreiðar sínar.

Google Earth sýnir notendum loftmyndir af borgum og getur flett upp kennileitum og sýnt myndir af þeim úr lofti. Auk Google mun hátæknifyrirtækið Nvidia Corporation koma að hönnun búnaðarins.

Google kynnti Earth-forritið síðasta sumar og sló það strax í gegn. Það hefur þó farið fyrir brjóstið á stjórnunum ríkja á borð við Indland og Suður-Kóreu sem telja forritið birta upplýsingar er varði þjóðaröryggi, til að mynda loftmyndir af flugvöllum.

- jsk



VOLKSWAGEN BJALLA Þýski bílaframleiðandinn ætlar að nýta sér tækni frá Google við framleiðslu nýrra bifreiða.



OETZI-ÍSMAÐURINN

Ófrjór ísmaður

Hugsanlegt er að ísmaðurinn Oetzi hafi þurft að gjalda fyrir ófrjösemin með lífi sínu.

Ísmaðurinn Oetzi var líklega ófrjór, samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var í bandaríska vísindatímaritinu American Journal of Physical Anthropology.

Rannsókn var gerð á DNA-erfðaefti Oetzis og kom í ljós að það innihélt efni sem bendir til ófrjösemin. „Við getum ekki verið alveg fullviss en það er ýmislegt sem bendir til þess að Oetzi hafi verið ófrjór,“ sagði Doktor Franz Rollo sem stýrði rannsókninni.

Lík Oetzis fannst frosið í jökli í ítölsku Ölpunum árið 1991 og þótti hafa varðveist ótrúlega

vel. Rannsóknir hafa áður leitt í ljós að Oetzi hafi lent í átökum skömmu fyrir dauðann. Örvarendi var grafinn djúpt í höfuðkúpu hans auk þess sem hann hafði aðra áverka á höfði.

Doktor Rollo og félagar telja að sviplegur dauði ísmannsins kunni að tengjast ófrjösemin hans „Við þurfum að komast að því hvort fólk á þessum tíma hafi gert sér grein fyrir ófrjösemin og hvort það kunni að hafa orðið til þess að Oetzi var útskúfað úr samfélagi manna.“

- jsk

Smitsjúkdómur herjar á Tasmaníu-skolla

Vísindamenn telja að sjúkdómurinn smitist með biti. Tasmaníu-skollum hefur fækkað um fjórutíu prósent á örfáum árum.

Tasmaníu-skollum fækkar ört vegna æxlis sem leggst á andlit þeirra og smitast auðveldlega milli einstaklinga. Jafnvel er talið að skollarnir, sem einungis lifa á áströlsku eyinni Tasmaníu, séu í útrýmingarhættu.

Tasmaníu-skollar lifðu áður fyrr að meðaltali í um fimm ár en í dag er óvanalegt að sjá einstakling sem er eldri en þriggja ára. Alls eru nú um áttatíu þúsund skollar í Tasmaníu, en þeir voru hundrað og fjórutíu þúsund um aldamótin. Sjúkdómurinn sem um ræðir ræðst á andlit skollanna, þeir afmyndast, fá graftrásar og kýli í andlituð og svo fer að lokum



að þeir geta ekki nærst og gefa upp öndina. Sjúkdómurinn dregur venjulegan einstakling til dauða á sex mánuðum.

„Við teljum að sjúkdómurinn smitist með biti. Tasmaníu-skollar ærslast mikið og slást, og bíta þá gjarnan í andlit andstæðinga sinna. Næsta skref er að finna bóluefni við þessari óværu,“ sagði Anne Marie Pearce, vísindamaður og starfsmaður heilbrigðiseftirlits Tasmaníu. - jsk

SÁRPIÁÐUR TASMANÍUSKOLLI Sjúkdómurinn leggst á andlit Tasmaníu-skollanna og leikur þá grátt, eins og sjá má á myndinni. Skollunum hefur fækkað um fjórutíu prósent á örfáum árum.

Vefsíða BMW á svartan lista hjá Google

Þýski bílarisinn svindlaði á Google-leitarvélinni og var settur í straff. Forsvarsmenn BMW bera við grandleysi.

Jón Skaftason
skrifar

Þýsk vefsíða bílaframleiðandans BMW hefur verið sett á svartan lista hjá leitarvélinni Google og kemur því ekki upp á leitarlistum hjá fyrirtækinu.

Google segir BMW hafa brotið reglur um leitarvélinu til að tryggja að vefsíða fyrirtækisins, bmw.de, kæmi ávallt fyrst upp þegar þýskir notendur Google leit-uðu notaðra bifreiða. Forsvarsmenn BMW hafa viðurkennt að hafa notað svokallaða hliðarsíðu sem innihélt ekkert nema vinsæl uppflettiorð. Notendum

var síðan beint þaðan inn á opinbera heimasíðu BMW.

„Við vissum ekki að þetta væri bannað. Annars var lítill sem enginn munur á þeirri heimasíðu sem kom upp og þeirri sem fólki var beint inn á,“ sagði Markus Sagemann, talsmaður BMW.

Google sendi frá sér yfirlýsingu þar sem sagði að þeim sem uppvísir yrðu að svindli yrði umsvifalaust refsað. Hvergi kom fram hvort eða hvenær BMW ætti afturkvæmt af svarta listanum.



BMW KAGGI Forsvarsmenn BMW notuðu bellibróð til að beina notendum Google inn á heimasíðu fyrirtækisins. Google brást skjótt við og bannaði þýska vefsíðu BMW af leitarlistum sínum.

SÖGUHORNID

Opnað fyrir viðskipti á NASDAQ-markaðnum

Opnað var fyrir viðskipti á bandaríska NASDAQ-markaðnum þann 8. febrúar 1971 og verður markaðurinn því tuttugu og fimm ára í dag. NASDAQ var á sínum tíma fyrsti rafræni verðbréfamarkaður í heimi.

NASDAQ hefur alla tíð síðan skipað sér í fremstu röð kauphalla þegar kemur að tæknimálum og kom árið 1984 í gagnið svokölluðu SOES-kerfi sem á að sjá til þess að smærri pantanir verði ekki út undan þegar mikið er að gera á markaði.

NASDAQ-markaðurinn er í eigu hlutafélags sem ber nafnið The Nasdaq Stock Market Incorporated og er sjálft skráð á NASDAQ-markaðinn. Í dag eru rúmlega þrjú þúsund og tvö hundruð fyrirtæki á NASDAQ og eru hvergi fleiri fyrirtæki skráð á einn markað. Hvergi fara heldur fram meiri viðskipti daglega en á NASDAQ þótt samantlagt markaðsvirði félaga hinnar kauphallar New York-borgar, New York Stock Exchange, sé raunar meira.

Fjöldi vísitalna er á NASDAQ-markaðnum, þar á meðal

NASDAQ-100, þar sem skráð eru hundrað stærstu fyrirtæki á markaðnum, utan fjármála-fyrirtækja, og NASDAQ-financial sem hefur að geyma hundrað stærstu fjármálafyrirtæki markaðarins. Auk þess er á NASDAQ-markaðnum fjöldi sérstakra vísitalna, svo sem banka-, líftækni-, hátækni- og iðnaðar-vísitölur.

Sú sem allra mestu máli skiptir er þó NASDAQ-vísitalan sjálf. Vísitalan fór í fyrsta skipti yfir þúsund stiga múrinn þann 17. júlí 1995 en hefur hæst farið í 5.132 stig vorið 2000. Sú gósen-tíð stóð þó ekki lengi því netból-an svokallaða sprakk með látum skömmu síðar og hafði vísitalan rýrnað um helming fyrir árslok.

NASDAQ-vísitalan hefur aldrei náð viðlíka hæðum og vorið 2000 og stendur í dag í tæpum 2.260 stigum. Forstjóri NASDAQ-markaðarins er Robert nokkur Greifeld og hefur hann gegnt starfinu frá því á vormánuðum 2003. - jsk

NASDAQ-MARKAÐURINN Í NEW YORK Opnað var fyrir viðskipti á NASDAQ fyrir tuttugu og fimm árum. Hvergi eru fleiri félög skráð á einn markað.



Áttu hjór?

Sumarið nálgast. Hvert viltu fara? Jörðin er hvorki flöt né ferköntuð. Gott að eiga finan jeppa, tjald og hjól í friðsældina í sumar? Explorer er hannaður fyrir fólk sem velur 'aktífan' lífstíl og hugsar þægindi sem verkfæri til að ná árangri í hverju sem það tekur sér fyrir hendur, í hvíld eða vinnu. Vertu í hópi þeirra bestu. Skiptu um bíl. Veldu Ford Explorer - nýja 'aktífa' hönnun. Komdu í Brimborg.

Ný hönnun. Skiptu um bíl. Reyndu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer 4x4 í dag. Undraverð frá 3.790.000 kr. Þrjúþúsundsjöhundruð og níutíuþúsund. Aðeins.

SKIPTU UM BÍL
NÝ HÖNNUN
FRÁBÆRT VERÐ



CC ALMANATISOL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

WASHINGTON, D.C. Nýjustu fréttir 25.01.2006.
Ford Explorer hlýtur hæstu einkunn í árekstraprófi.
Umferðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NHTSA).

SKIPTU UM BÍL

3.790.000 kr!*

Undraverð á nýjum endurhönnuðum Ford Explorer frá 3.790.000 kr*

Explorer sameinar ólíka eiginleika

Ford tekst það sem ekki öllum hefur tekist að gera – að sameina ólíka eiginleika. Þú færð alvöru jeppa, þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði. Þess vegna er Explorer vinsælasti jeppi í heimi. Og hefur verið það í 14 ár. Bandaríska vegaöryggiseftirlitið (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn.

Öryggiskerfi Ford Explorer statar af RSC stöðugleikastýrikerfinu, veltivörn, sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum, hliðarloftpúðum, loftpúðum fyrir ökumann og farþega í



framsæti og loftpúðagardinum sem er staðalbúnaður í Explorer XLT Sport, Explorer Eddie Bauer og Explorer Limited. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi



● **Ford Escape XLS 4x4**
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 35.200 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



● **Ford Freestyle SEL 4x4**
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



● **Ford Explorer XLT 4x4**
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.480 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.



● **Ford Expedition XLT 4x4**
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.



● **Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4**
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Explorer er gangbreitti.



FJÖR Í FJÁRMÁLAGEIRA Útrás bankanna hefur vakið athygli og aukið áhuga á þeim hjá greiningarfyrirtækjum erlendis. Það kallar um leið á aukna upplýsingagjöf bankanna til þeirra. Myndin er tekin í verðbréfafyrirtækinu Teather & Greenwood í London en Landsbankinn keypti fyrirtækið í byrjun síðasta árs. Fréttablaðið/Teitur

Bankarnir segja gagnrýni byggða á misskilningi

Bæði Íslandsbanki og Landsbanki funduðu með fjárfestum í Bretlandi á mánudag. Íslensku bankarnir reyna að bregðast við gagnrýni greiningarfyrirtækja á rekstur þeirra. **Óli Kristján Ármannsson** greinir frá viðbrögðum bankanna, sem búast við að aukin upplýsingagjöf skili brátt árangri.

Íslensku bankarnir segja gagnrýni erlendra greiningarfyrirtækja á stöðu þeirra að stórum hluta byggða á misskilningi og ætla að efla til þeirra upplýsingagjöf. Þeir segja greiningarfyrirtækin rugla framvirkum samningum saman við eign bankanna. Þá benda bankarnir á að afkoma þeirra sé góð burt séð frá gengishagnaði, jafnvel mun betri en gerist og gengur hjá grónum bönkum á meginlandi Evrópu. Þá segja bankarnir að með auknum umsvifum erlendis séu þeir síður háðir sveiflum á hlutabréfamarkaði hér. Fram kom í máli Björgólfur Guðmundsson, formanns bankastjórnar Landsbankans, á aðalfundi hans um helgina, að um 35 prósent af heildarútlánum bankans séu til erlendra aðila og stór hluti innlendra lána sé til fyrirtækja sem hafi nær allar tekjur í erlendum myntum.

SKÝRSLUR VEKJA SPURNINGAR

Skýrslur greiningarfyrirtækjanna tveggja, Barclay's Capital Research og Credit Sights, sem komu út rétt fyrir mánaðamót, urðu hins vegar til að vekja nokkurn óróa og spurningar í hugum margra. Fyrir helgi var til að mynda lögð fram á Alþingi fyrirspurn til viðskiptaráðherra þar sem kallað var eftir álit Fjármálaeftirlitsins á skýrslum greiningarfyrirtækjanna. Í skýrslunum er meðal annars dregið í efa lánshæfismat virtra matsfyrirtækja á bönkunum, en þau fá mjög víðtækan aðgang að gögnum bankanna við sínar úttektir. Það veikir óneitanlega gagnrýni greiningarfyrirtækjanna tveggja að hún virðist, að minnsta kosti að hluta, byggð á misskilningi. Engu að síður geta áhrif neikvæðra skrifta um bankana verið nokkur þar sem þau geta haft áhrif á viðhorf fjárfesta til kaupa í skuldabréfum bankanna, en þeir fjármagna starfsemi sína að stærstum hluta með útgáfu slíkra bréfa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

„Alveg klárt er að um bankana gildir ekki að illt umtal sé betra en ekkert,“

segir Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri í Landsbankanum. Hann segir bankana helst geta brugðist við þeirri tegund af gagnrýni sem sett var fram í lok síðasta mánaðar í skýrslum greiningarfyrirtækjanna Barclays Capital og Credit Sights með því að veita skýrari og betri upplýsingar á sem flestum stöðum. „Á mánudaginn vorum við með fund í London þar sem mættir voru tæplega 300 manns. Þar fórum við yfir afkomu bankans og á þetta eflaust eftir að skila sér á næstunni í betri upplýsingum gagnvart markaðnum.“

Hann segir ljóst að stór hluti gagnrýnnar byggir á hreinum og klárum misskilningi sem þurfi að leiðrétta og vísar alfaríð á bug orðum um óheilbrigð eignatengsl. „Eitt sem okkur hefur dottið í hug og erum að vinna að núna er að stofna sérstakt félag um framvirka samninga. Hingað til hefur þetta allt verið skráð á Landsbankinn, en fræðilegur möguleiki væri að vera með eitthvert millifélag með öðru heiti til að koma í veg fyrir misskilning,“ segir hann og nefnir sem dæmi að Landsbankinn í Lúxemborg eigi ekki eitt einasta bréf, heldur sé þar um að ræða vörslureikninga fyrir viðskiptavinum, sem að sama skapi mætti stofna sérstakt félag um. Með þessu segir hann hægt að eyða misskilningi um að bréfin væru áhætta eða eign bankans.

GRUNNAFKOMAN ER GÓÐ

Sigurjón segir greiningarfyrirtækin gjarnan staldra við hversu stór hluti starfsemi bankanna sé fjármagnaður með útgáfu skuldabréfa á erlendum mörkuðum. „Skýringin á því er einföld. Þjóðin er ung og hér hafa ekki safnast upp stórkostlegir sjóðir. Því hefur alltaf þurft að afla erlends lánsfjármagns til að byggja upp innlent atvinnulíf. Þá er búið byggja hér upp þannig kerfi að þunginn af sparnaði einstaklinga er með skipulegum hætti færður inn í lífeyrissjóðakerfið, ekki bankana,“ segir hann og bætir við að til viðbótar hafi stuðningur bankanna

við útrás fyrirtækja og útlán á erlendum mörkuðum kallað á meira fjármagn sem skýri aukningu undanfarinna ára.

Eins segir Sigurjón þá áherslu sem greiningarfyrirtækin leggja á hlut gengishagnaðar bankanna skjóta skökku við. „Auðvitað er rétt að ekki er hægt að gera ráð fyrir slíkum gengishagnaði á hverju ári og að hlutabréfaverð hækki alltaf. Enda erum við búnir að setja inn í skýringar hjá okkur að reikna inn svokallaða grunnaafkomu, en þar sést undirliggjandi afkoma bankans óháð öllum gengishagnaði.“ Þá segir hann ekkert fyrirjáanlegt um niðursveiflu hér auk þess sem stoðir íslenska bankakerfisins hafi breyst þannig að sífellt stærri hluti sé óháður íslenskum aðstæðum. „Sama á við um öll stærstu íslensku fyrirtækin, sem auðvitað eru stærstu viðskiptavinir bankanna.“

Ástæða þess hversu greiningarfyrirtækjunum er starsýnt á gengishagnað bankanna kann að vera að þeir eiga meira af hlutabréfum en algengt er um aðra banka á Norðurlöndum. Sigurjón segir þó horfa öðruvísi við ef miðað er við þýska eða bandaríska banka. „Að maður tali nú ekki um stærri fjárfestingarbanka. Ef Landsbankinn er tekinn sem dæmi liggur þetta á bilinu fjögur til fimm prósent af heildareignum. Um áramót áttum við um það bil 60 milljarða í hlutabréfum af 1.400 milljarða efnahag, það eru rétt rúmlega fjögur prósent.“

DRIFKRAFTUR BREYTINGA

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, segist hafa átt fund með fulltrúa Credit Sights og hefur trú á því að tekist hafi að koma á framfæri leiðréttingu á ákveðnum rangfærslum í skýrslu fyrirtækisins um bankana. Líkt og Sigurjón í Landsbankanum segir Bjarni beinlínis rangt að um svokallað krosseignarhald sé að ræða í tilvikum Íslandsbanka, enda sé verið að rugla saman eignarhaldi og

framvirkum samningum. „Bankinn á ekki í sínum stærstu hluthöfum,“ segir hann. Á mánudag hélt bankinn svo stóran fund með fjárfestum í London til að kynna afkomuna og taldi Bjarni að sá fundur gæti hjálpað til með umræðu um íslensku bankana. Sama dag hélt Landsbankinn sambærilegan fund.

Bjarni segir ljóst að áhugi greiningarfyrirtækja á íslensku bönkunum sé meiri en nokkru sinni. „Íslensku bankarnir þurfa því að sinna þessari upplýsingagjöf mun meira en áður, enda sumir hlutir gerðir öðruvísi á Íslandi en annars staðar og það þarf að útskýra.“ Þá segir Bjarni einnig verið að skoða hluti á borð við að stofna sérstakt félag til að halda utan um framvirka samninga bankans. „Íslenska bankakerfið hefur verið drifkraftur breytinga í Norður-Evrópu og hefur í rauninni umhverfst á mjög stuttum tíma,“ segir hann og undrast því ekki þótt menn staldri við þessa þróun í greiningarfyrirtækjum.

Bjarni segir Íslandsbanka alla tíð hafa lagt mikla áherslu á dreifingu í fjármögnun bankans, að hægt sé að sækja fjármagn til margra landa og efnahagssvæða og ólíkra tegunda fjárfesta. „Á síðasta ári náðum við í 6.000 milljónir evra á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í yfir 200 útgáfum, þannig að sú starfsemi er orðin gríðarlega umfangsmikil. Og að sama skapi hefur staðan batnað mjög mikið. Árið 1998 þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins fór í sína fyrstu alþjóða-fjármögnun var 100 prósent af áhættunni gagnvart Íslandi og þar af um 55 prósent gagnvart íslenskum sjávarútvegi.“ Bjarni segir engu að síður ljóst að bankar hér reiði sig í meira mæli á alþjóðlega skuldabréfamarkaðinn en bankar í öðrum löndum Evrópu. „Íslenski markaðurinn er svo lítill og býður ekki upp á annað en krónufjármögnun, en af okkar efnahagsreikningi eru ekki nema um 15 prósent sem fjármögnuð eru í krónum.“



9,8%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnávöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útbodslýsingu og útdrátti úr útbodslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekin af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.



ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

SKRIFSTOFUTÆKI

sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri

Framúrskarandi faxtæki
fyrir fjölskyldur og fyrirtæki



SHARP UX-P410

- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírsbakki
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

Tilboðsverð:

Kr. 12.900 m/vsk



SHARP FO-3150

- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírsbakki
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

Tilboðsverð:

Kr. 39.900 m/vsk



SHARP FO-5900

- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírsbakki
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

Tilboðsverð:

Kr. 99.900 m/vsk

SKERPAN KEMUR FRÁ
SHARP

Hágæða prentarar
og ljósritunarvélar
fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum
í fremstu röð um heim allan.
SHARP prentarar/ljósritunarvélar er lausnin fyrir krefjandi þarfir
skrifstofunnar.
Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.



SHARP AL-1552

Prentari/skanni/ljósritunarvél

Tilboðsverð

Kr. 49.900



SHARP AR-M 550/620/700

Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningubúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

Aukabúnaður:

- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modem hraði 33.600 bps, hægt að senda beint á netföng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gatari
- PostScript letur
- Strikamerkjæletur
- Data security kit
- Inserter



SHARP AR-M1600

- Prentari/skanni/ljósritunarvél
- 16 eint. á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Innbyggður litaskanni
- 600x1200dpi

Tilboðsverð

Kr. 99.900

*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði

AL1566 • Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni.

- 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
- 30 blaða frumritamatari
- Snúningubúnaður (duplex)
- 250 blaða pappírsdúffa
- 50 blaða framhjámatari
- Minnkun-stækkun: 25 - 400%
- Rafrænn raðari
- Netprentari
- Prent upplausn: 600 x 600 punktar
- Litaskanni: 600 x 1200 punktar

Tilboðsverð

Kr. 69.900,-



TILBOÐSVERÐ

Öruggar og þægilegar sjóðvélar



SHARP ERA-220

- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrænn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítill skúffa.

Tilboðsverð:

Kr. 34.900 m/vsk



SHARP PG-B10S

- Skjávarpi
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð:

Kr. 84.900 m/vsk

3ja ára ábyrgð



SHARP XR-10X

- Skjávarpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

Tilboðsverð:

Kr. 119.900 m/vsk

3ja ára ábyrgð

www.ormsson.is

Pú gengur að gæðunum vísum...

Ekki bara sólin sem

Kína og Indland og yfirvofandi heimsyfirráð þeirra voru mál málanna á heimsviðskiptum aðar. Í nýlegu álití fjárfestingarbankans Goldman Sachs er áætlað að árið 2035 verði Japan hvað varðar stærð hagkerfisins. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skoðaði fram

Ísland og Kína

Töluverð reynsla hefur skapast hér á landi af viðskiptum við Kína og hafa þau aukist ár frá ári frá því að markaðsumbætur hófust þar um 1974. Árið 2004 stóð Kína fyrir 3,8 prósentum af öllum innflutningi til landsins og 0,6 prósent af útflutningi.

Textílvörurnar eru langstærstur hluti af innflutningi frá Kína til Indlands. Þegar kemur að útflutningi skipar sjávarútvegurinn veigamestan sess. Mörg íslensk sjávarútvegsfyrirtæki stunda viðskipti í Kína og hafa yfir að ráða háþrúðum verksmiðjum þar. Samgöngufyrirtækin hafa einnig komið sér fyrir í Kína, til að mynda hafa bæði Eimskip og Samskip skrifstofur þar og Icelandair leigir flugvélar þangað. Íslandsbanki opnaði nýlega skrifstofu í Shanghai í því miði að þjónusta íslensk og norsk fyrirtæki sem hafa hafið starfsemi í Kína.

För íslenskrar sendinefndar á vegum Útflutningsráðs, Samtaka fiskvinnslustöðva og Kínversk-íslenska viðskiptaráðsins til Kína árið 2003 sýndi hversu miklar væntingar íslenskt viðskiptalíf hefur til kínverska markaðarins. Fjölmörg íslensk fyrirtæki slógust með í þá í för og til góðra viðskiptasambanda var stofnað.

Kínverjar hafa alla tíð sýnt viðskiptum við aðrar þjóðir áhuga. Þeir reka til að mynda allstórt sendiráð á Íslandi sem er eitt af því sem gerir aðganginn greiðari fyrir þá sem hyggja á viðskipti við Kína.

Við fyrstu sýn virðast aðstæður Kína og Indlands svipaðar. Eitt atriði sker þó rækilega á milli þeirra – Indland býr við lýðræði og hefur gert frá sjálfstæðistökunni 1947 en Kína er einræðisríki.



Framgangi Kína og Indlands undanfarin ár hefur verið líkt við ris Þýskalands á 19. öld og Bandaríkjanna á 20. öldinni. Það er því ekki að undra að allra augu beinist að risunum tveimur í austri enda hefðu slík valdaskipti ófyrirséðar afleiðingar fyrir heimsbyggðina alla. Hagkerfi beggja landa vaxa með ógnarhraða. Kína náði nærri 10 prósentu hagvexti á síðasta ári og sölsaði undir sig sæti Bretlands sem fjórða stærsta hagkerfi heims. Áætlað er að hagvöxtur Indlands hafi verið á milli 7,5 til 8 prósent árið 2005. Það er því ekki um að ræða smávægilegar breytingar á löndunum tveim sem hafa að geyma tvo fimmtu hluta alls mannkyns.

AÐSTÆÐUR LANDANNA UM MARGT LÍKAR

Margt er líkt með Kína og Indlandi. Mjög miklar andstæður ríkja í báðum löndum. Tíundi hluti Indverja býr við samsvarandi kjör og Íslendingar og þessi millistétt fer ört stækkandi. Eftir sem áður er stór hluti Indverja bláfátækur en hlutföllin milli milli-stéttarinnar og hinna er að breytast hratt. Sama er uppi á teningnum í Kína. Bæði löndin reiða sig að miklu leyti á landbúnað og hafa tekið stór skref í áttina að minnka fátækt eftir að hafa farið röt-tækar leiðir að efnahagsumbótum. Mikill fólksfjöldi er vandamál beggja þjóða sem skapar gríðarlega þörf fyrir náttúruauðlindir á borð við land, vatn og orku. Bæði ríkin að finna leiðir til að stemma stigu við umhverfisvandamálum. Þar að auki standa þau frammi fyrir ytri deilum, Kína við Bandaríkin vegna Taívans og Indland við Pakistan vegna Kasmír. Að auki líta ríkin hvort til annars, bæði sem fyrirmynd og ógn en ekki síst tækifæri sem hefur að mestu leyti ekki verið nýtt.

HAMLAR LÝÐRÆÐIÐ FRAMPRÓUN?


Við fyrstu sýn virðast aðstæður Kína og Indlands svipaðar. Eitt atriði sker þó rækilega á milli þeirra – Indland býr við lýðræði og hefur gert frá sjálfstæðistökunni 1947 en Kína er einræðisríki. Þá sem fylgst hafa með þróuninni í Kína og Indlandi greinir á um hvort skorturinn á lýðræði standi Kínverjum fyrir þrífum eða ekki. Þorvaldur Gylfason, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sem hefur skoðað málefni landanna, tilheyrir fyrri hópnum. Honum lyginni líkast hversu langt Kína hefur komist með núverandi fyrirkomulagi. Hann telur að Kínverjum sé ekki stætt á því að halda sínu striki eins og hefur verið. Þeir verði annaðhvort að hægja á efnahagsumbótunum eða veita fólki færi á að koma kommúnistaflokkinn frá völdum í kosningum. Þeir verði að veita fólki færi á samkeppni á stjórnmálavettvangi eins og þeim þykir núna sjálfsagt að það sé samkeppni í efnahagslífinu. Það er þó spurning hvað þeim tekst lengi að halda fólki við réttindaskortinn með því að láta tekjur þess aukast frá ári til árs. Þorvaldur telur að til langs tíma litið verði þær andstæður sem nú eru við lýði í þjóðfélaginu ósættanlegar. Spurningin sé bara hvað orðin „til langs tíma litið“ þýði og það viti enginn. „Ég er jafnvið um það eins og ég sit hér að eftir 25 ár verði annaðhvort kommúnistaflokkurinn farinn frá völdum í Kína eða þeir hafa þurft að

FORSÆTISRÁÐHERRA KÍNA, WEN JIABAO, OG FORSÆTISRÁÐHERRA INDLANDS, MANMOHAN SINGH Myndin er tekin við undirskrift samkomulags milli Kína og Indlands í apríl í fyrra. Því var ætlað að leysa landamæradeilu landanna sem staðið hefur yfir í meira en fjóra áratugi. Samningurinn var liður í að auka efnahagslega samvinnu asísku risanna en tækifæri þeirra liggja ekki síst í auknum viðskiptum sín á milli.

hægja á umbótunum,“ segir Þorvaldur. Á þessu byggist sú skoðun hans að framtíðin sé í raun bjartari fyrir Indland þrátt fyrir að Kína hafi sýnt meiri framþróun síðustu ár.


KÍNVERJAR LENGRA Á VEG KOMNIR

Þegar frá er talið að Indverjar búa við lýðræði en Kínverjar ekki vakna spurningar um samanburð að ýmsu öðru leyti. Sá samanburður er Kínverjum í vil nánast hvar sem fæti ber niður. Kínverjar eru lengra komnir en Indverjar hvort sem að því kemur að útrýma ólæsi eða að opna efnahagslífið fyrir erlendri samkeppni og laða að erlent fjármagn. Framleiðsla á mann var þriðjungi



En rís í austri

Þáptingi World Economic Forum í Davos í lok síðasta mánaðar komið fram úr Bandaríkjunum og Indland fram úr þessum gang og framtíðarhorfur risanna tveggja.



meiri í Indlandi en í Kína árið 1950 en síðan þá hefur Kína vaxið örvar en Indland. Verg landsframleiðsla á mann í Kína óx um 5,7 prósent á ári að jafnaði á móti 2,5 prósentum í Indlandi á tímabilinu 1960 til 2003. Framleiðsla á mann ellefufaldaðist í Kína á þessu 43 ára tímabili en þrefaldaðist á Indlandi á sama tíma. Stór ástæða þess að Kínverjar eru lengra á veg komnir með opnun hagkerfisins er að umbætur í Kína hafa staðið tvöfalt lengur en í Indlandi. Indland hóf efnahagsumbætur sínar um svipað leyti og múrarnir féllu í Austur-Evrópu. Þangað höfðu Indverjar sótt sína fyrirmynd um

áætlunarbúskap. Það var óáran í indversku efnahagslífi og stjórnvöld sáu að nú þurfti að söðla um en þau gerðu það með hægð, ekki með stórum stökkum. Kínverjar byrjuðu hins vegar að opna sitt hagkerfi um 1978 og hafa því talsvert forskot á Indverja.

INDVERJAR VERÐA AÐ HEMJA FÓLKSFJÖLGUN Eitt af því sem hefur stutt við umbætur í Kína er að vel hefur tekist með að hemja fjólsfjölgun. Nú eru þar tvær barnsfæðingar á hverja fjölskyldu að meðaltali. Ástæða þess hversu vel hefur gengið þar er vafalítið sú að stjórnvöld geta gefið þegnum sínum slík fyrirmæli. Yfirvöld í Indlandi hafa ekkert slíkt boðvald yfir fjölskyldulífinu í dreifðum byggðum Indlands.

Fjólsfjöldaspár benda til þess að Indland fari fram úr Kína á næstu fimmtán til tuttugu árum. Indverskar konur eiga ennþá þrjú börn að jafnaði á meðan kínverskar konur eignast tvö. „Færri börn í hverju fjölskyldu þýðir að hægt er að gera betur við hvert barn. Þetta kalla hagfræðingar á köldu máli „fjárfestingu í mannauði“. Þegar börnin eru færri er hægt að leggja meiri rækt við þau og þá gerbreystast skilyrði þeirra til þess að hasla sér völl í atvinnugreinum þar sem þau eiga til dæmis kost á vel launuðum störfum,“ segir Þorvaldur sem segir þetta eitt brýnasta verkefni sem Indverjar standa frammi fyrir.

FRAMTÍÐARHORFUR INDLANDS GÓÐAR Þorvaldur er bjartsýnn á framtíðarhorfur bæði Indlands og Kína. Hann er þó ívið bjartsýnni á framgang Indlands og segir ástæður þess að í Kína eru uppi mjög alvarleg vandamál sem geti staðið Kínverjum fyrir þrífum. Ber þar fyrst að nefna að einkaframtakinu var gefinn laus taumur í efnahagslífinu án þess að ráðist væri gegn ríkisfyrirtækjunum og þau einkavædd. Hann líkir því við að skapa skilyrði fyrir nýjan gróður að dafna og láta hann vaxa yfir þann sem fyrir er. Þetta þýðir það að gömlu ríkisbankarnir eru ennþá til í Kína og mikið af pólitískum lánveitingum frá fyrri tíð sem hvíla þungt á bönkunum. Þetta segir hann eitt dæmi af mörgum um það að það kunni að reynast Kínverjum dýrkeypt að hafa ekki gengið rösklegar til verka. Það eigi tíminn þó eftir að leiða í ljós. Á síðustu mánuðum einkavæddi Kína og skapaði stærsta banka heims og finnst mörgum að í slíkar einkavæðingar hefði þurft að fara í ríkari mæli og fyrr. Í Indlandi horfa þessi mál allt öðruvísi við. Þar er samlíf einkageirans og hins opinbera mun skilvirkara. Gott bankakerfi er ein af lykilstoðum sem þarf til að þjóðfélagi vegni vel til langs tíma lítið og þarna standa Indverjarnir mun betur að vígi.

LÚTA SÖMU LÖGMÁLUM OG AÐRIR Margir hafa tilhneigingu til að líta svo á að Kína og Indland séu hvort um sig svo stór lönd að ekki henti að bera vöxt þeirra saman við önnur lönd. Þorvaldur segir þau samt sem áður falla undir sömu lögmál og önnur lönd hvað varðar efnahagslega velgengi. Indland og Kína vaxi nú mjög hratt vegna þess að þau hafa lagt rækt við að mennta fólkið sitt, að spara og fjárfesta og laða til sín erlent fjármagn og draga úr fjólsfjölgun. Sömu sögu mætti segja megi um örríki eins og Ísland og risaveldin í austri. Hann segir þetta einmitt gera það að verkum að Kína vex helmingi hraðar en Indland og að Kínverjar séu nú orðnir helmingi efnaðri en Indverjar þrátt fyrir að hafa staðið jafnfætis þeim fyrir tuttugu árum. Það sé einfaldlega vegna þess að þeir hafi gengið helmingi lengra í að drífa upp menntunina, erlendu fjárfestinguna og draga úr fjólsfjölguninni.

„Ég er jafnviss um það eins og ég sit hér að eftir 25 ár verði annaðhvort kommúnistaflokkurinn farinn frá völdum í Kína eða að þeir hafa þurft að hægja á umbótunum,“ segir Þorvaldur. A þessu byggist sú skoðun hans að framtíðin sé í raun bjartari fyrir Indland þrátt fyrir að Kína hafi sýnt meiri framþróun síðustu ár.

Ísland og Indland

Indland hefur ekki átt eins mikil viðskipti við Ísland og Kína. Markaðsumbætur hófust ekki í Indlandi fyrr en árið 1991 og stutt síðan Íslendingar fóru að eiga viðskipti þar. 0,4 prósent af heildarinnflutningi til landsins árið 2004 kom frá Indlandi, að mestu textílvörur líkt og í tilfelli Kína, en útflutningur þangað er einungis brot af heildarútflutningi Íslands.

Nokkur íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl í Indlandi. Ber þar fyrst að nefna Sæplast sem hóf rekstur verksmiðju í Gujarat-fylki fyrir tæpum tíu árum. Stærst íslenskra fyrirtækja á markaðnum er hins vegar án efa Actavis sem á í gríðarmiklum viðskiptum við Indland og keypti þar nýverið lyfjapróunarfyrirtæki. Ekki má svo gleyma Eskimo Models sem fór inn á Indlandsmarkað ekki alls fyrir löngu og hefur meðal annars haslað sér völl í auglýsinga- og kvikmyndagerð í Bollywood.

Í lok þessa mánaðar er fyrirhuguð ferð viðskiptasendinefndar frá Íslandi til Nýju-Delí sem um 15 til 20 íslensk fyrirtæki taka þátt í. Tilfnið er opnun íslensks sendiráðs þar í borg. Megináherslan verður lögð á fyrirtækjastefnumót auk þess sem haldin verður viðskiptaráðstefna og móttaka.



TVG-ZIMSEN SÍMI
5 600 700



Hvað sem er Hvenær sem er Hvert sem er

TVG-Zimsen er traust flutningsmiðlun sem byggir hæfni sína á sterkum, alþjóðlegum samböndum og úrvalsstarfsfólki út um allan heim.

www.tvg.is

TVG-Zimsen hf. Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 5 600 700

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

BESTA RÁÐIÐ

Ráðast í erfiðustu verkefnin

„Að takast á við erfið verkefni sem virðast nánast ómöguleg er hugarfar sem hefur hjálpað mér á öllum sviðum, í einkalífi, starfi og skóla,“ segir Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar. „Það skilar árangri að ná að leysa verkefni sem þú telur þig ekki ráða við. Ef þú hins vegar velur alltaf auðveldu verkefnin nærðu engum sérstökum árangri því þú veist að þú getur leyst þau.“ Hildur segir það oftast en ekki koma í ljós þegar yfir erfiðasta hjallann er komið að verkefnið var alls ekki eins flókið og hún bjóst við. Um leið og maður sé búinn að ganga í gegnum eitt-hvað sem áður virtist ómögulegt sé það orðið að auðveldu leiðinni. „Þá er eitthvað annað og enn þá erfiðara sem þú þarft að eiga við næst. Þetta gerir það að verkum að þú sem persóna þróast og þroskast.“

Annað sem Hildur hefur alltaf haft að leiðarljósi er að einfalda alla hluti eins og mögulegt er. „Ef maður nær að greina verkefni



HILDUR DUNGAL, FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR „Það skilar árangri að ná að leysa verkefni sem þú telur þig ekki ráða við. Ef þú hins vegar velur alltaf auðveldu verkefnin nærðu engum sérstökum árangri því þú veist að þú getur leyst þau.“

niður á sem einfaldastan hátt verður líka auðvelt að finna einfaldar lausnir. Oft geta verkefnin virst stór og mikil en ef maður nær að brjóta þau niður og hugsa

„hvert er verkefnið?“ kemur lausnin til manns. Þannig kemst maður oft að raun um að verkefni sem virkar stórt og mikið er í raun mjög einfalt.“ - hhs

Opið ljósleiðaranet:

Forskot inn í framtíðina

- Óumdeild framtíðarlausn fyrir heimili jafnt sem stórfyrirtæki
- Leggur grunn að nútímalegu og framsæknu samfélagi
- Tryggir mikla bandbreidd og lítinn viðhaldskostnað
- Veitir heimilum aðgang að fjölbreyttri afþreyingu

Hollenska borgin **Almere** er framsækin og nútímaleg borg þar sem hvert einasta hús; opinberar byggingar, fyrirtæki og heimili eru tengd fullkomnu **ljósleiðaraneti**. Senn standa bæði Seltjarnarnes og Akranes jafnfætis Almere hvað varðar aðgengi að ljósleiðaraneti.



Frummælandi fundarins er **Dolf Zantinge**, þekktur sérfræðingur í samskiptatækni. Hann er m.a. stjórnarformaður Unet í Hollandi, sem rekur ljósleiðaranetið í Almere.

Morgunverðarfundur kl. 8:00–9.15

Föstudaginn 10. febrúar 2006
Sunnusál, Radisson SAS Hótel Sögu

Fundarstjóri:
Jónmundur Guðmarsson,
bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS



Fundargjald með morgunverði kr. 2.500. Fundurinn er öllum opin en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is, á fundir@vi.is eða á skrifstofu Viðskiptaráðs í síma 510 7100.



Hátúni 10c • S: 562-8500 • Fax: 552-8819 • www.mulalundur.is

Betra skipulag á nýju ári!

...með skrifstofuvörum frá Múlalundi



MARKAÐURINN Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Sumar 2006

Frá Hanstholm í Danmörku er aðeins um 4 tíma akstur til Flensburg sem er við landamæri Þýskalands og Danmerkur. Þaðan er einfalt að aka til allra átta í Evrópu. Upplifið fjölbreytileika Evrópu, ferðist um rómantískar sögulegar borgir og farið á heimsklassa uppákomur og viðburði sem eru í boði á hverjum degi. Meira um Evrópu á www.visiteurope.com



Danmörk

Það er yndislegt að aka um í Danmörku, ferðast meðfram ströndum eða keyra um falleg engi og skóga. Við vesturhafið er upplagt að fara á ströndina, eða ferðast um skógana á Sjálandi, heimsækja gamlar hallir og herragarða eða fara í einhverja af þeim fjölmörgu skemmtigörðum sem eru víða um Danmörku. Einfalt er að leigja sumarhús eða gista á frábærum tjaldsvæðum. Legoland, dýragarðar og allskyns skemmtigarðar eru staðsettir um allt land. Lesið meira um Danmörku á www.visitdenmark.com

Danmörk
25.000

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokapláss. Verð frá kr. 31.700 á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)

Bókaðu strax til að tryggja þér 10% aukaafslátt

Öll verð miðast við að bókað sé fyrir 15. mars.



AUSTFAR

Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is • www.smyril-line.is



Færeyjar

Þórshöfn er minnsta höfuðborg í Evrópu. Á eyjunum sem eru 18 býr ein minnsta þjóð í heimi, um 47.000 manns. Frá Þórshöfn eru góðar samgöngur til allra eyjanna, sem bjóða hvern og einn velkominn sem vill kynnast þessum litla heimi. Alls staðar blasa við andstæður náttúrunnar, ógnandi og mildar í senn. Hríkaleg fjöll, djúp gil og grasi gróin svæði í sjó fram mynda tófrandi baksvið með hafið allt um kring.

Lesið meira um Færeyjar á www.tourist.fo/www.faroeislands.com



Færeyjar
15.600

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpokapláss. Verð frá kr. 21.000 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)



Noregur

Noregur vekur áhuga allra vegna stórfenglegs landslags og heillandi náttúrufegurðar. Þar eru fagrir og djúpir firðir, há fjöll, miklir skógar og vinalægir dalir með fossum og ám sem falla að lokum í vötn og til sjávar. Algengur ferðamáti þeirra sem leggja leið sína yfir hafið til meginlands Evrópu með Norrænu er til Danmerkur og heim frá Noregi.

Noregur
19.700

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokapláss. Verð frá kr. 26.900 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)



**Hjaltlands-
eyjar**
15.600

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í svefnpokapláss. Verð frá kr. 21.000 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Miðannatímabil)

Hjaltlandseyjar

Í landslagi Hjaltlandseyja skiptast á stórfenglegir klettur, langar sandstrendur og fallegar heiðar. Hjaltland er þekkt fyrir fuglabýggðir, fornleifafjárstöði og heillandi menningararf. Meðal annars má finna, fjölda golfvalla í stórbrotnu umhverfi, tónlistarviðburði, hátíðir, söfn og gallerí, kastala og rústir, tómstundasetur, sundlaugar, ásamt frábærum veitingastöðum og krám. Það er óþarfi að taka fram að héðan eru smáhestarnir "Shetland pony" upprunnir og eru ennþá meðal helstu tákna fyrir eyjarnar. Gistihús og B&B bjóða þig og þína fjölskyldu velkomna og hjálpa til við að gera frið eftirminnilegt. Smakkið á reyktum silungi, eða heimsækið einhverjar af listmunagerðunum sem framleiða minjagripir fyrir eyjarnar. Lesið meira um Hjaltland á: www.visitshetland.com



**Danmörk
Noregur**
21.400

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í svefnpokapláss. Verð frá kr. 29.400 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Miðannatímabil)

Með því að nýta sér ferðaávisanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávisanir frá MasterCard og Eflingu sem greiðslu upp í ferði.

SMYRIL LINE



SMYRIL LINE ÍSLAND
Norræna
FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 • 110 Reykjavík • Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 • www.smyril-line.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vitleysan verður ekkert betri þótt hún komi að utan.

Bankakerfið hefur aldrei verið sterkara

Hafliði Helgason

Rétt eins og Íslendingar eru uppnæmir fyrir þeirri upphefð sem kemur að utan, virðast margir á sama hátt fyllast þórðargleði þegar útlendingar draga okkur og það sem við fáumst við í efa.

Útrás viðskiptalífsins hefur óneitanlega fylgt aukin athygli og hún ekki alltaf jákvæð. Erlendis furða menn sig skiljanlega á þeim vexti og sókn sem íslenskt viðskiptalíf hefur verið í að undanförunu. Þar hafa menn leitað ýmissa skýringa og hafa þær ekki allar verið jafn gáfulegar.

Sum þessara skrifa hafa sennilega stjórnast af því að helstu skýringarnar á því að íslenskt efnahagslíf hefur blómstrað og íslenskum fjárfestum hefur vegnað vel eru ekkert sérlega spennandi eða ævintýrlegar. Aukið athafnafrelsi, einkavæðing banka, öflugt lífeyrissjóðakerfi, hagstæðari aldursamsetning þjóðar en í nágrannalöndunum, erlendar stórfamkvæmdir og meiri hagvöxtur en víðast annars staðar eru ekki spennandi skýringar fyrir þá sem vilja krydda frásögn sína. Þá er skemmtilegra að horfa til harmleikjanna og sjá fyrir sér oflátunga eins og Íkarus sem flaug of nærri sólinni sjálfum sér til tjóns. Eða að fabúlura um Ísland sem peningþvottavél fyrir rússnesku mafíuna.

Við þessa umræðu verðum við að búa, en verra er þegar hún er tekin upp hér heima af þeim sem eiga að vita betur. Við höfum sjálf bestu forsendurnar til þess að átta okkur á því sem stendur að baki vexti og viðgangi íslensks viðskiptalífs.

Að undanförunu hafa birst greiningar erlendra banka á íslensku bönkunum. Þær greiningar hafa verið býsna gildishlaðnar og framsetningin einkennst af nokkrum hálfkæringi. Þar hefur meðal annars verið gengið svo langt að efast um réttmæti lánsþæfiseinkunna virtra matsfyrirtækja á íslensku bönkunum. Þessa umræðu ber að taka alvarlega, ekki á þeim forsendum að hún sé rétt, heldur á þeirri forsendu að hún getur verið skaðleg. Fjármálakerfið stendur nú traustari fótum en nokkru sinni fyrr og vöxtur bankakerfisins hefur opnað nýjar dyr fyrir athafnafólk þjóðarinnar. Það er því sérkennilegt þegar greina má kokhrausta gleði, jafnvel hjá þeim sem telja sig búa yfir yfirsýn og ábyrgð, þegar augljósar rangfærslur birtast í erlendra umfjöllun.

Fjármálafyrirtæki eru ekki bara venjuleg fyrirtæki. Þau eru ein af stöðum samfélagsins. Stjórnendur þeirra og þeir sem um þau fjalla undir formerkjum fagmennsku, eiga að bera meiri virðingu fyrir staðreyndum en svo að róið sé undir þegar vegið er ómálefnalega að þessum stöðum. Bankarnir verða hins vegar að taka þessa umræðu alvarlega og leggja sig í framkröka um að kynna starfsemi sína og svara skýrt þegar þeir eru dregnir í efa.

Það er eðlilegt að stöðir bankakerfisins séu umfjöllunarefni og að forvígismenn þeirra séu krafir svara ef efasemdir vakna. Því hlutverki þurfa bankarnir að sinna af sömu kostgæfni og öðrum þáttum starfseminnar. Hér á landi höfum við komið okkur upp samsvarandi stofnunum til að hafa eftirlit með fjármálakerfinu og til eru í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Auk þess undirgangast bankar rannsókn og yfirferð alþjóðlegra matsfyrirtækja sem eiga allt sitt undir því að meta hlutina rétt. Slíkir aðilar hafa margfalt betri aðgang að upplýsingum um eignir og stöðu bankanna en markaðsaðilar svo sem greiningadeildir annarra banka.

Eiginfjárlutfall bankanna hefur aldrei verið hærra og eignadreifing þeirra aldrei jafn mikil. Sé ekki nema lítið til þessara tveggja þátta, má sjá að íslensk fjármálafyrirtæki búa yfir verulegum styrk. Líka þótt á móti blási. Það þýðir hins vegar ekki að menn geti slegið af kröfum sínum um fagleg vinnubrögð og varúð sem nauðsynleg er í rekstri fjármálafyrirtækja.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is |
ollikr@markadurinn.is

Ætlar þú að grípa tækifærið?

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, nýtsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtæjanámskeið Hraðlestrarskólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma **586-9400**, sendu póst á jowvi@h.is eða kíktu á <http://www.h.is>



„Námið er mjög markvisst og yfir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“

Sigurður Jónsson,
59 ára afgreiðslumaður

IPR-stefnumótun – skilyrði til að geta tekið þátt í hinu nýja hagkerfi

Stefnumótun í verndun hugverka-réttinda er nauðsynlegt skilyrði til að geta verið þátttakandi í nýju heildarhagkerfi („global economy“), þar sem óáþreifanleg verðmæti eru að verða stærri og stærri hluti af verðmætum fyrirtækja.

Það er oft sagt að við búum í „nýju hagkerfi“. Þetta þýðir m.a. að stöðugt stærri hluta af vexti viðskiptalífsins er hægt að þakka óáþreifanlegum verðmætum, þ.e. verðmætum sem eru ekki af efnislegum toga. Í dag er áætlað að um það bil 70% af verðmætum fyrirtækja séu vegna óáþreifanlegra verðmæta (tilvísun: Brookings Institute), sem ekki reiknast beint inn í ársuppgjör fyrirtækja.

Slík óáþreifanleg verðmæti geta verið óskráð réttindi í formi höfundarréttar (copyright), iðnaðarleyndarmála og verkþekkingar („know how“), eða þau geta t.d. verið skráð í formi einkaleyfa, vörumerkja eða hönnunar. Á alþjóðlegan mælikvarða falla slík réttindi undir samnefnarann „Intellectual Property Rights“, sem er venjulega skammstafað IPR.

HVERS VEGNA IPR-STEFNUMÓTUN?

Fyrirtæki með einkaleyfi hefur rétt til að koma í veg fyrir að aðrir stundi atvinnustarfsemi innan þess tæknilega sviðs sem lýst er í einkaleyfakröfunum. Það að fá einkaleyfi á nýjum afurðum og nýrri tækni er venjulega nauðsynlegt til að komast hjá eftirlíkingum. Einkaleyfi geta náð yfir almenn og breið svið eða sérstakar lausnir og eru þau veitt

ORD Í BELG

Guðmundur Þór Reynaldsson

einkaleyfa-

lögfræðingur

og starfar hjá

Plougmann og

Vingtoft í Danmörku



til 20 ára. Hægt er að bera einkaleyfi saman við sérstaka löggjöf sem bannar misnotkun á þeirri tækni sem einkaleyfið nær yfir í öllum þeim löndum þar sem það er skráð. Til viðbótar við að tryggja einkarétt á tæknilegu forskoti þá ver einkaleyfi fjárfestingar, tryggir ávöxtun, hindrar samkeppnisaðila og hefur í för með sér verðmætaaukningu fyrir fyrirtæki. Mikilvægt er að hafa í huga að einkaleyfi er opinbert skjal, sem hindrar að aðrir geti fengið einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu. Þessu til viðbótar er vert að nefna að einkaleyfi er samfélagsleg auðlind fyrir bæði tækni- og vísindalega þekkingu. Það er nefnilega þannig að eigandi einkaleyfis hefur fullkominn rétt til þess að koma í veg fyrir að aðrir notfæri sér tæknina í viðskiptalegum tilgangi.

Á svipaðan hátt er vörumerki kennimark fyrirtækis sem og þeirrar vöru eða þjónustu sem fyrirtækið hefur á sínum snærum. Vörumerkjaskráning gefur tilsvarende einokun til notkunar á vörumerkinu og jafnframt hindrar aðra í að nota sama eða samsvarandi merki.

Hönnunarvernd er einnig

Í dag er áætlað að um það bil 70% af verðmætum fyrirtækja séu vegna óáþreifanlegra verðmæta, sem ekki reiknast beint inn í ársuppgjör fyrirtækja.



UM VÍÐA VERÖLD

Ristir dýpra

BBC | Neil Heathcote, greinahöfundur á vefsíðu BBC, er staddur í Dubai og fjallar um hvernig múslimar sniðganga danskar vörur. Hann segir verslanir víðs vegar í arabaheiminum hafa tekið danskan varning úr hillunum, meira að segja franska matvörukeðjan Carrefour. Heathcote segist hafa farið í búðir í Dubai í leit að dönsku smjöri og osti en ávallt gripið í tómt; í staðinn sé boðið upp á vörur frá Nýja-Sjálandi, Tyrklandi eða Sádi-Arabíu. Hann telur jafnframt að í þetta skipti risti mótmælin dýpra en oft áður. Margsinnis hafi verið reynt að hvetja múslima til hunsu bandarískar vörur, til að mynda svaladrykki frá Coca-Cola eða bifreiðar frá Ford. Slíkar tilraunir hafi hins vegar runnið fljótlega út í sandinn. Danir hafi hins vegar ráðist gegn því allra heilagasta – sjálfri trúnni og spámanninum Múhameð. „Þeir hafa saurgað spámanninn okkar og óhreinkað trúna. Við höfum fullan rétt til að mótmæla,“ hefur Heathcote eftir reiðum viðskiptavini lítillar kjörbúðar í Dubai.

Birtir til í Japan?

sölu á heimaslátruðu kjöti eða frá minni sláturhúsum eru annars vegar dýraverndarsjónarmið og hins vegar öryggi matvæla. Ég er á því að um yfirsýn sé að ræða þar sem í kerfinu felst að skepnur eru fluttar landshorna á milli til slátrunar í fjarlægum sláturhúsum þótt hægt væri að sinna verkinu í heimabyggð. Það telst varla góð meðhöndlun á dýrum. Öll þessi ofstýring veldur því fyrst og fremst óhagræðingu og illri meðferð á saklausum skepnum.

Hið sama má segja um mjólkurframleiðsluna en þar hefur styrktarkerfið þróast út í óefni og má rökstyðja að stuðningurinn hafi runnið að miklum hluta út úr atvinnugreininni. Allar líkur eru til þess að þetta styrkjakerfi muni breytast á næstu árum þar sem alþjóðasamningar munu gera ráð fyrir að framleiðslutengdir styrkir dragist verulega saman.

Forsætisráðherra hefur sett á fót nefnd til þess að leita leiða til að lækka verð á matvælum á Íslandi. Ég efast um að neytendur geti búist við miklu af því nefndarstarfi í ljósi verka Framsóknarflokksins á síðustu misserum. Nefndir eru settar á laggirnar, s.s. um fjármál stjórnmálaflokka, endurskoðun sjávarútvegsstefnu og byggðamál. Dæmin sanna hins vegar að hugur fylgir ekki máli hjá stjórnflokkunum við að taka á málum sem blasir við að nauðsynlegt sé að taka á. Þvert á móti er málum drepð á dreif og treyst á gullfiskaminni landsmanna.

Flestum ætti þó að vera orðið ljóst að ef það á að koma t.d. fjármálum stjórnmálaflokka upp á borðið þarf að skipta út spilltum stjórnvöldum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, rétt eins og ef það á að lækka matarverð þarf að koma Framsóknarflokknum frá völdum.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins. ■

Heilbrigðisþjónusta í fremstu röð

UMRÆÐAN
HEILBRIGÐIS-
ÞJÓNUSTA



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Fjárfestingar í menntun og heilbrigði eru vísasta leiðin til þess að efla hagvöxt og hagsæld og meðal annars af þeim ástæðum eru þau forgangsmál Samfylkingarinnar.

Rúmlega fjórðungi fjárlaga ríkisins er varið til heilbrigðismála. Nýting fjármuna, skipulag og rekstur heilbrigðiskerfisins er því mál sem varðar samfélagið allt. Í mannauði heilbrigðiskerfisins felst dýrmæt auðlind.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er að mörgu leyti til fyrirmyndar. Innan hennar starfar afar hæft starfsfólk sem stótt hefur menntun víða um heim. Aðgengi er gott fyrir þá sem eru bráðveikir eða slasaðir og árangur á mörgum sviðum er eftirtektarverður og með því besta sem þekkist í heiminum, s.s. lágt hlutfall ungabarnadaða, hátt hlutfall þeirra sem lifa stóráfall af, árangursrík glasafrjóvgun, framúrskarandi meðferð kransæðasjúklinga, og í krabbameinslækningum.

Eftir stendur hins vegar að þessum árangri má fyrst og síðast þakka starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Stjórnvöld hafa hins vegar veigrað sér við að móta skýra stefnu í þessum þýðingarmikla málaflokki. Verulega skortir á heildrænt skipulag

þessa umfangsmikla málaflokks. Það þarf því að ráðast í endurbætur og forðast ómarkvissar og illa ígrundaðar niðurskurðartilögur.

Samfylkingin vill endurbæta heilbrigðiskerfið með það að leiðarljósi að kerfið verði markvissara og betra fyrir notendur. Samfylkingin vill efla heilbrigðisþjónustuna sem atvinnu, þjónustu - og útflutningsgrein. Forsenda endurbóta í heilbrigðisþjónustu er að markmið jafnaðarstefnunnar um jafnan aðgang óháð efnahag standi óhaggað. Þegar kemur að breytingum í heilbrigðiskerfinu þarf öryggi og aðgengi sjúklinga ætíð að vera í öndvegi.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur lagt í jafnvíðamikla vinnu í stefnumótun í heilbrigðismálum og Samfylkingin undanfarin misseri. Niðurstaða þessarar stefnumótunar felst m.a. í að skilgreina hlutverk heilbrigðisstofnana og heilbrigðissviða ásamt flutningi verkefna til sveitarfélaga eða svæðisbundinna samtaka þeirra, s.s. heilsugæsla, öldrunarmál, málefni fatlaðra og geðsjúkra.

Samfylkingin vill sömuleiðis brjóta upp heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti í tvö ráðuneyti og aðskilja kaupanda og seljanda þjónustunnar. Kostnaðargreina þarf heilbrigðisþjónustu og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn er látið fylgja sjúklingum í auknum mæli. Jafnaðarmenn vilja jafnframt nýta markaðsaðferðir þar sem það á við til að tryggja hagkvæmni m.a. í rekstri án þess að þó komi niður á grundvallarforsendunni um jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

Nauðsynlegt er að efla heilsugæslu og heimahjúkrun og skoða kosti þess að gefa fagfólki aukið rekstrarlegt sjálfstæði ásamt því að fjölga valkostum fyrir aldrada og geðsjúka. Stórauka þarf valfrelsi, forvarnir og endurhæfingu í heilbrigðiskerfinu og koma upp rafrænni sjúkraskrá.

Fjárfestingar í menntun og heilbrigði eru vísasta leiðin til þess að efla hagvöxt og hagsæld og meðal annars af þeim ástæðum eru þau forgangsmál Samfylkingarinnar.

Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.



BRÉF TIL BLAÐSINS

Jens Guð skrifar:

Ég heyrði á Rás 2 brot úr Spurningakeppni grunnskólanna í kvöld, 6. feb. Skemmtilegur og vel heppnaður þáttur heyrðist mér. Í einni af mörgum áhuga-verðum spurningum var spurt að því í hvaða hljómsveit bassaleikarinn Bill Wyman sé. Rétt svar var sagt vera: The Rolling Stones.

Hvorugt liðið var með svar. Þetta kom því ekki að sök. Hinsvegar er Bill Wyman ekki bassaleikari The Rolling Stones. Að visu tók hann við bassagítarleik í The Rolling Stones af bassaleikara sem síðar gerði garðinn frægan með Pretty Things. En það eru ár og dagar síðan Bill yfirgaf The Rolling Stones.

Fyrir 2 áratugum stofnaði hann Willie & The Poor Boys ásamt m.a. Jimmy Page (áður gítarleikara Led Zeppelin) og Paul Rogers (áður söngvara Free en síðar Queen). Fyrir röskri áratylft stofnaði hann The Rythm Kings með m.a. Gary Brooker (fyrrum hljómborðsleikara Procul Harum), Peter Frampton (áður gítarleikara Humble Pie og síðar illilega ofmetnum sóló-poppara) og blúsgítarleikaranum Albert Lee.

The Rolling Stones er ein af merkustu hljómsveitum rokksgunnar. Ég kalla sýslumann Árnessýslu til vitnis um það. Þeir höfðu hærri tekjur en nokkur önnur hljómsveit af hljómleikaferð um Bandaríki Norður-Ameríku í fyrra. Sem segir nokkuð um stöðu þessarar merku hljómsveitar, sem þó vissulega hefur átt sín slæmu tímabil á 44ra ára ferli. Og segir heldur ekki alla söguna um hin mörgu og merku afrek The Rolling Stones.

KAPPRÆÐA

NASA við Austurvöll í kvöld 8. febrúar kl. 19-20



Dagur B. Eggertsson



Steinunn Valdis Óskarsdóttir



Stefán Jón Hafstein

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík
11. og 12. febrúar kl. 10-18.

Kjörstaðir eru félagsheimili bróttar í Laugardal, félagsheimili Fylkis í Árbæ, Gyllaflöt 9, Grafarvogi, Visahúsið í Mjódd og aðalskrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstig 1.

Allir velkomnir!

Vinum borgina saman!



Samfylkingin

www.samfylking.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.616 +2,09% Fjöldi viðskipta: 739 Velta: 5.682 milljónir

MESTA HÆKKUN

KB banki +4,05%
TM +3,57%
FL Group +2,17%

MESTA LÆKKUN

Marel -3,0%
Össur -2,38%
Dagsbrún -1,40%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Activis 54,0 -0,37% ... Atorka 6,20 +0,00% ... Bakkavör 54,70 +0% ... Dagsbrún 5,62 -1,40% ... FL Group 23,50 +2,17% ... Flaga 3,88 0,00% ... Íslandsbanki 20,40 +1,49% ... KB banki 976 +4,05% ... Kögun 62,50 -0,79% ... Landsbankinn 28,00 +1,08% ... Marel 68,00 -3,0% ... Mosaic Fashions 18,00 +1,69% ... SÍF 4,08 0,0% ... Straumur-Burðarás 21,10 +1,93% ... Össur 102,50 -2,38%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Afkoman er undir væntingum

Hagnaður af rekstri Marel í fyrra nemur tæpum 429 milljónum króna, eða 5.715.000 evrum samkvæmt ársreikningi sem kynntur var í gær. Er það nokkuð undir væntingum greiningardeilda bankanna, en meðaltal spáa þeirra gerði ráð fyrir hagnaði upp á 511 milljónir króna.

Í ársreikningnum segir að gengisþróun hafi verið félaginu óhagstæð og að mildandi áhrifa framvirkra gjaldeyrissamninga sé hætt að gæta. Horfur til skemmri tíma eru sagðar erfiðar þó svo að ná megi árangri með hagræðingu.

Fram kemur að sala ársins hafi numið 129 milljónum evra, um 10,1 milljarði íslenskra króna, en



HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI MAREL
Marel segir framtíðarhorfur fyrirtækisins til lengri tíma vera góðar.

það sé 14,9 prósentu aukning frá fyrra ári. Hagnaður á hlut á árinu

2005 var 2,42 evrucent, samanborið við 3,4 evrucent árið áður.

Í árslok samanstóð Marel-samstæðan af 17 fyrirtækjum sem eru með starfsemi í 14 löndum. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands kemur fram að á síðasta ársfjórðungi 2005 hafi Póll hf. verið sameinað Marel hf. og Marel TVM verið sameinað Marel Deutschland. Þá hafi bæst við Marel Food Systems í Singa-pore og Carnitech/Marel s.r.o. sem sé framleiðslufyrirtæki í Slóvakíu.

Heildareignir Marel-samstæðunnar voru í árslok 2005 bókfærðar á 114,9 milljónir evra og hafa aukist um 20 prósent frá fyrra ári.

- óká



MANMOHAN SINGH, FORSÆTISRÁÐHERRA INDLANDS, MEÐ KÍNVERSKUM STARFSBRÓÐUR SÍNUM
Hagvöxtur á Indlandi mælist rúmlega átta prósent og hefur ekki verið meiri í tvö ár. Singh er himinlifandi með árangurinn.

Indland á góðri siglingu

Indverska hagkerfið mun vaxa um 8,1 prósent á því tólf mánaða tímabili sem endar 1. mars ef eitt-hvað er að marka hagvaxtarspá viðskiptaráðuneytis landsins. Slíkur hagvöxtur hefur ekki mælst á Indlandi í rúm tvö ár og er langt umfram væntingum.

Mestu munar um aukna framleiðni í iðnaði og þjónustugeirum. Þá spillir ekki fyrir að uppskera í landbúnaði er með besta móti. Stjórnvöld í landinu eru himinlifandi og lét Manmohan Singh forsætisráðherra hafa eftir sér að stefnt væri að tíu prósentu hagvexti árið 2006.

-jsk

Atorka bætir við sig í NWF

Atorka Group hefur bætt við hlut sinn í breska iðnaðarfyrirtækinu NWF Group, upp í sextán prósent hlutafjár. Gengi hlutabréfa í breska félaginu hefur hækkað um tólf prósent það sem af er ári. Ætla má að eignarhlutur Atorku í NWF sé um 1,3 milljarðar að markaðsvirði. Að sögn Valdísar Arnardóttur, kynningarstjóra Atorku Group, hefur félagið verið að auka við fjárfestingar sínar á Bretlandsmarkaði undanfarin tvö til þrjú ár og eru kaupin liður í því að styrkja stöðu félagsins þar.

NWF hefur birt hálfis árs uppgjör, sem miðast við lok nóvember, sem sýnir mikinn vöxt í allri kjarnastarfsemi. Tekjur samstæðunnar jukust um 23 prósent á milli ára og námu tæpum fimmmtán milljörðum. Hagnaður var um 130 milljónir króna, sem er nærri 120 prósentu aukning, og verður stór hluti hans greiddur út í arð. NWF Group byggir starfsemi sína á fjölbættri starfsemi: Fóðurframleiðslu, flutningastarfsemi, olíudreifingu og rekstri stórra garðyrkjuverslana. Félagið greindi frá því nýverið að það hefði eignast garðyrkjuverslunina Woodford Park sem er sunnan við Manchester. Kaupverðið var um tvær milljónir punda sem var fjármagnað með útgáfu nýs hlutafjár.

- epa



EINFALT OG GOTT – NÝTTU TÍMANN VEL

IRIS MURDOCH (1919-1999)
LÉST PENNAN DAG.

„Hægt er að gera hvað
sem er heilagt með nógu
einlægri trúfestu.“

Iris Murdoch var írsk/breskur
ríthöfundur og heimspekingur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 8. FEBRÚAR 1974

Geimmaraþoni lýkur

Á þessum degi árið 1974 snéru þrír menn aftur til jarðar eftir 85 daga dvöl í bandarísku geimstöðinni Skylab. Þetta var lengsti tími sem nokkur hafði dvalið í geimnum og geimfararnir, Edward Gibson, Gerald Carr og William Pogue, sýndu þar með að menn gætu dvalið í geimnum í lengri tíma en áður var talið.

Þetta var síðasta mannaða geimflug NASA á áttunda áratugnum og þriðja og síðasta ferðin í geimstöðina Skylab sem var á sporbaug um jörðu, um það bil 430 kílómetra frá jörðu. Hún var yfirgefin eftir dvöl þeirra Gibson, Carr og Pogue og féll til jarðar, á svæði milli Vestur-Ástralíu og suðausturhluta Indlandshafs þann 11. júlí árið 1979. Þetta var mun fyrr en gert var ráð fyrir, en áður var talið að Skylab myndi njúfa loftþjúp jarðar árið 1985. Líklegt er talið að aukin virkni sólar hafi orsakað breytinguna.

Met þessara bandarísku geimferðalanga átti eftir



GIBSON, CARR OG POGUE.

að verða margslegið. Í dag er metið í lengstu dvöl úti í geimi 437 dagar en það á rússneski geimfarinn Valeriy Pliyakov sem dvaldi um borð í geimstöðinni Mir árið 1995.

MERKISATBURÐIR

- 1587** María Skotadrottning er hálshöggvin.
- 1725** Pétur mikli Rússakeisari andast.
- 1924** Fyrsta aftakan með banvænu gasi er framkvæmd í Bandaríkjunum.
- 1925** Togarnir Leifur heppni og Robertson farast í miklu norðan- og norðaustanveðri á Halamiðum og með þeim 68 menn.
- 1965** Louis Armstrong, konungur djassins, kemur til landsins og heldur þrenna tónleika í Háskólabíói.
- 1980** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen tekur við völdum.
- 1998** Halldór Laxness skáld andast 95 ára að aldri.

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR: Í FYRSTA SÆTI SAMFYLKINGAR Í KÓPAVOGI

Skjótt skipast veður í lofti

„Ég hef verið pólitísk mjög lengi og fylgst vel með bæði landsmálum og bæjarmálum en ég hef ekki tekið þátt í pólitísku starfi með virkum hætti fyrr en núna,“ segir Guðríður Arnardóttir sem skipar fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í bæjarstjórnarkosningunum í Kópavogi í vor. Guðríður er menntaður jarðfræðingur og kennari við Fjölbautaskóla Garðabæjar. Þá er hún einnig mörgum kunn úr sjónvarpinu en hún hefur í töluverðan tíma sinnt veðurfréttum á Stöð 2 og síðar NFS. „Það er kannski ákveðið forskot sem ég hafði á aðra frambjóðendur að andlit mitt var þekkt af skjánum,“ segir Guðríður en bendir á að hún hafi ekki sinnt veðurfréttum frá því prófkjörsfresti lauk og verði líklega ekki sýnileg á NFS fram að kosningum.

Löngunin til að hafa áhrif varð til þess að Guðríður ákvað að fara fram. Þá var einnig ljóst að nýja manneskju þyrfti inn í forystu

flokksins eftir að Sigrún Jónsdóttir tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér aftur. Það kom Guðríði ekki alls kostar á óvart að fara með sigur af hólmi. „Ég hefði ekki farið fram nema finna fyrir ákveðnum stuðningi. Þetta var ekki eitthvað sem datt í kollin á mér fyrirvaralaust,“ segir Guðríður sem er skráð húsfrú í símaskránni. Hún útskýrir hlæjandi að hún hafi skráð þetta fyrir mörgum árum síðan þegar hún starfaði ekki við það sem hún var menntuð. „Ætli ég þurfi ekki að fara að breyta þessu núna,“ segir hún hlæjandi en bætir við að vissulega sé hún líka húsfrú.

Áhugasvið Guðríðar í stjórnmálum snúast um velferðarmál og því að jafna kjör fólks. Einnig finnst henni mikilvægt að sanngirni sé gætt í stjórnsýslu. Innan Kópavogs brenna á henni leikskóla- og skólamál.

Guðríður er forfallin hestakona og reynir þess á



FORFALLIN HESTAKONA Guðríður er hestakona af lífi og sál og eyðir miklu tíma með fjölskyldu sinni í hesthúsi sínu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

milli að sinna fjölskyldu sinni en hún á þrjú börn. „Sem betur fer erum við saman í hestamennskunni og eyðum miklum tíma þar,“ segir Guðríður sem sér þó ekki fram á að geta sinnt hestunum jafn

mikið á þessu vori eins og áður. Um áframhaldandi pólitískan frama segir hún; „Það verður að koma í ljós hvernig mér líkar við þetta nýja hlutverk og hvernig fólki líkar við mig í því.“ ■



Okkar ástkæra dóttir, systir og vinkona,
Ásdís Hrönn Björnsdóttir

sem lést föstudaginn 3. febrúar, verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Samhjálp kvenna s: 540-1990.

Hlíf Kristófersdóttir Sigurður Sigurgeirsson
Sigurgeir Már Sigurðsson Ólöf Vala Sigurðardóttir
Oddsteinn Örn Björnsson Vilhjálmur Björnsson
Ásbjörg Björnsdóttir Ásthildur, Elsa, Guðrún Jóna, Herdis, Hulda, Íris, Jóna Björk, Jónína Birna, Katrín, Kristín, Virpi og Þórunn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Málfríður Agnes

Daníelsdóttir

Háteigi 19, Keflavík,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 3. febrúar, verður jarðsungen frá Keflavíkurkirkju þann 10. febrúar kl. 14.00.

Magnús Jónsson
Sigríður Magnúsdóttir Einar Haukur Helgason
Ingibjörg G. Magnúsdóttir Árni Ingimundarson
Kristbjörg J. Magnúsdóttir Óskar Gunnarsson
Sjöfn Magnúsdóttir Hafþór Óskarsson
Elisabet Magnúsdóttir Valerie J. Harris
Pétur Magnússon Ásgrímur S. Stefánsson
Sigurborg Magnúsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug
vegna andláts og útfarar eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Víkings Guðmundssonar

Grænhóli, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á lyfjadeild
Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Bergþóra Sigríður Sölvadóttir
Arnbjörg A. Guðmundsdóttir Gunnar Sigurðsson
Guðmundur Víkingsson Sóley Jóhannsdóttir
Vignir Víkingsson Hildur Stefánsdóttir
Sölvi Rúnar Víkingsson
Elin Margrét Víkingsdóttir
Jón Víkingsson Erna Valdís Sigurðardóttir
Guðný Sigríður Víkingsdóttir Pétur V. Pálmason
Gunnar Ingi Víkingsson
Þórunn Hrynna Víkingsdóttir afabörn og langafabörn.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Hjartans þakkir ferum við öllum þeim
sem sendu okkur blóm og samúðarkort
vegna andláts fösturdóttur okkar

Hafþór Óskarsson

Við þökkum einnig öllum fyrir samúð og vináttu við
útför hennar. Fyrir hönd barna hennar og annarra
vandamanna,

Helga Friðriksdóttir Ólafur Gunnarsson



Gísli Vigfússon

frá Skálmarbæ

verður jarðsungen frá Grafarkirkju í Skaftártungu
laugardaginn 11. febrúar kl. 14.
Fyrir hönd aðstandenda,

Kolbrún Gestsdóttir og fjölskylda.
Hjálmar Gunnarsson og fjölsk.

Siglufjarðar miðvikudaginn 1. febrúar.
Guðmundur Kristján Hákonarson, Kleifahrauni 2a, Vestmannaeyjum, áður Kirkjuvegi 88, Vestmannaeyjum, andaðist laugardaginn 4. febrúar.
Ingunn Elin Angantýsdóttir, Þing-

eyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði laugardaginn 4. febrúar.
Katrín S. Jónsdóttir, lést á Hrafnistu, Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 5. febrúar.
Sigurgeir M. Jónsson frá Efri-Engidal, lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar sunnudaginn 5. febrúar.

JARÐARFARIR

13.00 **Laufey Simonardóttir**, Flétturima 27, verður jarðsungen frá Garðakirkju, Álftanesi.

14.00 **Böðvar Ingi Þorsteinsson** bóndi á Þyrlí, Hvalfjarðarstrandarhreppi, verður jarðsungen frá Hallgrímskirkju í Saurbæ.

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta. Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020. Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

frá kr. 27.000 með uppsetningu og áletrun - takmarkað magn.

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýðug við andlát og útför eiginkonu
minnar, móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Þorgerðar Elísabetar

Grímsdóttur

Árskógum 8, Reykjavík.

Ólafur Hólm Einarsson
Stella Hólm McFarlane
Einar Hólm Ólafsson
Birgir Hólm Ólafsson
ömmubörn og langömmubörn.
Gavin McFarlane
Vilborg Árný Einarisdóttir
Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir

Vaxtalaus

tilboð á öllum sófasettum



Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
6.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 144.000,-

Hornsófi 2+h+2 bycast

Sérsmíðum
eftir þínum þörfum.
Þú velur áklæði, stærð
og gerð og við smíðum
fyrir þig.

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-



Leðursófasett 3+1+1 Dany

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-



Leðursófasett 3+1+1 M6217

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-



Leðurhornsófi 2+h+2 3130

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
8.500*
á mán. í 24 mánuði
Verð 204.000,-



Bycast sófasett 3+1+1 Nice

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-



Leðursófasett 3+1+1 3178

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
6.500*
á mán. í 24 mánuði
Verð 156.000,-



Púðahornsófi 2+h+2 Paris

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 168.000,-



Leðursófasett 3+1+1 3057

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 74.990,-
Verð áður 149.990,-



Leðursófasett 3+1+1 1980

Vaxtalaus
tilboð!
aðeins
7.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 74.990,-
Verð áður 149.990,-



Micro fiber sófasett 3+1+1 Chesterfield

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 12. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Námskeið í vörustjórnun

Námskeiðið er ætlað innkaupa- og lagerstjórnun, lagermönnunum, framleiðslustjórnun, verkstjórnun í framleiðslu, sölustjórnun, stjórnendum í dreifingu, framkvæmdastjórnun minni fyrirtækja, gæðastjórnun og yfirmönnum tölvumála.

Helstu þættir: Vörustjórnun, birgða- og lagerstjórnun, vörudreifing, upplýsingatækni, strikamerkingar, rafræn viðskipti, skilvirk neytendasvörun (ECR) og greining og lausn vandamála.

Námskeiðið stendur yfir í 1½ dag og hefst **22. febrúar**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **lðntæknistofnun** í **síma 570 7100** og á vefsíðu okkar **www.iti.is**.



lðntæknistofnun

Stefán Jóhann Stefánsson

varaborgarfulltrúi og hagfræðingur



Velferð
Jafnrétti
Lífsgæði

3

Veljum Stefán Jóhann í þriðja sætið

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. og 12. febrúar.

www.stefanjohann.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		7						
		4	5				8	2
				1		5	4	
	1	3		8		4		
			4		9			
		2		7		9	5	
	2	1		6				
3	6				4	7		
					6			

Lausn á gátu gærdagsins

5	7	1	9	8	2	4	6	3
2	3	6	4	5	7	1	9	8
8	9	4	1	6	3	7	5	2
6	2	7	5	9	8	3	4	1
9	8	3	7	1	4	6	2	5
1	4	5	3	2	6	9	8	7
7	5	9	8	4	1	2	3	6
3	6	8	2	7	9	5	1	4
4	1	2	6	3	5	8	7	9

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



STUÐ MILLI STRÍÐA Dallaslíf og lím

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER BÚIN AÐ HORFA ALLT OF MIKIÐ Á DALLAS



Líf mitt tók smá u-beygju í síðustu viku þegar vinnufélagi minn lánaði mér Dallas-safnið á DVD. Um er að ræða fyrstu og aðra seríu en fyrsti þátturinn byrjar á því þegar Bobby kemur með Pamelu heim eftir að hafa kvænst henni í óþökk fjölskyldunnar.

Ég skil vel að heimurinn hafi staðið á öndinni þegar Dallasþættirnir voru frumsýndir á sínum tíma. Þeir eldast furðulega vel ef hegðun JR er mínusúð frá ásamt klæðaburði hans í annarri seríu. Þess má geta að hann sést alltof oft í jökkum með safarisniði með

litríka „perraklúta“ um hálsinn. Vona að þú tíska komi aldrei aftur ef þetta var þá einhvern tímann málið. Þar sem ég er fædd töluvert eftir Vestmannaeyjagöng náði ég bara í skottið á Dallasþáttunum, eða um það bil þegar allt var um koll að keyra eins þegar Bobby lifnaði við og söguþráðurinn var orðinn í súrari kantinum. Í fyrstu og annarri seríu er hins vegar allt annað upp á teningnum. Sue Ellen er ennþá sæt þótt örlítið sé farið að bera á alkóhólismanum sem yfirtók líf hennar síðar, Lucy skemmtilega hnittin og þættirnir hefðu náttúrulega ekki verið neitt án hinnar fögru Pamelu. Það eru þó nokkrir hlutir sem fara í taugarnar á mér, allavega ef horft er á fleiri en fimm þætti í

einu, og það er JR og öll hans brögð. Kynjamisréttið er líka algerlega óþolandi. Ríku kúrekarnir sem náðu sér í „skrautkærustur“, buðu þeim að búa í einu herbergi á æskuheimili þeirra og gerðu þær „hamingjusamar“ með því að leyfa þeim að svamla í sundlauginni allan daginn auk þess að dæla í þær peningum sem þær sáu aldrei eyða. Lúxusinn er allavega í allt öðrum flokki en hann er í dag. Ástarsamböndin í Dallas eru sérstök enda sanna þau kenningu mína að það sé oft miklu meira lím í vondum samböndum en góðum. Í þáttunum hefur ekki dugað neitt annað en tonnatak. Það góða við Dallasþættina er þó að það má læra ýmislegt af þeim: Hvernig ekki á að haga sér. ■

myndasögur

Pondus



Gelgjan



Pú og pa



Kjölturakkar



Barnalán



Námskrá skólans komin út



– Fáðu hana senda heim eða líttu við

Næstu námskeið að hefjast:

Tölvu og bókhaldsnám

Þrautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu. **Helstu kennslugreinar:**

Tölvugreinar.

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og myndvinnsla
- Internetið og Outlook tölvupóstur og dagbók

Viðskiptagreinar

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skil
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 23. maí.

Morgunnámskeið:

Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið:

Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

Verð kr. 136.000,- Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

Bókhald I

Hagnýtt 110 stunda grunnnám í hand- og tölvufærðu bókhaldi Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 30. mars Verð kr. 86.000,-

Tollskýrslugerð

Ítarlegt 18 stunda námskeið í meðferð allra innflutningsskjala og um allar helstu reglur er varða innflutning. Næsta kvöldnámskeið hefst 21. febrúar. Verð: 24.000,-

ÝMIS NÁMSKEIÐ

TÖK tölvunám

Þetta 100 stunda námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Kennslugreinar:

Grunnatriði upplýsingatækninnar og Windows tölvugrunnur, Word, Excel, Internet og tölvupóstur og Power Point. Einnig verða teknar fyrir stafrænar myndavélar og myndvinnsla.

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 28. mars.

Morgunnámskeið: Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

Verð kr. 65.000,- Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

Vefsíðugerð - framhald

Stutt og hagnýtt 31 stunda framhaldsnámskeið í Dreamweaver, HTML, CSS, og Javascript.

Verð: 39.000,- Næsta kvöldnámskeið hefst 1. mars

ASP.NET vefforritun

Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á gagnagrunnum og í forritun bjóðum við 31 stunda námskeið í þessu vinsæla þróunarumhverfi.

Verð: 44.000,- Næsta kvöldnámskeið hefst 27. febrúar.

Öryggi og vírusvarnir

Stutt og sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja tryggja öryggi tölvunnar og hreinsa hana af óværum. Engrar sérfræðikunnáttu er krafist til að geta tekið þátt í námskeiðinu en gert er ráð fyrir að þátttakendur séu tölvuvarir. Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu skólans.

Verð kr. 12.000,-



Anna María Clausen
Skrifstofustjóri hjá Gólflognum

„Ég hafði sáralitla tölvu-, bókhalds- og skrifstofufærni og hafði því litla möguleika á að starfa við það sem ég hafði áhuga fyrir. Ég fór í skólann til að auka möguleika mína á vinnumarkaðinum og komast í gott starf þar sem ég væri að vinna við það sem ég hefði áhuga á. Tölvu- og bókhaldsnámið nýttist mér strax, jók sjálfstraustið og opnaði fyrir mig nýjar dyr. Námið stóð fyllilega undir mínum væntingum og hefur þessi fjárfesting margbargað sig.“



TÖLVUSKÓLINN

ÞEKKing

Skráning á vorönn hafin
í síma 544 2210, á vef skólans;
www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

!

Kl. 12.00
Sigurbjörg Árnadóttir fjallar um ferðapjónustu í erindi sínu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð. Meðal annars segir hún frá því hvernig Finnum hefur tekist að stöðva flóttu úr strjálbýli Lapplands með því að byggja upp hágæðaferðapjónustu.

menning

menning@frettabladid.is

Hjónanámsskeiðin á bók

Næsta haust kemur út bók sem byggð er á hinum svinsælu hjónanámsskeiðum sem séra Þórhallur Heimisson hefur haldið reglulega í Hafnarfjarðarkirkju í áratug.

Það er JPV útgáfa sem hefur samið við Þórhall um að skrifa bók um hjónaband og sambúð, þar sem námskeiðin vinsælu verða lögð til grundvallar.

Á námskeiðunum hefur hann fjallað um sambúðina og hjónabandið, hvernig hægt er að styrkja það og gera gott betra og hvaða leiðir er hægt að fara til að viðhalda ástinni og gleðinni í sambandinu. Einnig er fjallað um fjármál fjölskyldunnar, framhjáhald, börnin, kynlífið og margt fleira.

Vinnuheiti bókarinnar er 10 leiðir til að viðhalda ástinni og hamingjunni í hjónabandi. Í hverjum kafla



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

kirkju. Á þessu vori munu um 3700 pör hafa tekið þátt í þeim.

er tekin fyrir ein leið til að styrkja og efla einstaklinginn, fjölskylduna og sambúðina. Köflum fylgja verkefni og sögur frá námskeiðunum sem pör geta notað til að vinna áfram að því að styrkja hjónaband sitt og sambúð, til að að viðhalda ástinni og hamingjunni í hjónabandi.

Vegna mikillar aðsóknar hefur reynst erfitt að koma öllum að sem vilja sækja námskeiðin.

JPV útgáfa og séra Þórhallur Heimisson hafa gengið frá útgáfusamningi um bók byggða á hjónabandsnámskeiðum sr. Þórhalls. Námskeiðin hafa verið haldin um allt land og í Noregi, en þau fara reglulega fram í Hafnarfjarðar-

> Ekki missa af ...

... óperunni **Öskubuska** eftir Rossini sem sýnd er í Íslensku óperunni með **Sesselju Kristjánsdóttur** í hlutverki Öskubusku og **Garðari Thor Cortes** í hlutverki prinsins.

... **Himnaríki**, hinu óborganlega leikriti **Árna Ibsens** sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

... farsanum **Fullkomnu brúðkaupi** sem Leikfélag Akureyrar sýnir við miklar vinsældir.

... **Túskildingsóperunni** eftir **Bertolt Brecht** og **Kurt Weill** í Þjóðleikhúsinu. Sýningum lýkur í þessum mánuði.

BORGARLEIKHÚSIÐ			
Stóra svið		Nýja svið / Litla svið	
SALKA VALKA		MANNTAFL	
Fi 16/2 kl.20 SÍÐASTA SÝNING!		Mi 22/2 kl.20 AUKASÝNING	
WOYZECK		ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR	
AUKASÝNINGAR		Fi 16/2 kl.20 UPPS. Fö 17/2 kl.20 UPPS.	
Lau 11/2 kl.20	Su 12/2 kl.20	Lau 25/2 kl.20 UPPS.	Su 26/2 kl.20
Fö 17/2 kl.20	Lau 18/2 kl.20		
KALLI Á ÞAKINU		BELGÍSKA KONGÓ	
AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!		Fi 9/2 kl.20 UPPS. Fö 10/2 kl.20 UPPS.	
Lau 11/2 kl.20	Su 19/2 kl.20	Lau 18/2 kl.20	Su 19/2 kl.20
Lau 11/3 kl.20	Su 12/3 kl.20	Fi 23/2 kl.20	Lau 4/3 kl.40
CARMEN		GLÆPUR GEGN DISKÓINU	
Fö 10/2 kl.20	Su 19/2 kl.20	Su 12/2 kl.20	Mi 1/3 kl.20
Lau 25/2 kl.20 UPPS.	Fö 3/3 kl.20		
Lau 11/3 kl.20	Su 12/3 kl.20		
RONJA RÆNINGJADÓTTIR		HUNGUR	
Fö 10/2 kl.13 FORS. Miðav. 1.000- kr		FORSÝNINGAR, Miðav. 1.200- Kr.	
Lau 11/2 kl.14 FORSÝNING UPPSELT	Su 12/2 kl.14 FRUMSÝNING UPPSELT	Pr 14/2 kl.20	Mi 15/2 kl.20
Lau 18/2 kl.14	Su 19/2 kl.14	Fi 16/2 kl.20	Fö 17/2 kl.20
Lau 26/2 kl.14	Lau 4/3 kl.14	Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT	
Su 5/3 kl.14	Lau 11/3 kl.14		
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is			

Uppgötvanir Huldu

„Það er ástríða mín að uppgötva fallega liti með ýmsum tæknilegum aðferðum,“ segir Hulda Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður, sem um þessar mundir sýnir verk sín í Gallerí Fold við Rauðarárstíg.

„Helst vil ég gera þetta eins og vísindamaður,“ segir Hulda og vísar til þess þegar menn áttuðu sig á því að hægt var að nota brennistein til þess að kveikja eldspýtur. „Þá missti hann bara eitthvað í gólfið og það kom kassa og þá kom eldurinn.“

Hulda lauk B.A. gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2000 og hefur verið athafnasöm í list sinni síðan. Þetta er þrettánda einkasýning hennar, en auk þess hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á þessari sýningu sýnir hún eingöngu málverk, enda segist hún vera gjörsamlega heilluð af málverkinu og þeim fjölmörgu möguleikum sem það býður upp á.

„Samt finnst mér ég vera alveg laus við það að mála í einhverjum ákveðnum stíl. Mér finnst svo mik-



HULDA VILHJÁLMSDÓTTIR Sýnir málverk sín í Gallerí Fold.

ilvægt að sýna hvað möguleikar málverksins eru margin.“

Hulda opnaði málverkasýningu sína í Baksalnum í Gallerí Fold á laugardaginn var. Sýningin stendur til 19. febrúar.

„Þetta er mjög stór salur og eiginlega flottasti salur sem ég hef sýnt í.“ ■

HVAD? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

5 6 7 8 9 10 11

Miðvikudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

□ 20.00 Tinna Þorsteinsdóttir **flytur píanóverk eftir** Georg Crumb, Greg Davis, Giacinto Scelsi **og** Hilmar Þórðarson **á tónleikum Myrkra músikdaga í tónlistarhúsinu Ymi við Skógarhlíð.**

□ 21.00 Tónleikar á Gauknum með **Pan, Muskat, og Andrúm** og **Númer Núll.**

■ ■ FYRIRLESTRAR

□ 12.00 **Sigurbjörg Árnadóttir** fjallar um ferðapjónustu í erindi sínu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 10/2 örfá sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 örfá sæti laus, lau. 25/2 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar. Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 12/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**.
Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil. Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 5/3, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 12/3 nokkur sæti laus.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**.
Vegna fjölda áskorana verða tveir fyrirlestrar endurteknir.
Sun. 5/3 kl. 18:00 Kristín Ástgeirsdóttir - Svava og stjórnmálin örfá sæti laus, sun. 12/3 Gerður Kristný Guðjónsdóttir - Svava og skáldskapurinn nokkur sæti laus.

KASSINN

PÉTUR GAUTUR
Frumсыning fim. 23/2 **uppselt**, sun. 26/2 örfá sæti laus, fim. 3/3, fös. 4/3, lau. 5/3.
Miðasala hefst 11. febrúar.

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld mið. 8/2 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhú sveiða í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smárettir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI, AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Gæðleik gamanleikur
eftir Árna Ibsen
Fös. 10. Feb. Örfá sæti laus
Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars

eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 12. Feb
Sun. 19. Feb
Síðustu sýningar

Námsmenn og Vörðufélagar fá
miðann á Mind Camp á 1000 kr.
í boði Landsbankans

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar M. Guðmundsson
Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mið.is

Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STRICKS & Martin CHAFFIN
Vegna mikillar eftirspurnar
Lau. 11. feb. kl. 14
Miðasala í síma 551 4788 alla daga frá kl. 13-17 í gættu ROSSINI JÓHANSSON
www.annie.is • www.midi.is

Nína og Gelri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Heigason
18. feb. Nokkur borð laus
25. feb. Nokkur borð laus
4. mars. Laus borð
17. mars. Aukasýning
25. mars. Laus borð
Aðeins þessar sýningar
Gjafewort á Nínu og Gelri
fast í miðasöluinni

BROADWAY
Sími: 5331100 Netfang: miðasala@broadway.is
Ógreiddir miðar selðir háttumánuði fyrir viðbúð.

ÖSKUBUSKA
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - Nokkur sæti laus
3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - 5. sýn. sun. 26. feb. kl. 20
KYNNING FYRIR SÝNINGU (fyrir utan frumsýningu)
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl.10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Reynt á þolrif píanósins

Píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir lítur engan veginn á píanóið sem sjálf-sagðan hlut. Hún heldur vægast sagt óvenjulega píanótónleika á Myrkum músíkdögum í kvöld.

„Við erum að reyna að útvíkka píanóið sem form og sem hljóð-færi,“ segir Tinna Þorsteinsdóttir um tónleika sem hún heldur í tón-listarhúsinu Ými í kvöld, þar sem hún flytur meðal annars þrjú verk eftir bandaríska tónskáldið Greg Davis. Einnig flytur hún verk eftir George Crumb og Giacinto Scelsi, ásamt því að frumflytja verk eftir Hilmar Þórðarson.

Tónleikarnir eru tileinkaðir náttúrunni og píanóinu og einnig er hugsað til listamannsins Dieters Roth, en ekki minna en þrjú píanó þurfa að vera á sviðinu til þess að Tinna geti flutt öll þessi verk.

Hugmyndin að þessum tónleik-um kviknaði hjá þeim Tinnu og Greg Davis fyrir nokkrum árum, en þau kynntust á námsárum sínum í Boston.

„Við erum að gera nýjar teg-undir af undirbúnu píanói,“ en með „undirbúnu píanói“ er átt við að ýmsum aukahlutum er bætt við píanóið til þess að fá úr því öðru-vísi hljóma.

Í einu verkinu notar Tinna til að mynda fjöldann allan af slag-verkshljóðfærum sem þau hafa komið fyrir í píanóinu.

„Það má segja að píanóið breyt-ist í slagverkshljómsveit í þessu verki,“ segir Tinna.

Hún fékk einnig lánaðan flyg-ilinn hans Dieters Roth til þess að nota í sannkallaðan tónlistar-gjörning, sem verður í anda lista-mannsins.



GREG DAVIS, TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR OG HILMAR ÞÓRÐARSON Ekki minna en þrjú píanó og alls kyns aukahluti þarf til þess að gera Tinnu kleift að flytja verkin, sem eru á dagskrá tónleikanna í Ými.

„Hann var mikill tónlistarmað-ur sjálfur og gerði ýmsar tilraun-ir. Þetta er líka mjög tilrauna-kennt verk. Píanóið verður fyllt af alls kyns dóti, en ég þori ekki að lýsa því neitt nánar. En þetta verður frekar lífrænt má segja.“

Síðast á dagskrá tónleikanna er frumflutningur á verki eftir Hilmar Þórðarsson, þar sem tölvutækninni er beitt með afar nýstárlegum hætti í samspili við píanóið.

„Þar er ég að prófa nýja vídeó-

tækni sem gerir mér kleift að stjórna píanóinu með höndunum í lausu lofti. Ég fæ þarna tækifæri til að breyta tónunum sem heyrast frá píanóinu.“

Tinna segir ótrúlega mikið umstang fylgja því að gera hljóð-færin þannig úr garði að hægt verði að flytja þessi verk. En hún lofar því að tónleikarnir verði mikil veisla, ekki síður fyrir augað en eyrað.

Tónleikarnir í Ými hefjast klukkan 20 í kvöld. ■

Eru sveigjanleg starfslok valkostur?

Ráðstefna í Salnum, Kópavogi, fimmtudaginn 9. febrúar kl. 13.15

Setning - Gísli Páll Pálsson formaður Öldrunarráðs Íslands
Erindi:
Tryggvi Þór Herbertsson Hagfræðistofnun H.Í. - Sveigjanleg starfslok

Örn Clausen lögfræðingur - Vil vinna meðan ég get
Berglind Magnúsdóttir öldrunarsálfræðingur - "Líf eftir starfslok" kvíðvænlegt eða eftirsóknavert?
Ólafur Ólafsson formaður LEB - Eldri borgarar mun hressari nú en áður

Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri LL - Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

Gylfi Ingvarsson aðaltrúnaðarmaður Alcan - Sveigjanleg starfslok hjá Alcan og hugsanlegar hindranir
Steinn Logi Björnsson forstjóri Húsasmiðjunnar - Reynsla Húsasmiðjunnar af því að ráða eldra fólk til starfa

Fyrirspurnir úr sal
Samantekt - Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM

Ráðstefnustjóri er Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis.

Ráðstefnulok kl. 16.20
Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis

Öldrunarráð Íslands í samvinnu við ASÍ, BHM, BSRB, LEB, SA og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tvöfaldur pottur 2

90 + 40 I. vinningur



130 milljónir

Bónus-vinningur 3,5 milljónir

ENNEM / SA / NM2015

Taktu miða – röðin gæti verið komið að þér

Nú er potturinn tvöfaldur og stefnir í 90 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 40 milljónir og bónusvinningurinn í 3,5 milljónir.

Vertu með fyrir kl. 17.

V Í K I N G A LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Má spara þér sporin?



Ný þjónusta við flokkun og endurvinnslu!

Nú geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengið sérmerкта endurvinnslutunnu hjá Gámaþjónustunni hf. sem m.a. tekur við öllum pappír heimilisins, dagblöðum, tímaritum, umslögum, skrifstofupappír og pappa, fernum, plast-umbúðum og málumum.

Einfalt í framkvæmd:

Allur pappír og bylgjupappi má fara beint í tunnuna en fernur, málmar og plast fari í aðskilda poka í sömu tunnu.

Mánaðargjald fyrir hverja tunnu er 990 kr. og tæmt verður á fjögurra vikna fresti.

Endurvinnslutunnuna er hægt að panta í síma 535 2510, á netfanginu gamar@gamar.is og einnig á heimasíðu Gámaþjónustunnar hf. www.gamar.is Komið verður með tunnur heim til viðtakenda.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



TILBÚIN Í SLAGINN Dagný Ósk Aradóttir, Harald Björnsson og Arndís Anna Gunnarsdóttir munu berjast í stúdentakosningunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Hart barist í Háskóla Íslands

Í Háskóla Íslands fara fram kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 8. og 9. febrúar næstkomandi. Þrír listar eru í framboði: Háskólistinn, Röskva og Vaka. Vaka er félag lýðræðis-sinnaðra stúdenta og er það elst af þessum 3 félögum, stofnað árið 1935. Röskva, sem er samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, var stofnað árið 1988. Háskólistinn, framboð á eigin forsendum, var stofnað árið 2003. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands, sem er málsvári háskólastúdent, sitja 20 manns og á síðasta tímabili höfðu Röskva og Vaka 9 manns hvort í ráðinu en Háskólistinn 2.

Arndís Anna Gunnarsdóttir, lögfræðinemi, er formannsefni Háskólistans til Stúdentaráðs í ár. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún kemur nálægt kosningum en hún var í 1. sæti listans árið 2005. Einnig hefur hún setið í framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna. Arndís segir helstu málefni Háskólistans vera það að virkja Stúdentaráð og auka trúverðugleika og sýnileika þess út á við. Hún nefnir einnig að hækka þurfi grunnfærslu námslánanna. Að mati Arndísar þarf að bæta aðstöðuna í skólanum

og gera hann samkeppnishæfan sem vinnustað en segir að þetta sé ekki hægt að laga nema með meira fjármagni: „Númer eitt, tvö og þrjú þarf meiri peninga. Háskólinn er að standa sig fáránlega vel miðað við þann fjárhag sem hann hefur. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um skólagjöld eru sprotnar af því að háskólinn hefur verið sveltur og neyddur út í slíkt.“

Dagný Ósk Aradóttir er á öðru ári í lögfræði og skipar 1. sæti framboðslista Röskvu til Stúdentaráðs árið 2006. Hún hefur ekki verið áður í framboði en hefur verið í stjórn Röskvu í eitt og hálft ár. Dagný hefur mikinn áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta en að hennar mati er staða Háskólans ekki eins góð og hún ætti að vera og því af mörgu að taka. „Ég tel að mikið af góðu fólki sé í Röskvu sem er tilbúið að vinna vel að hagsmunum nemenda, og er ég ein af þeim.“ Dagný segir að Röskva vilji jafnrétti fyrir alla til náms og gera Stúdentaráð að því þrýstiafli sem það á að vera og þrýsta á stjórnvöld til að Háskólinn fái meira fjármagn. Samkeppnismál eru Dagnýju ofarlega í huga og vill hún að samkeppnisstaða skól-

anna sé skoðuð. Hún vill einnig sjá aukinn kraft í Stúdentaráði því þá verði auðveldara að beita sér fyrir því sem betur þarf að fara. Dagný hvetur stúdenta til að kynna sér málefnið og nýta sér kosningaréttinn.

Harald Björnsson, á öðru ári í viðskiptafræði, skipar 1. sæti framboðslista Vöku til Stúdentaráðs í ár. Þetta er í fyrsta sinn sem Harald tekur þátt í hagsmunabaráttu stúdenta. Hann langar til að bæta Háskólanum og segir að ef það tekst vel eykst verðmæti menntunar Háskólans: „Eftir 10-20 ár væri mjög gott að geta sagst vera úr Háskóla Íslands og það væri einhvers virði. Orðspor skólans skiptir þar miklu máli.“ Harald segir að einnig þurfi að beita sér fyrir málum sem efst eru á baugi í dag, eins og að bæta námslánin og aðstöðu Háskólans. Einnig eigi að bjóða upp á endurtektarpróf í janúar og júní og birta próftöflurnar í byrjun annar. Að sögn Haralds eru einkunnarorð Vöku framkvæmd og vill flokkurinn framkvæma hlutina en ekki einungis benda á vandamálin og bíða eftir því að Háskólinn leysi þau. Harald hvetur stúdenta til að nýta kosningarétt sinn.

-hbf

TOPSHOP IDOL

Í KVÖLD milli kl. 21 og 22 á konukvöldi Smáralindar og Létt verður leitað að **IDOL STJÖRNU TOPSHOP**. Dómari: **SIGGA BEINTEINS**. Verðlaun: **20.000** úttekt í TOPSHOP. **HILDUR HAFSTEIN** Idol stilisti verður á staðnum. **LÉTTAR VEITINGAR**. Allir velkomnir. Starfsmenn Topshop

TOPSHOP

SMÁRALIND | 522 8383



LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega farið með nöfn Örvars Halldórssonar og dóttur hans, Júlíu Örvarsdóttur. Eru þau beðin velvirðingar á því.

HERMDU EFTIR HÁRINU SVONA VERÐUR HÁRIÐ EINS OG Á SILVÍU NÓTT

Best að túbera og spreypja nógu mikið

„Ef fólk vill greiða sér eins og hún er málið að túbera nógu mikið og spreypja nógu mikið. Hvað litunina varðar er að hafa það bara nógu flippað,“ segir Sigurbjörg Sandra hjá Toni & Guy um hárið á Silvíu Nótt. Hún segir að venjulega tekur



SIGURBJÖRG SANDRA Best er að túbera nógu mikið og spreypja nógu mikið ef þú vilt greiða þér eins og Silvía Nótt.

það um það bil 15 mínútur upp í hálf tíma að greiða sér eins og Silvía. Það fari þó allt eftir því hvort hún sé með blautt hárið þegar hún byrjar að greiða sér eða ekki. „Ef hún er að fara til dæmis á Edduna eða Eurovision þá tekur það lengri tíma. Þá þarf þetta að vera svolítið truflað og meira skraut í hárinu,“ segir Sigurbjörg og tekur fram að nauðsynlegt sé að fólk sé fallett eins og Silvía Nótt ef það ætlar að greiða sér eins og hún. ■

SILVÍA NÓTT Sjónvarps- og söngkonan vinsæla er með afar óvenjulega hárgreiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



FRÉTTIR AF FÓLKI

Parazzi-ljósmyndari sem var ákærður fyrir að hafa lagt börn leikkonunnar Reese Witherspoon í hættu fannst látinn í íbúð sinni í Kaliforníu. Whitespace lagði fram ákærana eftir að ljósmyndarinn ætlaði að taka mynd af sér og börnum sínum og nokkrum öðrum börnum í Disney-landi á síðasta ári. Þegar þau vildu ekki láta mynda sig ýtti hann einu barninu og lamdi annað með myndavélinni til að reyna að ná myndum af Witherspoon.



Kristnir bókstafstrúarmenn í Bandaríkjunum eru ósáttir við væntanlegan Will & Grace-þátt þar sem Britney Spears fer með gestahlutverk. Í þættinum leikur Spears sjónvarpskonu sem starfar við þátt sem kallast „crucifixin’s“. Telur bókstafstrúarfólkið að í þættinum sé gert grín að krossfestingu Krists auk þess sem þátturinn sé sýndur á afar óheppilegum tíma – föstudeginum langa.



Talið er að leikarinn Jake Gyllenhaal, sem síðast sást í Brokeback Mountain, muni fara með hlutverk lögfræðingsins Harvey Dent og um leið Two-Face í næstu Batman-mynd, rétt eins og Tommy Lee Jones gerði í þriðju myndinni í seríunni. Einnig er talað um að Paul Bettany taki við hlutverki Jacks

Nicholson sem Jókerinn. Batman sjálfur, Christian Bale, mun að öllum líkindum taka við fyrra hlutverki, ásamt Michael Caine sem leikur þjóninn Alfred.

